



Á FERÐ OG FLUGI
með ferðatösku frá FAXE

FAXE
EINN LÉTTUR, ÍSKALDUR TRAUSTUR FERDAFÉLAGI

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

7. júlí 2006 – 180. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Valdi vitlaust lag
Magni Ásgeirsson þótti standa sig vel í fyrsta þætti Rockstar: Supernova en valdi líklegast vitlaust lag.

FÓLK 42

Fylgistap Samfylkingarinnar
„Stjórn málaframi Ingibjargar Sólrúnar náði hámarki vorið 2002, eftir að hún hafði unnið þrennar borgarstjórnarkosningar,“ skrifar Hannes Hólmsteinn Gissurarson. „Samfylkingarmenn sáu þá í henni nýjan Davíð, þótt aðrir teldu ólíku saman að jafna. Eftir það hefur allt legið niður á við.“

Í DAG 28

Írskt sjónvarpsfólk á Íslandi
Clodagh Freeman stjórnar írskum raunveruleikaþætti þar sem feitt fólk reynir að grennast á Íslandi.

FÓLK 54


Jón Arnór í spænsku deildina
Körfuboltamaðurinn Jón Arnór Stefánsson hefur samið við spænska úrvalsdeildarliðið El Pamesa Valencia til næstu þriggja ára. Spænska deildin er sú sterkasta í Evrópu og hefur Jón Arnór hug á að koma sér þar vel fyrir.

ÍÞRÓTTIR 46

VEÐRIÐ Í DAG

PURRT SUÐVESTAN TIL Í dag verður fremur stíf norðlæg átt vestan til, annars hæg breytileg átt. Bjart með köflum sunnan- og suðvestan til en rigning eða skúrir á Norður- og Austurlandi. Hiti 8-15 stig, hlýjast syðra.

VEÐUR 4



Heimilin á hengibrún í fjármálum

Seðlabankinn hækkaði stýrivexti sína um 0,75 prósentustig í gær. Vísbendingar eru um að fólk sé farið að lenda í greiðsluvandræðum með lánin sín.

EFNAHAGSMÁL Seðlabanki Íslands brást við versnandi verðbólguhorfum með hækkun stýrivaxta um 0,75 prósentustig í gærmorgun. Davíð Oddsson, formaður banka- og fjármálaáskjalanna, fór yfir forsendur hækkunarinnar á blaðamannafundi.

Stefán Úlfarsson, hagfræðingur ASÍ segir hækkunina geta haft mikil áhrif á þá sem hafa lagt á tæpasta vað í fjármálum sínum og tekið dýr lán. Gjá geti myndast milli útgjalda og tekna ef afborganir hækka en tekjurnar aukist ekki að sama skapi.

Hann veltir upp þeirri spurningu hvernig bankarnir bregðist við ef almenningur lendir í greiðsluerfiðleikum með húsnæðislánin. „Þetta er ný staða þar sem bankarnir eru með stóra hlutdeild á húsnæðislánmarkaðnum. Kannski

hafa þeir freistast til þess að lána of stórar upphæðir til að auka sína markaðshlutdeild og því geta sum lánin verið á veikum grunni,“ segir hann.

Jóhann Birgisson, staðgengill útibússtjóra hjá Landsbankanum, segir fólk „komið framarlega á hengibrúnina í fjármálum. Vísbendingar um að fólk sé að lenda í vandræðum eru að koma í ljós. Háar fjárhæðir liggja undir hjá heimilum, húsnæðislánin hafa verið hátt í hundrað prósent og svo sér maður ekkert nema tengivagna á vegunum,“ segir hann.

Landsbankinn rekur fyrirbyggjandi útlánastefnu, að sögn Jóhanns, og reynir að fá fólk til að draga úr lántöku. Hjálpa þurfi fólkni er harðni á dalnum. Dyr skammtímalán geri það ekki.

„Við reynum kannski að lengja í

lánnum eða gefa fólk möguleika á að greiða bara vexti í ákveðinn tíma til að létta undir.“

Skoðun formanna stjórnarandstöðuflokkanna á hækkuninni er almennt sú að hagstjórnarstefna, og þá ekki síst skattastefna ríkisstjórnarinnar, vegi hvað þyngst í því ástandi sem nú er uppi. Vaxtahækkunin sé á þann veg að Seðlabankinn vilji undirstrika hversu alvarlegum augum hann lítur stöðu efnahagsmála.

Ásta S. Helgadóttir, forstöðumaður Ráðgjafastofu um fjármál heimilanna, segir sífellt fleiri leita til þeirra vegna greiðsluerfiðleika. Stofan verði lokuð í fjórar vikur en margir hafi bókað tíma í lok ágúst.

Viðskiptabankarnir hækkuðu vexti óverðtryggðra inn- og útlána í takt við vaxtahækkun Seðlabankans.

- sjá síðu 8 og 21 ghs/sps



LÍFRÆNA DEILDIN Myndin er tekin í verslun í Bandaríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bændur anna ekki eftirspurn

WASHINGTON, AP Bændur í Bandaríkjunum anna engan veginn sívaxandi eftirspurn eftir lífrænni fæðu, sem er framleidd án þess að notast sé við aukafni eða líftækni af neinu tagi.

Lífræn fæða nemur reyndar ekki nema tveimur og hálfu prósent af allri matvælaframleiðslu Bandaríkjanna, en hlutfallið vex um 15 til 20 prósent á hverju ári.

Býlum, sem framleiða lífræn matvæli í Bandaríkjunum, fer líka fjölgandi, en ekki nógu hratt til að anna eftirspurninni.

Afleiðingin er sú að innflutningur á lífrænni fæðu til Bandaríkjanna vex hröðum skrefum. - gp



KRAKKAR AF LEIKSKÓLANUM RAUÐABORG AÐ LEIK Í NAUTHÓLSVÍK Vel mun viðra til útiveru hvers konar á höfuðborgarsvæðinu um helgina, þótt þessir kappar veltu ekki veðrinu mikið fyrir sér í gær. Í borginni verður léttskýjað og svalt. Besta veðrið um helgina verður á Suður- og Vesturlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

George Bush eldri hefur verið við veiði í Selá í Vopnafirði undanfarna daga: Fékk fjóra laxa fyrsta daginn

HEIMSÓKN George Bush, fyrrum Bandaríkjaforseti og faðir núverandi forseta, hefur eytt síðustu dögum í að renna fyrir lax í Selá í Vopnafirði. Fyrsta daginn tókst honum að landa hvorki meira né minna en fjórum lögum.

Bush kom til landsins á þjóðhátíðardegi Bandaríkjanna á þriðjudag í boði Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands. Þar snæddi hann kvöldverð með forsetahjónunum.

Einkabota forsetans fyrrverandi bar hann ásamt miklu fylgdarliði til Egilsstaða á þriðjudagskvöld



Á LEIÐ Í SKÓNA Forsetinn fyrrverandi skorti ekki veiðiútbúnaðinn og sést hér gera sig tilbúinn til að fara í vöðluskóna. - sh

og þaðan ók hann í fylgd lögregluhersingar til Vopnafjarðar. Ljósadýrðin á toppum lögreglubífeirðanna á leið að flugvælinum var slík að ekki fór fram hjá neinum sem á horfðu að þar fór þekktur maður.

Að loknum miðvikudeginum hafði Bush tekist að landa fjórum lögum úr Selánni en heildarmagn aflans er þó á huldu. Þetta er í annað sinn sem Bush heimsækir landið en hann kom hingað árið 1983 sem varaforseti, þá í mikilli óþökk núverandi gestgjafa, Ólafs Ragnars Grímssonar, og veiddi í Þverá í Borgarfirði. - sh

Ferðaveðrið um helgina: Best á Suður- og Vesturlandi

VEÐUR Samkvæmt Sigrúnu Karlsdóttur, veðurfræðingi á Veðurstofu Íslands, verður besta veðrið nú um helgina á Suður- og Vesturlandi. Þar verður léttskýjað, átta til tólf stiga hiti og vindhraði um þrjú til átta metrar á sekúndu.

Á Norður- og Austurlandi verður þungbúið, að sögn Sigrúnar, og búast má við vætu annaðhvort í formi skúraleiðinga eða rigningar. Þar verður svipað uppi á teningnum hvað vind og hitastig varðar, strekkingsvindur og svalt í veðri.

Af sólinni er það að segja að á höfuðborgarsvæðinu það sem af er júlímánuði, skein sú gula lengst síðastliðinn mánudag eða í sjö klukkustundir og 25 mínútur.

Gott veður var í gær og mátti sjá marga spóka sig í góða veðrinu í miðborg Reykjavíkur. Búast má við straumi fólks út úr bænum um helgina. - æpe

Eldsvoði á Akranesi: Húsið brann til kaldra kola

LÖGREGLUFRÉTT Eldur kom upp í áhaldahúsi á Akranesi um fjögurleitið í gær. Allt tiltækt slökkvilið var sent á vettvang en mikill eldur logaði í húsinu. Tók tæpa klukkustund að ná tökum á eldnum og voru farnar að myndast sprungur í nærliggjandi húsum þegar loks náðist að ráða niðurlögum eldsins. Engin slys urðu á fólkni, en húsið er gjörnýtt.

Eldsupptök eru ókunnug og biður lögreglan á Akranesi alla þá sem urðu varir við mannaferðir á svæðinu rétt fyrir fjögurleitið í gær að hafa samband. - sps



SPURNING DAGSINS

Þorsteinn, fá fellihýsinn falleinkunn?

„Nei, ekki nema þegar menn svindla á reglunum.“

Töluvert magn fellihýsa sem seld eru hérlandis er með ólöglegum gashitabúnaði. Þorsteinn Garðarson, framkvæmdastjóri Felli- og hjólhýsa, er einn þeirra sem bent hafa á þetta vandamál.

Humarvertíðin hefur gengið mjög vel í vor og sumar:

Betri humar og auðveiddari

SJÁVARÚTVEGUR Nú líður senn að lokum humarvertíðar og samkvæmt upplýsingum frá Fiskistofu eru eftir um sextán prósent humarkvótans. Kvótinn var í ár um 1800 tonn af óslitnum humri eða 560 tonn af hólum. Humarkvóti næsta fiskveiði-árs er sá sami og á því sem er að enda.

Þorsteinn Þrastarson, skipstjóri á Gulltoppi ÁR-321, sem útgerðin Hrafninn á Selfossi gerir út, segir vertíðina hafa gengið mjög vel í ár. „Við náðum okkar kvóta á tveimur mánuðum og vorum hættrir í enda-an júní eða alveg hálfum mánuði fyrr en á síðustu vertíð. Humarinn var betri en í fyrra, hann var jafnari

og minna af smáum humri og meira af góðum millihumri en í fyrra.“ Þorsteinn segir að þeir á Gulltoppi stundi sínar veiðar á svipaðri veiðislóð á hverju ári og telur að vel mætti auka veiðarnar miðað við hvað mikið er af humri og hann auðtekinn.

Gunnar Ásgeirsson, útgerðarstjóri hjá Skinney-Þinganesi á Höfn í Hornafirði, tekur undir orð Þorsteins. „Það var fín veiði út júní-mánuð en minna í júlí eins og venjulega.“ Skinney-Þinganes gerir út fjóra báta á humar og skipstjórar þeirra eru að sögn Gunnars þeirrar skoðunar að humarstofninn sé í góðu ásigkomulagi.

- shá



GÓÐ VERTÍÐ Sjómenn eru almennt ánægðir með vertíðina sem er að ljúka. Þessir úr áhöfn Bjarna Gíslasonar SF virðast alltént sáttir. FRÉTTABLAÐIÐ/JÚLÍA

Áhrif vaxtahækkunar:

Hlutabréf og króna lækka

VIDSKIPTI Hlutabréf lækkuðu almennt í verði í Kauphöll Íslands í gær eftir að Seðlabankinn hækkaði stýrivexti um 0,75 prósentustig. Glitnir og KB banki lækkuðu um eitt prósent og FL Group um 1,7 prósent. Af stóru félögumum lækkaði Bakkavör mest eða um 2,2 prósent. Landsbankinn og Straumur-Burðarás hækkuðu hins vegar um hálf prósent hvort um sig.

Úrvalsvísitalan lækkaði um 0,6 prósent og endaði í 5.401 stigi. Velta með hlutabréf nam þremur milljórum króna.

Gengisvísitala krónunnar lækkaði um 0,6 prósent og stóð í 132,6 stigum í lok dags.

- eþa

Umferðarslys helgarinnar:

Önnur stúlkan af gjörgæslu

BÍLSLYSI Önnur stúlkanna sem lenti í bílslysinu við Varmahlíð í Skagafirði um síðastliðna helgi, verður útskrifuð frá gjörgæsludeildinni í dag.

Ástand hinnar stúlkunnar er óbreytt að sögn vakthafandi læknis, hún er enn sofandi í öndunarfél.

Ástand unga mannsins sem missti stjórn á bifhjóli sínu á Kirkjubraut á Akranesi á mánuðaginn er óbreytt. Hann er enn í öndunarfél á gjörgæsludeild. - eþe



Í ÞJÓNUSTU HENNAR HÁTIGNAR Þessi hundur aðstoðar þresku lögregluna við að þefa uppi sprengjur.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ár liðið frá árásum í London:

Ársgamlar hót-anir sýndar

HRYÐJUVERK Í gær sýndi arabíska sjónvarpsstöðin Al Jazeera myndband þar sem einn sjálfsmorðs-árásamannanna fjögurra, sem sprengdu sprengjur í London á síðasta ári, sést benda á myndavélina og segja að árásirnar væru rétt að byrja.

Í dag er liðið eitt ár frá því að árásirnar á samgöngukerfi London urðu 52 manns að bana og særðu hundruð annarra.

Sjónvarpsstöðin lét ekki uppi hvar hún hefði komist yfir myndbandið, en sagðist aðeins hafa sýnt lítinn hluta af því.

- gb

Hunsar vinnuhóp og meirihluta íbúa

Skólanefnd Árborgar vill byggja upp Barnaskólann á Stokkseyri og Eyrarbakka í báðum bæjum þrátt fyrir að vinnuhópur á vegum bæjarins vilji einn skóla miðsvæðis. Nefndin hyggst einnig hunsa vilja helmings íbúanna um kosningu.

SKIPULAGSMÁL Íbúar á Eyrarbakka og Stokkseyri eru ósáttir við samþykkt skólanefndar Árborgar um framtíðarskipan húsnæðismála Barnaskólans á staðnum. Þeir segja nefndina hunsa álit vinnuhóps sem bæjarráð skipaði og undirskriftalista með nöfnum rúmlega 400 manna, eða rúmlega helmings kosningabærra manna á svæðinu, þar sem kosningar er krafist um málið. Margrét Erlingsdóttir, bæjarfulltrúi Framsóknarflokks og formaður skólanefndarinnar, segir málið flókið.

Samkvæmt skólanefndinni er það vilji íbúa svæðisins að skipulag skólans haldist óbreytt, það er að skólinn verði bæði starfræktur á Eyrarbakka og Stokkseyri. Sigurjón Birgisson

á son í skólanum og er talsmaður hópsins sem stóð að undirskriftasöfnuninni. „Það að halda því fram að þetta sé vilji íbúanna er einfaldlega rangt. Þeir vitna í íbúþing sem var haldið árið 2003 en þá var hugmyndin um einn skóla miðsvæðis ekki komin upp. Það eina sem kom fram þar var vilji til að bæta aðstöðuna. Svo bera þeir fyrir sig viðhorfskonn-

un sem var gerð meðal 48 manna á íbúafundi í apríl sem var auglýstur með eins dags fyrirvara.“ Margrét segir fundinn hins vegar hafa verið töluvert fjölmennan.



SKÓLAHÚSIÐ Á EYRARBAKKA Hinn helmingur skólastarfsins fer fram á Stokkseyri en svo virðist sem rúmur helmingur íbúa bæjanna vilji að skólinn færist á einn og sama staðinn mitt á milli byggðarlaganna.

Nefndin skipaði 22 manna vinnuhóp sem ályktaði með 14 atkvæðum með því að reisa einn skóla miðsvæðis. Fjóririldu skóla á báðum stöðum. Í ályktun skólanefndar segir hins vegar að nefndin hafi efasemdir um niðurstöðu vinnuhópsins. „Það er niðurstaða skólanefndar að rétta leiðin sé að byggja upp skóla í báðum bæjum, til að halda við byggð. Annars væri skóli á hvorugum staðnum, heldur á milli þeirra, og það vilja fáir búa í skólalásum bæ,“ segir Margrét.

Sigurjón og félagar hafa einnig safnað á undirskriftalista nöfnum rúmlega helmings kosningabærra manna á svæðinu þar sem krafist

er kosningar en Sigurjón segir hann hunsaðan. Margrét segir ekki víst að heilladrjúgt væri að kjósa um málið. „Árborg er 7.000 manna bæjarfélag og þeir þyrftu allir að fá að kjósa um milljarða framkvæmd sem þessa. Það viljum við ekki því þá gæti farið svo að skólinn yrði fluttur á Selfoss.“

Sigurjón segir einnig núverandi skipulag sorglegt. „Skólinn er rekin í nju einingum og krakkarnir eru í rútu allan daginn á milli staða til að geta sótt tíma. Bæði skólahúsin eru þar að auki rekin á undanþágum.“ Margrét segir hugmyndina að byggja upp fullnægjandi húsnæði á báðum stöðum sem muni fækka rútuferðunum. Hún segir skólahúsin gömul og að þau uppfylli ekki viðmið um fjölda nemenda á stofu en segir að það verði lagað með uppbyggingunni.

stigur@frettabladid.is

Mjúkar, harðar, þrýstnar... og dásamlega rúmgóðar!

HÓDI

SKRIFSTOFUVÖRUR

Borgartúni 29 • Sími 515 5170 • Opíð virka daga kl. 8 - 18 • laugardaga kl. 11 - 16
Höfðabakka 3 • Sími 515 5105 • Opíð virka daga kl. 8 - 18 • Pantanasími 515 5100

Danskur dómstóll um meintar misþyrmingar á föngum í Írak:

Danskir hermenn sýknaðir

DANMÖRK, AP Danskur herforingir og fjórir herlögglumenn voru sýknaðir fyrir hæstarétti Danmerkur af ákærum um að hafa misþyrmt íröskum föngum við yfirheyrslur í Írak í mars 2004. Léttirinn leyndi sér ekki í gær dag og skein fögnuður úr andlit danskra kapteinsins Annemette Hommel þegar úrskurðurinn var lesinn upp.

„Það er gríðarstór og dásamlegur léttir að ég skuli vera laus allra mála í dag,“ sagði kapteinn Hommel. „Þetta hefur verið erfið mál, ég hef verið undir mikilli pressu.“

Héraðsdómur Kaupmannahafnar fann hermennina seka í janúar um að hafa brotið gegn mannréttindasáttmálum með yfirheyrsluáferðum sínum, en þeir voru sakaðir um að hafa

neytt fanga til að krjúpa í óþægilegum stellingum meðan á yfirheyrslum stóð. Málið var að hluta til byggt á ásökunum túlka sem ráðnir voru til að auðvelda yfirheyrslurnar.

Héraðsdómurinn neitaði þó að kveða upp dóm í málinu, sagði hermennina hafa sér ýmislegt til málsbóta og að þeir hefðu ekki fengið skýrar leiðbeiningar frá danska hernum.

Hin ákærðu neituðu öll sök, en þetta var í fyrsta sinn sem danskir hermenn eru sakaðir um að brjóta gegn Genfarsamningnum um meðferð almennra borgara á stríðstímum.

Peter Otken, saksóknari hersins, vildi ekkert tjá sig um dóm Hæstaréttar í gær.

Um 530 danskir hermenn eru staðsettir í Suður-Írak.

- smk



FLUGSÝNING Á REYKJAVÍKURFLUGVELLI Samgönguráðherra sagði fjárhagsleg rök fyrir núverandi staðsetningu vallarins.

Reykjavíkurlugvöllur í 60 ár:

Skýr rök fyrir staðsetningu

FLUG Haldið var upp á í gær að sextíu ár eru liðin frá því að bresk hermálayfirvöld afhentu Íslendingum Reykjavíkurlugvöll til umráða. Bygging vallarins hófst strax við hernám Íslands árið 1940 og fóru Bretar með stjórn vallarins til 6. júlí 1946. Þá tók Ólafur Thors forsætisráðherra við flugvöllinum við athöfn.

Í ræðu sinni sagði Sturla Böðvarsson samgönguráðherra meðal annars að það lægju söguleg, menningarleg og fjárhagsleg rök fyrir því að Reykjavíkurlugvöllur þjónaði landsmönnum í hjarta höfuðborgarinnar.

- sþs

Lögreglan í Kópavogi:

Fjögur fíkniefnamál í gær

FÍKNIEFNI Fjögur fíkniefnamál komu upp í umdæmi Kópavogslögreglunnar í fyrrinótt. Lögregla stöðvaði fjórar bifreiðar við hefðbundið eftirlit og fundust fíkniefni við frekari leit.

Um er að ræða fimm einstaklinga í máluum fjórum og fannst smáræði af hassi í þremur tilfellum en lítillræði af amfetamíni í einu þeirra.

Einstaklingarnir fimm voru þrjú karlar og tvær konur á aldrinum þrjátíu til fimmtíu ára. Að yfirheyrslum loknum var fólkinu sleppt og eru málin upplýst að sögn lögreglu.

- eþe



SÝKNUÐ Kapteinn Annemette Hommel yfirgefur réttarsal í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



FORSALAN ER HAFIN



LÉTTÖL

Todmobile + Stuðmenn + Bubbi + Í svörtum fötum
Á móti sól + Dr. Spock + Hoffman + Dans á rósum + Jet Black Joe
Hálft í hvoru + Foreign Monkeys + Brekkusöngur + Brenna+ Flugeldasýning

Forsala miða hefst 7. júlí í Nesti
og á völdum ESSO stöðvum.
Miðaverð í forsölu er 8.500 kr.
Almennt miðaverð er 9.900 kr.
Sjá nánar á www.esso.is + www.dalurinn.is

Landsflug sér um að koma þér á Þjóðhátíð.
Bókun í síma 570 3030 eða á www.landsflug.is



GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 6.7.2006

KAUP SALA

Bandaríkjadalur	75,17	75,53
Sterlingspund	137,99	138,67
Evra	95,72	96,26
Dönsk króna	12,829	12,905
Norsk króna	12,053	12,123
Sænsk króna	10,429	10,491
Japanskt jen	0,6507	0,6545
SDR	111,1	111,8

Gengisvísitala krónunnar
132,2102

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Úttekt á sjúkraflugi í Vestmannaeyjum í gangi:

Flugvélin loks komin til Eyja

SJÚKRAFLUG „Eftir langt og gott samtal við Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið fékk ég að vita að úttektin væri enn í gangi og að henni yrði vonandi lokið í næstu viku,“ segir Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, um úttekt sem ráðuneytið lét gera á sjúkraflugi í Eyjum.

„Vélin kom í gær að áeggjan ráðuneytisins, en hún hafði ekki sést síðan um miðja seinustu viku þrátt fyrir að þessi háskalegi atburður hafi orðið á föstudaginn var. Við sjáum fram á mjög mikla ferðahelgi núna um helgina og viljum geta boðið öllum gestum upp á góða dvöl.“



FLUGVÉL LANDSFLUGS Vestmannaeyjabúar halda upp á goslokahátíð um helgina og segir bæjarstjóri mjög mikilvægt að sjúkraflugvélin sé á staðnum þá.

Flugfélagið Landsflug sér um sjúkraflug í Eyjum samkvæmt samningi, en Elliði segir að óánægja sé með þjónustu þeirra frá því samningurinn tók gildi um áramótin. Of oft hafi það komið fyrir að engin vél ætluð til sjúkraflugs sé staðsett í Eyjum, en samkvæmt samningnum á flugvél að vera til staðar öllum stundum.

Seinasta föstudag þurfti að flytja konu í lífshættu með þyrlu Landhelgisgæslunnar til Reykjavíkur vegna þess að flugvél Landsflugs var ekki á staðnum.

- sps

Fuglavernd á móti eitrunum:

Öðrum dýrum sköpuð hætta

DÝRALÍF Stjórn Fuglaverndar er alfarið á móti því að á ný hafi verið heimilað að nota eitru til að drepa fugla. Áður hafi verið heimilt að nota eitru til að drepa hrafn, svartbak, silfurmáv og sílamáv, og reynslan af þeirri eitrunotkun verið afar slæm. Dauðir fuglar hafi legið eins og hráviði á víðavangi og öðrum dýrum sköpuð hætta vegna eitursins. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Fuglavernd.

Það er krafa Fuglaverndar að notkun eiturs til fugladráps verði ekki heimilud og engar andantekningar til eitrunotkunar leyfðar.

- sps

Utánríkisráðherra Frakklands:

Kjarnorkan er okkar vernd

STRASSBORG, AP Michele Alliot-Marie, varnarmálaráðherra Frakklands, segir umdeilda yfirlýsingu Jacques Chiracs Frakklandsforseta frá í janúar, um að Frakkar gætu brugðist við hryðjuverkum með kjarnorkuárás, hafa verið nauðsynlega til þess að fæla óvini landsins frá því að gera árás á Frakkland.

„Kjarnorkuvernd er okkar vernd, sú vernd sem við kjósum í dag,“ sagði Alliot-Marie þegar hún kom fyrir þingnefnd frá Evrópuþinginu. Hún tók fram að Frakkar myndu láta nágrennaríki sín njóta þess, að þeir hafi yfir kjarnorkuvopnum að ráða.

- gb



NAUTAKJÖT Meira framboð er nú af tollkvóta fyrir nautakjöt, vegna minni framleiðslu hér heima fyrir.

Minna af nautakjöti en áður:

Meira um innflutt nautakjöt

LANDBÚNAÐUR Nautakjötsframleiðsla landsins hefur dregist saman frá því sem var í fyrra, að sögn Ernu Bjarnadóttur hjá Bændasamtöku Íslands. Þessu hefur verið mætt með auknum innflutningi nautakjöts.

„Það sem veldur þessu fyrst og fremst er að verð var lágt á nautakjöti fyrir um það bil tveimur árum,“ segir Erna. „Því drógu bændur úr því að setja nautgripi í kjötframleiðslu. Þeir sem voru með holdakýr hafa margir hætt því.“ Fyrir tveimur árum var offramboð á öðrum kjötvörum, en afleiðingarnar koma ekki fram fyrir en núna, að sögn Ernu, því nautakjötsframleiðsla fer í gegnum langan framleiðsluferil.

- sji



SEGJA SVIK Í TAFLI Sannfærðir stuðningsmenn Obradors krefjast þess að hvert atkvæði verði endurtalið.

NORDICPHOTOS/AFP

Vinstrimenn kæra

Eftir æsisþennandi talningu atkvæða í Mexíkó er víst að hægrimaðurinn Calderón hlaut forsetakosningu. Vinstrimenn draga úrslitin í efa og ætla að fá dómstóla til að skera úr um endurtalningu.

MEXÍKÓ, AP Þegar 99,59 prósent atkvæða höfðu verið talin í gær var útséð um að Felipe Calderón úr PAN-flokki sitjandi forseta hefði hlotið kosningu. Afar mjótt var á muninum. Calderón var með 35,83 prósent atkvæða, en andstæðingur hans, Andrés López Obrador fékk 35,36 prósent. Einingis 200.000 atkvæði skildu á milli þeirra, en 41 milljón manna tók þátt í kjörinu. Obrador er sannfærður um að sitthvað misjafnt sé við talninguna og ætla að kæra hana til Alríkisjórdómstóls Mexíkó og freista þess að fá nákvæma endurtalningu í gegn, en kjörstjórnin hafði hafnað þeirri beiðni.

Formaður flokks Obradors lét hafa eftir sér að flokkurinn mundi aldrei viðurkenna kosningu sem „markaðist af svikum“ og hélt því

til að mynda fram að kjörstjórnin hefði á markvissan hátt klúðrað útgönguspánni á miðvikudaginn. Fylgismenn Obradors gengu grátandi um götur eftir að úrslitin voru kunngjörð og hefur hann stefnt þeim á mótmælafund í miðborg Mexíkó um helgina til að knýja á um endurtalninguna. Haft var eftir honum að „pólítiskur stöðugleiki þjóðarinnar væri í húfi“. Associated Press segir ótta ríkja í Mexíkó um að slík mótmæli gætu orðið ofsafengin.

Talningin hefur verið æsisþennandi og var Obrador til skamms tíma með meirihluta atkvæða. Hann hafði lýst sig sigurvegara kosninganna og fylgjendur hans höfðu haldið sigurhátíð.

Calderón hefur hins vegar sýnt sáttaguh á síðustu dögum og talað

um að baráttunni sé lokið, nú þurfi að græða sárin. Hann bað þá fjölmörgu sem ekki kusu hann að gefa honum tækifæri til að sanna sig. Þegar sem mest gekk á í talningunni gekk hann svo langt að bjóða Obrador, mannum sem í kosningabaráttunni var „ógn við Mexíkó“ í samsteypustjórn.

Felipe Calderón segir kosninguna vera þá lýðræðislegustu og „snýrtilegustu“ í sögu landsins og vísar þar til misgöðrar framrásar lýðræðis í Mexíkó í gegnum tíðina, en þar fór einn flokkur með völd samfleytt í sjötíu ár.

Flestir alþjóðlegir eftirlitsmenn kosninganna eru honum sammála og telja kosninguna hafa farið heildarlega fram. Kæra Obradors mun hins vegar draga endanlega niðurstöðu á langinn.

klemens@frettabladid.is

Utánríkisráðuneytið:

Aukin áhersla á viðskiptamál

STJÓRNÝSULA Það er til marks um breyttar áherslur í utanríkisráðuneytinu að Grétar Már Sigurðsson, skrifstofustjóri á viðskiptaskrifstofu ráðuneytisins, verði ráðuneytisstjóri en ekki sendiherra í Peking eins og áður hafði verið ákveðið.

Að sögn Sigfúsar Inga Sigfússonar, aðstoðarmanns ráðherra, vill Valgerður Sverrisdóttir leggja aukna áherslu á þjónustu við viðskiptalíf og útrás þess og er skipan Grétars Mús líður í því enda gjörkunnugur málaflöknum.

- bps



HITTUST Í GÆR Javier Solana, hægra megin, fagnar því að Ali Larijani er mættur.

Samningamaður Írana:

Segir að þeim sé full alvara

BELGÍA, AP Ali Larijani, aðalsamningamaður Írana í kjarnorkumálum, hitti Javier Solana utanríkisfulltrúa Evrópusambandsins í Brussel í gær.

Larjani fullvissaði Solana um að Írónum væri full alvara með því að halda áfram samningaviðræðum til þess að reyna að finna lausn á deilunni um kjarnorkuáform sín.

Formlegum viðræðum var frestað þangað til á þriðjudag, en Larjani kynnti Solana fyrstu viðbrögð íranskra stjórnvalda á óformlegum kvöldverðarfundi í gær.

- gb

afrit.is


- ✓ Afritun á hvers konar gögnum
- ✓ Einfalt viðmót og uppsetning
- ✓ Hagkvæm þjónusta fyrir alla
- ✓ Ókeypis aðgangur í 30 daga
- ✓ Sjálfsafgreiðsla á Netinu
- ✓ Vottuð fyrsta flokks þjónusta
- ✓ Vöktun allan sólarhringinn
- ✓ Þúsundir ánægðra viðskiptavina
- ✓ Örugg dulkóðun og samskipti

afrit skýrr

Skyrr

VEÐURSPÁ

um hádegi >>




um hádegi >>

Kaupmannahöfn	28°C skúrir	London	20°C skúrir	Mallorca	25°C heiðskirt
Árósar	28°C léttskýjað	Paris	22°C skúrir	Algarve	29°C heiðskirt
Osló	23°C rigning	Frankfurt	26°C ringing	Krít	27°C heiðskirt
Stokkhólmur	34°C heiðskirt	Friedrichshafen	18°C skúrir	New York	27°C léttskýjað
Gautaborg	21°C skúrir	Alicante	30°C heiðskirt	Miami	30°C þrumur


* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

>> á morgun



Norðan 5-10 m/s

>> sunnudagur



5-10 vestan til annars hægur vindur.

Frábær tilboð



Gourmet læri
Villikryddað lambalæri

TILBOÐ
1.312 kr/kg
Merkt verð 1.874,-



Fjórir borgarar
m/ brauði

TILBOÐ
399 kr/pk
Verð áður 525,-



Kjöt & fisktorgið

Svínalundur
úr kjötbörði

TILBOÐ
1.699 kr/kg
Verð áður 2.549,-

Jack Daniel's marineringspoki

Ótrúlega einfaldir marineringspokar. Þú setur steikina í pokann, bíður í nokkrar mínútur (sjá leiðbeiningar) og steikin er tilbúin á grillið. Einnig er gott að setja steikina í pokann áður en haldið er af stað út úr bænum og þá er hún full marinert á áfangastað.



Maxwell house
kaffi



Betty Crocker
kökur og krem



Sýrður rjómi með bragði
4 tegundir, Lukkumiði fylgir hverri dós af sýrðum rjóma frá MS. Í vinningu eru glæsileg Weber gasgrill

Gildir til 9. júlí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



KJÖRKASSINN

Ætlar þú að fylgjast með úrslita-leik HM?

Já	63%
Nei	37%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Hefur þú keyrt undur áhrifum áfengis?

Segðu skoðun þína á Vísi.is



ASÍ segir þær vörur sem koma verðmerktar frá framleiðanda hamla samkeppni:

Forverðmerkingar ólöglegar

SAMKEPPNI Ýmsar vörur, meðal annars ostar, álegg, kæfa og kjöt, koma verðmerktar með smásöluverði á pakningu frá framleiðanda. Slík forverðmerking er ólögleg og hindrar eðlilega samkeppni, að sögn Alþýðusambands Íslands.

Í nýlegri verðkönnun verðlagseftirlits ASÍ kemur fram að verðslanir selja oftast forverðmerktar vörur á sama verði, með einungis örfáum undantekningum. Einnasta sinnur er varan merkt með afsláttarmiða eða skilti sem gefur til kynna að afsláttur sé veittur af merktu verði við kassa.

Sem dæmi má nefna að kíló-

gramm af Brauðosti eða Skólaosti kostaði 1018 krónur í niú af þeim tólf verslunum sem kannaðar voru, en þrjár verslanir veittu 5-10 prósentu afslátt af merktu verði. Tilbúinir réttir frá 1944 kostuðu það sama í öllum verslunum nema einni.

ASÍ segir það mikilvægt hagsmunamál fyrir neytendur að samkeppnisyfirlit framfylgi banni við verðmerkingu framleiðanda og tryggi eðlilega verðsamkeppni. Samkvæmt 10. grein Samkeppnislaga eru aðgerðir sem hafa áhrif á verð, afslátt, álagningu og önnur viðskiptakjör bannaðar.



FORVERÐMERKTUR OSTUR Verðmerkingar á borð við þessa eru ólöglegar og skaða samkeppni, að mati ASÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Faxaflóahafnir greiði bætur:

Fimm milljónir fyrir kaðalslys

DÓMSMÁL Faxaflóahafnir sf. hafa verið dæmdar til að greiða karlmanni á fimmtugsaldri rúmar fimm milljónir króna í bætur vegna vinnuslyss sem hann varð fyrir sumarið 2004.

Maðurinn var við vinnu hjá Skipaþjónustu Reykjavíkurhafnar við að binda olfuskip að bryggju þegar svokallaður framspringur, sver kaðall með nælonkjarna, slóst í hann. Maðurinn brotnaði á ökkla, hlaut 20 prósentu örorku og 15 stiga varanlegan miska.

Hafnsögumaður Faxaflóahafna þótti hafa sýnt gáleysi í fyrirmælum sínum og því voru manningum dæmdar bætur fyrir slysið. -sh

Keyrði út af Reykjanesbraut:

Fékk aðsvif

LÖGREGLUMÁL Maður um fimmtugt keyrði út af á Reykjanesbrautinni, vestan við Voga, um núuleytið í gærmorgun.

Maðurinn var einn í bílnum og ók suður í áttina að Keflavík þegar hann lenti utan vegar. Lögregla telur að maðurinn hafi fengið aðsvif og í þá keyrt út af veginum. Hann slapp ómeiddur.

LÖGREGLUFRETTIR

Hjólhýsi í þúsund mola Hjólhýsi splundraðist á ferð vegna mikils hvassviðris á Möðrudalsöræfum um síðustu helgi. Svo virðist sem að veggir hjólhýsisins hafi látið undan veðurofsanum.

HLAUP

Sex tíma hlaup Fyrsta sex tíma hlaupið verður haldið hérlendis laugardaginn 16. september. Hlaupið fer fram á Nauthólsvíkurhringnum. Sá sem hleypur lengsta vegalengd á sex klukkutímum sigur í hlaupinu.

Sölusýning í dag!

opið til kl. 19



Verð frá kr. 1.180.000,-

VÉLAR: ÞJÓNUSTA

Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is
Höldur á Akureyri er söluaðili fyrir V&P á Norðurlandi

LYKILLINN AÐ HÁLENDI ÍSLANDS

HÁLENDISHANDBÓKIN



60%
AFSLÁTTUR!

NÚ AÐEINS 1.990,- KR.

SÖLUSTADIR:

- PENNIN/VEYMUÐSSON
- MÁL OG MENNING
- ESSÓ VÍÐA UM LAND



heimur

Borgartúni 23 • 105 Reykjavík • Sími: 512 7575 • www.heimur.is



HÁTÍÐLEG STUND Mikil viðhöfn var við Bessastaði í gær við upphaf opinberrar heimsóknar forseta Grikklands, Karolos Papoulias og eiginkonu hans, May Papoulia. Hjónin eru stödd hér á landi í boði forseta Íslands, Ólafs Ragnars Grímssonar, og eiginkonu hans, Dorrit Moussaieff. Forsetarnir ræða hér við unga FH-inga, en að baki forsetunum stendur tulkur Grikklandsforseta og hershöfðinginn Dimitris Mandilis.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Brottför varnarliðs endurspeglir friðsæld

Heimsókn grísku forsetahjónanna hófst á Bessastöðum í gær, sem eitt sinn hýsti eina skóla landsins og þar sem gríska var eitt námsefna skólapihta. Forseti Íslands kallaði húsið „heimili sígildrar grískrar menningar og tungu á Íslandi“.

FORSETAHEIMSÓKN Mikil viðhöfn var við Bessastaði í gær og sýndu veðurguðirnir sínar bestu hliðar við fyrstu heimsókn grísku forseta til Íslands.

Grikklandsforseti, Karolos Papoulias, og kona hans, frú May Papoulia, eru stödd hér á landi í opinberri heimsókn, og fögnuðu forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, og eiginkona hans, Dorrit Moussaieff, þeim í blískapurveðri fyrir utan Bessastaði.

Í ræðum sem forsetarnir tveir héldu við upphaf heimsóknarinnar minnstust þeir á baráttu landanna tveggja fyrir lýðræði, og töluðu um gildi Bessastaða í tengslum við Grikki. Ólafur Ragnar rakti sögu hússins, sem fyrir um 200 árum hýsti eina skóla landsins, og minnst hann sérstaklega á grísku-kennsluna sem fram fór á Bessastöðum.

Jafnframt ræddu báðir um bjartar framtíðarhorfur viðskiptasambanda landanna tveggja, og snertu á ýmsum öðrum málum, svo sem Evrópusambandinu, Kýpur og brottför varnarliðsins af Íslandi, sem Ólafur Ragnar sagði að hlyti að endurspeglar friðsældina sem nú ríkir í þessum hluta heims.

Papoulias er einn vinsælasti forseti sem Grikkir hafa átt og einn fárra sem hafa ekki hrapað í álitu þjóðarinnar eftir að hann tók við embættinu.

Forseti Grikklands, líkt og sá íslenski, hefur ekki mikil pólitísk völd, en þó hefur Papoulias skipt sér meira af stjórnárum landsins en margir fyrirrennarar hans, enda starfaði hann lengi sem utanríkisráðgjafi.

Hann er gamall íþróttamaður, og aðspurður fjallaði hann um þann vanda sem stöðjar að grísku-um knattspyrnumönnum. Grikk-

ir bera Evróputítilinn í knattspyrnu, en fyrr í þessari viku meinaði Alþjóðaknattspyrnusambandið (FIFA) Grikkjum þátttöku í öllum mótum á vegum FIFA, því upp komst um pólitísk afskipti af gríska knattspyrnusambandinu. Í gær var málið svo tekið fyrir í gríska þinginu og var lagabreyting samþykkt í von um að sambandið afturkallaði bannið.

„Við erum að eiga við þetta mál og vonum að það leysist svo að bæði áhugamenn og leikmenn verði sáttir,“ sagði Papoulias. Forsetahjónin komu til landsins í fylgd aðstoðarutanríkisráðgjafra Grikklands auk fjölda annarra, þar á meðal átján grískra blaða- og fréttamanna.

Heimsókninni lýkur í dag, en forsetahjónin og hið mikla fylgdarlið þeirra fljúga svo af landi brott í fyrramálið.

smk@frettabladid.is

Sumar- sprengja á reiðhjólum

allt að

40%

afsláttur

Ál-
gjarðir, stell
og stýri



15.900
~~23.900~~

Reiðhjól 26"
3899943



7.500
~~9.690~~



Reiðhjól 12"
3899960-2

Ál-
gjarðir



10.700
~~17.900~~

Reiðhjól 26"
Kvenmanns
3899942



Reiðhjól 20"
3899970

9.900
~~14.900~~

Ál-
gjarðir



12.900
~~18.900~~

Ál-
gjarðir, stell
og stýri

Reiðhjól 26"
3899940



Reiðhjól 24"
3899941

11.900
~~16.900~~

Ál-
gjarðir, stell
og stýri

Gæði á betra verði



HÚSASMÍÐJAN
...ekkert mál



Kjaradeila starfsmanna IGS enn ólokið:

Launin lág og álagið mikið

KJARAMÁL Meðal þess sem starfsmenn IGS, dótturfyrirtækis Icelandair sem sér um þjónustustörf í Leifsstöð, deila um við stjórn fyrirtækisins eru laun, en þeir telja þau of lág miðað við það álag og ábyrgð sem fylgir starfinu. Sem dæmi er nýr starfsmaður í innritun með um 130.000 krónur í laun fyrir skatt, en vegna eðlis vinnunnar er langfæstum boðið upp á fullt starf og eru því flestir í um 75 prósentu vinnu.

Hlaðeftirlitsmaður er með um 230.000 krónur í mánaðarlaun fyrir skattafrádrátt, en þeir eru flestir í 100 prósentu starfi. Samkvæmt starfsmanni í hlaðdeild

finnst þeim launin ekki í samræmi við ábyrgðina sem fylgir starfinu, en hlaðeftirlitsmenn sjá til þess að farangri sé rétt raðað í flugvélinu. Lítið megi út af bera án þess að stórslys hljóti af.

Deilan hefur staðið yfir í langan tíma en hún náði hámarki sunnudaginn 25. júní þegar starfsmenn í öllum deildum lögðu niður vinnu í þrjár klukkustundir á háannatíma. Engin lausn hefur fundist enn og biða starfsmenn nú eftir að Jón Karl Ólafsson, forstjóri Icelandair, komi úr sumarfrí erlendis svo hægt sé að setjast við samningaborðið á ný.

- sps



SETUVERKFAILL STARFSMANNA IGS 25. JÚNÍ Engin lausn er í sjónmáli en starfsmenn neituðu nýverið sáttafyllgu stjómenda. Deilan er í biðstöðu nú meðan forstjóri Icelandair er erlendis.

Opinbert hlutafélag stofnað: Sinnir flugleiðsöguþjónustu

SAMGÖNGUR Gengið hefur verið frá stofnun opinberra hlutafélagsins Flugstöðir sem er að öllu leyti í eigu ríkisins, en stofnfundurinn fór fram í samgönguráðuneytinu í gær. Félaginu er ætlað að sinna flugleiðsöguþjónustu og flugvallarrekstri og hefur það svið nú verið aðskilið stjórnsýslu og eftirliti Flugmálastjórnar Íslands. Er það í samræmi við lög sem samþykkt voru á Alþingi í vor.

Á stofnfundinum var meðal annars kynnt stofngerð félagsins, sem Sturla Böðvarsson samgönguráðherra undirritaði. Einnig var kjörin stjórn félagsins en stjórnarformaður þess er Ólafur Sveinsson hagverkfræðingur.

- sps

VEISTU SVARIÐ?

- 1 Hvað heitir sýslumaðurinn á Keflavíkflugvelli?
- 2 Hvaða leikkona var á dögnum valin af breska blaðinu EVE, sem kynþokkafyllsta kona heims?
- 3 Hvað heitir nýr forseti Real Madrid?

SVÖR Á BLS. 54

BÍLL DAGSINS

SUBARU IMPREZA WRX

Nýskr 07.04 - Beinskiptur - Ekinn 12 þús km. - Allt að 100% lán.



Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00 -18:00. Sími: 525 8020.

Rannsókn á offitugreiningum:

Fleiri öryrkjar vegna offitu

HEILSA Þeim öryrkjum sem hafa offitu sem fyrstu sjúkdómsgreiningu hefur fjölgað frá 1992-2004. Aukningin á milli ára var 183 prósent hjá konum og 263 prósent hjá körlum.

Þetta kemur fram í rannsókn sem gerð var af læknunum Sigurði Thorlacius og Stefán B. Stefánssyni ásamt Laufeyju Steingrimsdóttur næringarfræðingi.

Í rannsókninni kemur fram að marktæk aukning hafi orðið á örorku í tengslum við offitu á Íslandi á framangreindu tímabili. Rannsóknin sýnir einnig að öryrkjum af báðum kynjum hefur fjölgað frá 1992-2004 bæði vegna offitu og annarra orsaka.

Offita er heilsufarsvandamál sem hrjái marga einstaklinga á Vesturlöndum. Hreyfingarleysi og óhollt mataræði ræður mestu þar um.

- hs



VEGAGERÐ Í REYÐARFIRÐI Ríkisstjórnin ætlar að slá vegafarmkvæmdum á landsbyggðinni á frest. Stjórnarandstöðunni þykir það óásættanlegt. Þenlan sé á höfuðborgarsvæðinu.

Hagstjórnin sé árangurslítill

Formenn stjórnarandstöðuflokkanna segja vaxtahækkun Seðlabanka til marks um máttlitlar aðgerðir stjórnvalda til að slá á þenslu.

EFNAHAGSMÁL Hækkun Seðlabanka á raunvöxtum upp í 13 prósent kemur stjórnmalamönnum ekki á óvart. Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra segir bankann og ríkisstjórn róa í sömu áttina, unnið sé að því að ná tökum á þenslunni með þeim tækjum sem tiltæk eru. Fjölmargir aðrir þættir, sem hvorki Seðlabankinn né ríkisstjórnin ráði við, hafi þó áhrif á þróunina. „Það er margt utan okkar áhrifasviðs, til dæmis útlán bankanna og gengisþróunin til skemtri tíma,“ segir Árni.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, segir það ekki koma á óvart að Seðlabankinn vilji senda skýr skilaboð um að hann ætli að veita mikið aðhald við stjórn peningamála. Hækkunin nú hafi verið viðbúin enda hafi verðbólga aukist mikið. Hún segir samning aðila vinnumarkaðarins skapa forsendur fyrir stjórnvöld til að vinna á verðbólgunni en hann geri það ekki einn og sjálfur. „Svo eru þessar aðgerðir sem ríkisstjórnin hefur þegar gripið til mjög takmarkaðar. Það getur hins vegar verið að aðrir þættir, á borð við lækkun fasteignaverðs, komi til hjálpar,“ segir Ingibjörg Sólrún.

Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, segir Seðlabankann einan um að berjast gegn verðbólgunni. Stjórnvöld hafi verið sein að grípa til aðgerða þó að löngu hafi verið ljóst í hvað stefndi. „Avinnulífið og einstaklingar þola ekki endalausar vaxtahækkningar og ef þetta heldur áfram er ljóst að margir munu lenda í vandræðum, bæði fólk og smærri fyrirtæki. Gjaldþrotahrina mun fara af stað ef vextirnir verða endalást hækkadur,“ segir Guðjón Arnar.

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, túlkar vaxtahækkunina á þann veg að Seðlabankinn vilji undirstrika hversu alvarlegum augum hann lítur stöðu efnahagsmála. „Og hún er sérlega áhugaverð í ljósi þess að hinar svokölluðu ráðstafanir ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum og framlenging kjarasamninga liggja nú fyrir. Það er ljóst að Seðlabankinn telur hvorugt af þessu nægja til að hann geti réttlætt að fara vęgar í sakirnar.“

Flokksformennirnir eru samála um að hagstjórnarstefna, og þá ekki síst skattastefna ríkisstjórnarinnar vegi hvað þýngst í því ástandi sem nú er uppi. „Það hefði átt að falla alfarið frá skattalækkunum nú um áramótin,“ segir Ingibjörg Sólrún og kallar líka eftir skýrum skilaboðum í stóriðjumálum en eins og sakir standa séu uppi væntingar í samfélaginu um þrjú ný alver. „Væntingar eru mikill áhrifavaldur í efnahagsstjórn,“ segir hún.

Steingrímur J. segir þensluna og hækkun vaxta vera birtingarform aðgerða stjórnvalda. „Þetta er herkostnaðurinn af stóriðjustefnunni, skattalækkunarvitleysunni og hagstjórnarmistöðum ríkisstjórnarinnar.“

Árni Mathiesen hafnar því að vaxtahækkunin sé áfelliðómur yfir efnahagsstjórninni en hvetur til aðgátar í framkvæmdum. „Það eru mjög fá verk sem eru svo knýjandi að ekki sé til þess vinnandi að biða með þau þar til þenslan verður aðeins minni. Ég held að flestir myndu hagnast á því, bæði beint og óbeint. Hagstæðari kjör bjóðast þegar þar að kemur og verðbólga verður um leið minni.“

bjorn@frettabladid.is

STADAN Á VINNINGUM Í SUMARLEIK COCA-COLA

GLAÐNINGARNIR Í TAPPALÉIK COCA-COLA HAFNA RÖNDIÐ ÚT. STADAN ER ÞESSI!

7.500 BOLTAR ERU EFTIR (AF 23.000)

SPILADU MEÐ

40X

ÖKUTÆKIÐ DITT Í SUMAR

HLAUPAHJÓLIN ERU VÆNTANLEG.

Vegna vandkvæða í flutningum seinkar næstu sendingu enn. Beðist er velvirðingar á því, en umtalsvert magn hjóla er væntanlegt þann 20. júlí n.k.

20X+
6.900 kr.

SAFNAÐU ÞEIM ÖLLUM

5X

ENN NÓG EFTIR

Coca-Cola
Upplifum stemninguna

Coca-Cola, the design of the Coca-Cola Contour Bottle and the modified Dynamic ribbon are registered trademarks of The Coca-Cola Company. © 2005 The Coca-Cola Company.



Verið velkomin í Veiðihornið

Frábærir tilboðspakkar

Alltaf meira úrval – Alltaf hagstætt verð – Alltaf opið



Simms Guide vöðlupakki.

Simms Classic Guide Gore-tex vöðlur. Einhverjar sterkustu vöðlurnar á markaðnum. Simms Guide leðurskór með filtbotni. **Fullt verð 52.800. Pakkatilboð aðeins 44.880 staðgreitt eða aðeins 4.250 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**

Aðeins 4.250 á mánuði.



Simms Freestone vöðlupakki.

Simms Freestone öndunarvöðlur með 4ra laga Quadralam öndunarfilmu. Simms Freestone skór með filtbotni. **Fullt verð 34.800. Pakkatilboð aðeins 29.580 staðgreitt eða aðeins 2.852 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**

Aðeins 2.852 á mánuði.



Sierra Blackwater vöðlupakki.

Sierra Blackwater Pro öndunarvöðlur. Niðsterkar vöðlur. Frábær reynsla. Vöðlutaska fylgir. Sierra vöðluskór með filtsóla. **Fullt verð 44.795. Pakkatilboð aðeins 37.900 staðgreitt eða aðeins 3.628 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**

Aðeins 3.628 á mánuði.



Sierra MBQ vöðlupakki.

Sierra MBQ öndunarvöðlur. Gæði og gott verð. Sierra skór með filtsóla. **Fullt verð 28.990. Pakkatilboð aðeins 22.900 staðgreitt eða aðeins 2.246 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**

Aðeins 2.246 á mánuði.



Aðeins 2.013 á mánuði.

Ron Thompson vöðlupakki.

Ron Thompson Crosswater neoprenvöðlur. 4mm þykkar, stígvél með filtsóla. Ron Thompson Aquasafe jakki. Vatnsheldur með útöndun. **Fullt verð 23.990. Pakkatilboð aðeins 19.990 eða aðeins 2.013 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



Aðeins 2.168 á mánuði.

DAM vöðlupakki.

DAM neoprenvöðlur. 4mm þykkar, stígvél með filtsóla. DAM veiðijakki. Vatnsheldur með góðri útöndun. Ripstop efni, stórir vasar og góð hetta. **Fullt verð 25.990. Pakkatilboð aðeins 21.990 staðgreitt eða aðeins 2.168 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**

3% lántökugjald og færslugjald er innifalið í vaxtalausum mánaðagreiðslum.



Munið vinsælu gjafabréfin okkar

Veiðihornið er opið alla daga vikunnar. Já, líka á sunnudögum.

Vöðlutilboð Veiðihornsins eru líka á netinu veidihornid.is





NAKIN MÓTMÆLI Dýravræðunarsamtökin PETA stóðu fyrir athyglisverðum mótmælum í Pamplona á Norður-Spáni á þriðjudag til að mótmæla nautaati og árlegu nautahlaupi gegnum bæinn. NORDICPHOTOS/AFP

Nefnd á vegum alþjóðlegs félags kvenna í atvinnurekstri fundaði hér á landi:

Vilja byggja upp kvennanet

ATVINNULÍF Alþjóðlegt tengslanet kvenna í atvinnurekstri var ofarlega í umræðunni á fundi Task Force Europe, nefndar á vegum FCEM, alþjóðlegs félags kvenna í atvinnurekstri, sem haldinn var á Íslandi um síðustu helgi. Félag kvenna í atvinnurekstri á aðild að alþjóðsamstökunum og situr Aðalheiður Karlsdóttir úr stjórn FKA í nefndinni.

Ákveðið var á fundinum að byggja upp tengslanet á milli aðildarlanda FCEM svo fyrirtæki aðildarlandanna eigi auðveldara með að nálgast alþjóðlega markaði. Í því sambandi var ákveðið að skoða þátt-

töku í verkefni á vegum Sameinuðu þjóðanna á sviði alþjóðlegs ferðaiðnaðar með áherslu á Afríkulönd. Þá var einnig skoðað að koma á fót þjálfunarmiðstöðvum til að byggja frekar upp fyrirtæki í eigu kvenna.

Vigdís Finnbogadóttir sat hádegisverðarfund á Hótel Holti með nefndinni og fundinum lauk svo með hátíðarkvöldverði í Hótel Glym þar sem Jónína Bjartmarz, umhverfisráðherra og fyrsti formaður FKA, var heiðursgestur.

Formaður nefndarinnar er ítalska athafnakonan Etta Carignani og taldi hún að orkan í íslensku náttúrunni hefði haft góð áhrif á fundinn. - sh



STÖLLUR Í BLEIKU Vigdís Finnbogadóttir og Etta Carignani, formaður Task Force Europe, á Hótel Holti.

Bruni í Noregi:

Sextán ára bjargar bílum

NOREGUR Sextán ára piltur þurfti leyfi lögreglu til að bjarga 20 bílum af vinnustað sínum, þegar eldur kom upp í fjölbýlishúsi við hlið bílasölnunnar í Buskerud í Noregi í gærmorgun. Ástæðan var sú að piltur hefur enn ekki fengið ökuleyfi. Þetta kom fram á vefsíðu norska blaðsins Aftenposten í gær.

Eigandi bílasölnunnar varð drengunum afar þakklátur, sérstaklega því stráksi bjargaði Ferrari, ásamt fleiri bílum sem samtals voru tuga milljóna virði.

Fjórútu manns urðu heimilislausir í brunanum, en engan sakaði alvarlega. - smk

Sólbruni barna hættulegur:

Fleiri fá húðkrabbamein

HEILSA Börn sem sólbrenna eru í meiri ættu á að fá húðkrabbamein síðar á lífsleiðinni en þau sem ekki hafa sólbrennið. Tilfellum húðkrabbameins fer stöðugt fjölgandi á Íslandi en sólarljósið er aðal áhættuþáttur húðkrabbameins.

Þegar litið er á tölur í Krabbameinsfélags Íslands kemur í ungur konur greinast ljós hve fjölgun húðkrabbameina á landinu er mikil. Þar kemur fram að fjölgun húðkrabbameins sé sérstaklega mikil meðal ungra kvenna. Mest aukning er í tilfellum sortuæxlis.



Í SÓLINNI Fleiri ungar konur greinast nú með húðkrabbamein en áður.

Leið S5 hjá Strætó leggst niður næstu fjórar vikurnar vegna manneklu:

Veldur mörgum óþægindum

SAMGÖNGUR Vegna manneklu meðal starfsmanna Strætó bs mun akstur á leið S5 leggjast af í fjórar vikur frá og með deginum í dag og fram til 8. ágúst. Í fréttatilkynningu frá Strætó kemur fram að ætíð sé nokkur fækkun meðal farþega Strætó á þessum árstíma en viðskiptavinir Strætós eru jafnframt beðnir velvirðingar á þeim óþægindum sem þetta kann að hafa í för með sér.

Strætó bendir viðskiptavinum sínum á að notfæra sér leið 18 (Hálsahverfi) eða leið 19 (Árbæjarhverfi-Seláshverfi). Þessar leiðir tengjast leið S6 í Ártúni, en hún ekur sömu leið og S5 inn í miðborgina.

Starfsmaður á blaðinu og viðskiptavinur Strætós sagðist mjög óhress með þessar breytingar og sagði þetta yrði til þess að hún þyrfti að taka tvo vagna í vinn-



VIÐSKIPTAVINIR STRÆTÓ Verða margir fyrir óþægindum næstu vikurnar þar sem leið S5 leggst niður fram í ágúst.

una í stað eins. Farþeginn furðaði sig einnig á þessari ákvörðun þar sem sá fjölmenni vinnustaður Morgunblaðið hefði nýverið flutt höfuðstöðvar sínar í Hádegismóa og að þeir sem þar störfuðu þyrftu margir að reiða sig á þjón-

ustu leiðar S5 hjá Strætó.

Farþeginn sagði að þessar breytingar myndu líklega lengja ferðir hennar með Strætó um klukkutíma á dag með tilheyrandi óþægindum. - hs

Sprenging í Trans-Dniester:

Átta létu lífið

MOLDAVÍA, AP Lítil rúta sprakk í loft upp í gær í Trans-Dniester, aðskilnaðarhéraði Moldavíu. Átta létu lífið og fjórútu og sex slösuðust. Auk farþega rúttunnar slösuðust vegfarendur og farþegar annarrar rútu sem varð fyrir höggi af sprengingunni.

Ekki er vitað með vissu hvernig sprenginguna bar að, en embættismaður í héraðinu gaf til kynna að einn farþeganna hefði borið sprengju sem hefði verið ætlað hlutverk í skærum glæpklíkna.

Trans-Dniesterhéraði skildi sig frá Moldavíu árið 1992 með aðstoð Rússa, eftir stríð sem sem kostaði 1.500 manns lífið. Rússar eru enn með herlið í landinu og voru tveir rússneskir friðargæsluliðar meðal þeirra sem særðust í gær. Eins og víða annars staðar á átakasvæðum verða almennir borgarar einnig fyrir meiðslum. - kóp

Ekki hlustað á sjómenn

Sjómenn á smærri bátum segja að Hafrannsóknastofnunin taki ekki tillit til reynslu þeirra.

SIJÁVARÚTVEGUR Mjög skiptar skoðanir eru um úthlutun á leyfilegum heildarafla á næsta fiskveiðidári og þeim forsendum sem sú úthlutun hvílir á. Bitbeinið er aflareglan sem notuð er til að áætla hve mikið á að veiða úr þorsstofninum árlega og einnig er full-yrnt að aðferðir Hafrannsóknastofnunarinnar við stofnstærðarmælingar séu þess eðlis að mikill hluti þorsks á miðunum finnist ekki og komi aldrei inn í útreikninga.

Arthur Bogason, formaður Landssambands smábátægenda (LS), segir mikið misræmi á milli þess sem íslenskir sjómenn upplifa á miðunum og þess sem kemur fram í mælingum Hafrannsóknastofnunarinnar.

„Hornsteinninn í aðferðafræði Hafró er þessi verndunarstefna á smáfiski. Hún hefur verið keyrð núna í nokkra áratugi og samkvæmt þeirra eigin gögnum þá er þetta ekki að skila árangri. Það er ekki hlustað á aðrar kenningar en þeirra og jafnvel reynt að gera þá sem hafa eitthvað fram að færa tortryggilega og jafnvel lítillækka þá.“ Arthur segir Hafrannsóknastofnunina reiða sig sífellt meira á gögn úr togararallinu eingöngu og veiðigögn séu örðin létvægari í þessum útreikningum en nokkurn tíma áður og tilfinning sjómanna, sem byggð er á áratuga reynslu, sé nær alfarið hundsud.

Jóhann Sigurjónsson, forstjóri

Hafrannsóknastofnunin, er þessu ekki sammála og segir mikið tillit tekið til þeirra gagna sem sjómenn

afla. „Stofnmatið grundvallast af fjölbreyttum veiðigögnum og ekki aðeins togararalli. Við reynum að hafa góða yfirsýn á veiði úr öllum veiðarfærum og reynsla sjómanna er þar mikilvæg.“ Sigurjón

Dórðarson, alþingismaður og líffræðingur, segir að forsendur útreikninga Hafrannsóknastofnunar séu byggðar á mjög veikum grunni. Ein meginforsendan sé að stór hrygningarstofn gefi af sér mikla nýliðun en niðurstöður rannsóknna sýni hið gagnstæða. „Ef skoðað er línurit yfir stærð hrygningarstofns og nýliðun, þá er ekki með nokkru móti hægt að áætla að það sé fylgni þarna á milli. Nær er að álykta að það sé öfugt samband á milli hrygningarstofns og nýliðunar. Þegar hrygningarstofn er lítill þá komist fleiri seiði á legg.“ Sigurjón segir að skýringin sé að þegar hrygningarstofn er lítill sé meira rými fyrir unga einstaklinga sökum meira fæðuframboðs og minna afráns eldri þorsks. Jóhann gefur ekki mikið fyrir þessi rök Sigurjóns. „Það er alveg á tæru að líkurnar á góðri nýliðun eru meiri ef hrygningarstofninn er stór en þegar hann er lítill. Rannsóknir alls staðar að úr heiminum sýna það þó til séu undantekningar.“

svavar@frettabladid.is

Bragð til að treysta á

Prófaðu nýju kryddmyllurnar frá McCormick

McCormick

Bragð til að treysta á

ÚRSLITALEIKIR HM ERU Í EGILSHÖLL

LAUGARDAG KL. 17:00

PÝSKALAND VS. PORTÚGAL

ÖFLUGUSTU SKJÁVARPAR SEM KOMIÐ HAFNA TIL
LANDSINS VARPA LEIKJUNUM Á 200 FERMETRA
BREIÐTJALD + FJÖGUR ÖNNUR RISATJÖLD

SUNNUDAG KL. 16:00

FRAKKLAND VS. ÍTALÍA

+ BÍTL STRÁKARNIR
HITA UPP

+ BUBBI STÍGUR Á SVIÐIÐ
EFTIR LEIKINA

+ Á LAUGARDAG SPILA
PAPAR FRAM Á RAUÐA NÓTT

1.000
KRÓNUR
& MEÐINN
GILDIR BÁÐA
DAGANA

Nánari upplýsingar eru í síma 594 9600

Evrópuþingið um meinta ólöglega starfsemi CIA í Evrópu:

Leynifangelsa leitað áfram

STRASSBORG, AP Ákveðið var í gær á Evrópuþinginu að halda áfram rannsókn á meintum leynifangelsum CIA og fangaflutningum í Evrópu. Rannsóknin á að leiða í ljós hvort Evrópulönd hafi tekið þátt í mannréttindabrotum eða rofið sáttmála um borgaraleg réttindi.

Til umræðu var bráðabirgðarskýrsla eftir Ítalann Giovanni Claudio Fava, en samkvæmt henni stóð CIA eða aðrar bandarískar stofnanir fyrir brottnámi og varðhaldi manna, sem grunaðir voru um hryðjuverk, og flutningi þeirra síðarmer til Bandaríkjanna. Evrópuþingið lýsti yfir stuðningi sínum við skýrsluna



FRÁ ATKVÆÐAGREIÐSLU Á EVRÓPUÞINGINU Í GÆR Þingmennirnir vilja rannsaka nánar hvort einhver aðildarlönd sambandsins hafi tekið þátt í mannréttindabrotum.

NORDICPHOTOS/AFP með 389 atkvæðum gegn 137, en 55 sátu hjá.

Samkvæmt skýrslunni eru vankantar á reglum sem lúta að eftirliti með starfsemi leyniþjónusta í Evrópulöndunum og skorað á stjórnvöld að sýna fram á hvernig evrópsk lofthelgi, NATO-stöðvar og flugvællir eru nýttir af bandarískum leyniþjónustum.

Í skýrslunni er tekið fram að engin sönnunargögn hefðu fundist sem sýndu fram á að til væru evrópsk leynifangelsi og mæltist Giovanni Fava til þess að Rúmenía og Pólland yrðu heimsótt til að kanna hvort þar fyrirfyndust einhvers konar gæsluvarðhaldsstöðvar, en bæði ríkin hafa vísað slíkum ásökunum á bug.

- kóp

Norðurlöndin:

Óvenju mikið um höggorma

NORÐURLÖNDIN Óvenju mikið er um höggorma á Norðurlöndunum í ár, og telja sérfræðingar að ástæðan sé hið hlýja sumar sem nágrennalönd okkar njóta.

Minnst 42 manns hafa verið bitnir í Noregi það sem af er ársins, samkvæmt frétt Aftenposten í gær. Í Danmörku eru um 200 manns bitnir af höggormum hvert ár, en þar í landi hefur skepnan verið friðuð í aldarfjórðung og fer þessi tala því vaxandi.

Slangan hreyfir sig hraðast þegar heitt er í veðri og oftast er mest um bit í ágúst og september þegar hún er að vernda unga sína. Því biðja heilbrigðisyfirvöld í Noregi og Danmörku fólk um að fara sérstaklega varlega og kynna sér hvað gera skal rekist það á höggorm.

- smk



GUÐMUNDUR HALLVARÐSSON Telur eðlilegt að framkvæmdum við tónlistarhús og nýtt sjúkrahús í Reykjavík verði frestað, fremur en vegafarmkvæmdum á Vestfjörðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Vill bíða með tónlistarhöll

Formaður samgöngunefndar Alþingis vill halda í áætlanir um vegabætur á Vestfjörðum, en slá á frest vinnu við tónlistarhús og hátæknisjúkrahús.

STJÓRN MÁL Guðmundur Hallvarðsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks og formaður samgöngunefndar þingsins, vill að beðið verði með að reisa tónlistarhús og nýtt sjúkrahús í Reykjavík á meðan efnahagskerfið er jafn þanið og raun ber vitni. Á hinn bóginn vill hann að ráðist verði í mikilvægar vegabætur á Vestfjörðum.

„Ég er ekki hlynntur frestun framkvæmda á Vestfjörðum. Í fyrsta lagi er það öryggismál og í öðru lagi byggðamál. Ef við ætlum að standa við fyrirheit um uppbyggingu í dreifbýlinu þá frestum við ekki slíkum framkvæmdum lengi eins og ástandið er,“ segir Guðmundur.

Samgöngunefnd Alþingis fundaði í gær um áætlanir ríkisstjórnarinnar til að slá á þenslu en í þeim er kveðið á um frestun útboða og upphafi nýrra framkvæmda á vegum ríkisins. Aðgerðin er tímabundin en ótímasett. Hávær krafa er uppi, bæði af hálfu stjórnarandstöðu og íbúa og sveitarstjórnarmanna á Vestfjörðum um að staðið verði við áður ákveðnar vegabætur í fjórðungnum. Guðmundur Hallvarðsson er í öllum meginatriðum sammála þeim sjónarmiðum sem búa að baki þeirri kröfu.

Í vikunni hófust viðræður fulltrúa ríkisstjórnarinnar og Sambands Íslenskra sveitarfélaga þar sem farið er yfir framkvæmdaáætlanir sveitarfélaganna með það að markmiði að dregið verði úr þeim á þessu ári og næsta. Vilji ríkisstjórnarinnar stendur til að skoða sérstaklega stór samstarfsverkefni ríkis og Reykjavíkurborgar.

Í bígærd er að reisa tvær risavaxnar byggingar í höfuðborginni; tónlistarhús við höfnina og nýtt

sjúkrahús við Hringbraut. Samanlagður kostnaður þeirra verkefna hleypur á milljarðatugum. Guðmundur vill setja þær framkvæmdir í salt.

„Menn horfa til tónlistarhússins, þar sem þrjár standa að verki; Reykjavíkurborg, ríkið og Portus. Þar kemur sumsé þriðji aðili að sem er eitthvert vandamál en tvímælaust ætti að fresta þeirri byggingu,“ segir Guðmundur. Og um sjúkrahúsið segir hann: „Mér finnst eðlilegt að í þessu ástandi sé þeirri framkvæmd slegið á frest.“ Hann tekur þó fram að sér finnst í lagi að áfram verði unnið að verkinu, líkt og gildi um ýmsar vegafarmkvæmdir. Í mörg horn sé að líta áður en framkvæmdir hefjist.

Vegamálastjóri og siglingamálastjóri, ásamt starfsmönnum samgönguráðuneytisins fyrir hönd flugmálastjóra, gengu á fund samgöngunefndar í gær og kynntu nefndarmönnum fyrirhuguð verkefni á vegum stofnananna. Í kjölfarið spunnust umræður og í lok í fundar bókunni stjórnarandstæðingar í nefndinni mótmæli vegna niðurskurðar ríkisstjórnarinnar á vegafarmkvæmdum úti á landi í nafni aðgerða í efnahagsmálum og óskuðu eftir að samgöngu- og fjármálaráðherra komi á fund nefndarinnar í næstu viku.

Segir meðal annars í bókuninni að samgönguéttelun sé samþykkt af Alþingi og henni geti ríkisstjórnin ekki breytt nema með samþykki þingsins. Allsendis óvíst sé hvort ríkisstjórnin hafi þingmeirihluta fyrir aðgerðum sínum, ef marka megi yfirlýsingar þingmanna stjórnarflokkanna og misvísandi yfirlýsingar ráðherra.

bjorn@frettabladid.is



Iðnaðar- & bílskúrshurðir

FYRIR FEGURRA UMHVERFI



Þegar fjárfesta á í húseigninni er ómetanlegt að sérfróðir fagaðilar séu með í ráðum. Við hjá MEST fylgjum viðskiptavinum okkar alla leið og veitum þeim allhliða þjónustu.

Hafðu samband við söluráðgjafa okkar og fáðu nánari upplýsingar í síma 4 400 520 eða á www.mest.is.



- allt til bygginga

Malarhöfða 10, Reykjavík

Bæjarflöt 4, Reykjavík

Hringhellu 2, Hafnarfirði

Hrísmýri 8, Selfossi

Leiruvogi 8, Reyðarfirði

Sameinaður lífeyrissjóður:

Breytingar í bígerð

LÍFEYRISJÓÐIR Á stofnfundi sameinaðs lífeyrissjóðs Lífiðnar og Samvinnulífeyrissjóðsins var samþykkt að sjóðurinn myndi heita Stafir lífeyrissjóður. Stefnir er að því að auka lýðræði, fjölskyldubætur og hluti iðgjalda fari í að afla lífeyrissjóða í séreign og að hluta í sameign.

Sjóðsfélagar fá að kjósa stjórn í fáum lífeyrissjóðum í dag.

Áætlanir gera ráð fyrir að rekstrarhagræði við samruna hækki ellilífeyrisgreiðslur í framtíðinni auk þess sem sameinaður sjóður hefur betri möguleika á að nýta sér tækni, hugvit og aðstæður á markaði en minni sjóður. - ghs

Póst- og fjarskiptastofnun úrskurðar í máli gegn Símanum:

Látinn greiða leið Atlassíma

SÍMAMÁL Póst- og fjarskiptastofnun hefur úrskurðað í máli Atlassíma gegn Símanum og gert honum að skrá númeraraðir Atlassíma í gagnagrunna sína. Þetta gerir það að verkum að nú geta viðskiptavinir Símans hringt í viðskiptavini Atlassíma, en hingað til hafa símanúmer þeirra ekki verið á skrá hjá Símanum. Meginrök Símans gegn því að skrá númerin í gagnagrunna sína voru að flökkupjónusta félli ekki undir almenna talsímaþjónustu, en Póst- og fjarskiptastofnun hefur nú úrskurðað að svo sé.

Atlassími býður upp á nýja tegund símaþjónustu, svokallaða flökkupjónustu, en í henni eru við-

skiptavinir með sama íslenska símanúmerið hvar sem þeir eru í heiminum. Við það verður heimurinn allur í raun eitt gjaldskrársvæði sem lýtur almennri innanlandsgjaldskrá.

Þetta er í fyrsta sinn sem flökkupjónusta er veitt á Íslandi en með úrskurðinum hefur verið staðfest heimild til að bjóða upp á heima- og fyrirtækjasíma án tengingar við fast heimilisfang. Talsmaður Atlassíma sagðist mjög ánægður með þennan úrskurð Póst- og fjarskiptastofnunar.

- sps

SMS SENT MEÐ GSM-SÍMA Í flökkupjónustu er fólk með sama íslenska símanúmerið hvar sem það er í heiminum.



Líkamsárás á Selfossi:

Nefbraut jafnalda sinn

DÓMSMÁL Manni um tívugt var birt ákæra í Héraðsdómi Suðurlands í gær vegna líkamsárásar.

Maðurinn er ákærður fyrir að hafa slegið jafnalda sinn hnefahöggi í andlit, á dansgólfi veitingahússins Hvíta-húsið á Selfossi, með þeim afleiðingum að fórnarlambið nefbrotnaði. Þegar hann áttaði sig á alvarleika málsins ákvað hann að leita aðstoðar til lögreglu. Kærði hann ofbeldismanninn sem síðar var ákærður.

Ákærvaldið fer fram á refsingu auk þess sem lögfræðingur fórnarlambisins fer fram á skaðabætur upp á sjö hundruð þúsund krónur.

- æpe



DALAI LAMA Hinn andlegi leiðtogi frá Tíbet hefur afboðað komu sína til Finnlands vegna ofþreytur. NORDICPHOTOS/AFP

Evrópuheimsókn afboðuð:

Dalai Lama ekki til Finnlands

FINNLAND, AP Dalai Lama hefur afboðað komu sína til Finnlands að lækniáráði.

Leiðtoginn andlegi, sem er sjötugur að aldri, ætlaði að hefja Evrópuheimsókn sína í Helsinki í næstu viku, en læknar ráðlögðu honum algjöra hvíld, að sögn finnskra skipuleggjanda heimsóknarinnar. Ástæðan er hversu þéttskipuð stundaskrá hans hefur verið frá byrjun þessa árs, og þarf leiðtoginn því tíma til að hvíla sig.

Dalai Lama ætlaði frá Finnlandi til Frakklands og Spánnar. - smk

Samstarf ESB og Kanada:

Sameiginlegt fiskveiðieftirlit

BELGÍA, AP Evrópusambandið og Kanada hafa ákveðið að taka upp sameiginlegt eftirlit með fiskveiðum í Norðvestur-Atlantshafi á þjúhundruð tuttugu og tveggja kílómetra svæði sem markast af lögsögum Bandaríkjanna, Kanada og Grænlands, en það svæði hefur oft verið tilefni til deilna, sérstaklega vegna spænskra sjómanna.

Markmið samstarfsins er að koma í veg fyrir ólöglegar veiðar og að aðstoða Norðvestur-Atlantshafsfiskveiðistofnunina við að fylgjast með að veiðheimildir hennar séu virtar.

Eftirlitinu verður framfylgt með skipum og úr lofti og verða nú evrópskir og kanadískir eftirlitsmenn samskipa, til að útrýma túlkunarágreiðingum, sem getur skapast þegar fylgst er með á tveimur skipum. Eftirlitið hefst þann 20. júlí. - kóp

Hverfisráð í Osló:

Vilja leyfa vændishús

NOREGUR Leiðtogi hverfisráðs miðborgar Oslóar, Elin Horn Galtung, vill láta opna vændishús í Osló. Þetta kom fram í frétt frá fréttasíðu norska blaðsins Aftenposten á þriðjudag. Ástæðan er sú að vændiskonur stunda atvinnu sína á götum úti núna, og Galtung finnst það synd, sérstaklega þegar litið er til allra ferðamanna sem leggja leið sína um miðbæinn.

Telur Galtung að með því að banna vændi nema í sérstökum húsum geti það gert Osló að meira aðlaðandi borg.

Tillagan hefur notið mikils stuðnings. - smk

**STÓRIR!
LEIKIR UM HELGINA!**

ÞAÐ ER ÞVÍ UM AÐ GERA AÐ BYRGJA SIG VEL UPP AF COKE OG COKE LIGHT.

GRÍPTU MEÐ ÞÉR 10 DÓSA "KLÁRT Í KÆLINN" KASSA SEM SMELLPASSAR Í ÍSSKÁPINN OG TRYGGIR ÞÉR ÍSKALT OG SVALANDI COCA-COLA.

Upplifum stemninguna

Coca-Cola

Upplifum stemninguna

OFFICIAL PARTNER
2006 FIFA
WORLD CUP™

Coca-Cola, the design of the Coca-Cola Contour Bottle and the modified Dynamic ribbon are registered trademarks of The Coca-Cola Company. © 2005 The Coca-Cola Company.

VIÐ AFNEMUM VSK AF ÖLLU GRILLKJÖTI Í KRÓNUNNI Í DAG!

Maarud snakk
349 kr/pk

Egils Mix 2L
119 kr/2L

Super steiktur laukur
99 kr/stk

SS sinnep
79 kr/stk

Heinz Tómatósósa
99 kr/stk

Nóa Kropp RISAPOKI
229 kr/stk

McVites Digestive 2 teg. mint/orange
199 kr/pk

Ferskjur 1kg öskjur
249 kr/stk

Virki Samkeppni

SKEIFAN / BÍLDSHÖFÐI / HRINGBRAUT / BREIÐHOLT / NORÐURBRÚN / HVALEYRARBRAUT / MOSFELLSBÆR / SELFÖSS / VESTMANNAEYJAR / ÞORLÁKSHÖFN
 virkir dagar 11-19 laugardagar 11-19 sunnudagar 12-18 virkir dagar 11-19 laugardagar 11-19 sunnudagar 12-19 virkir dagar 11-19 laugardagar 11-19 lokað virkir dagar 11-21 laugardagar 11-21 sunnudagar 12-21 virkir dagar 11-21 laugardagar 11-21 sunnudagar 12-21 virkir dagar 11-21 laugardagar 11-21 sunnudagar 12-21 Allir dagar 12-23 virkir dagar 11-19 föstudagar 11-20 laugardagar 11-19 sunnudagar lokað virkir dagar 11-19 laugardagar 11-19 sunnudagar lokað virkir dagar 11-19 laugardagar 11-19 lokað

KRONAN

VIRK SAMKEPPNI

HM
FÓTBOLTI FYLGIR
HVERJU LÆRI

998 kr.
kg
~~1498~~

Krónu þurrkryddað
lambalæri + HM bolti

Oetker pizza
m/pepperoni

199
kr/2stk

21
fyrir
Oetker pizza
með pepperoni

**HOLLT
&
GOTT**

Moulinex Juice
Master
safapressa

5490

20%
afsláttur

Fjölfiskur
spjátrungur
ysubitar
línuýsa

Tagliatelle
Tortelloni
Lasagne
Cappaletti

25%
afsláttur

Rana pasta 4 teg.

Náttúra
bökunarkartöflur

149
kr/pk

Shop Rite
arinkubbar
3.5lbs

199
kr/stk

Nektarínur
1kg öskjur

199
kr/stk

Þykkvabæjar
kartöflubátar

158
kr/pk

Vilko MIX
2 teg.

298
kr/pk

EINNOTA GRILL
Ódýrt

199
kr/stk

Alltaf frábær tilboð alla daga



UNGI FÆR FAR Þessi svansungi þurfti ekki að hafa mikið fyrir lífinu, þar sem móðir hans synti með hann um Ontario-vatn í Torontó í Kanada fyrr í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nýrri stofnun umhverfisráðuneytisins er ætlað fjölþætt eftirlitshlutverk:

Byggingastofnun komið á fót

STJÓRNSÝSLA Ný stofnun, Byggingastofnun, mun taka til starfa, verði nýtt frumvarp umhverfisráðherra þar að lútandi að lögum. Stofnuninni er ætlað fjölþætt eftirlitshlutverk og mun meðal annars taka yfir öll verkefni Brunamálastofnunar sem um leið verður lögð niður.

Þá verða ýmsir eftirlitshættir fluttir frá öðrum stofnunum, til dæmis verður eftirlit með öryggi raforkuvirkja, neysluveitna, og raffanga færð frá Neytendastofnu, eftirlit með lyftum frá Vinnueftirlitinu og framkvæmd reglugerðar um viðskipti með byggingavörur frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Byggingastofnun mun aukinheldur hafa beint eftirlit með tiltekinni mannvirkjagerð, stuðla að samræmdu byggingaefirliti, annast löggildingar hönnuða og iðnmeistara og gefa út starfsleyfi fyrir byggingastjóra og faggiltar skoðunarstofur á byggingasviði.

Stefnt er að því að leggja fram ný frumvörp um skipulags- og byggingalög á þingi í haust og er ráðgert að Byggingastofnun taki til starfa um leið og þau fást samþykkt.

Ætlað er að starfsmenn nýju stofnunarinnar verði fast að tuttugu.

- bps



JÓNÍNA BJARTMARZ Frumvörp um breytta skipan á skipulags- og byggingasviði eru þau fyrstu sem hún kynnis sem ráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Lögreglan á Dalvík:

Handtók dóp-sala frá Dalvík

FÍKNIEFNI Lögreglan á Dalvík, stöðvaði bifreið á veginum milli Akureyrar og Dalvíkur við hefðbundið eftirlit. Lögreglu hafði borist ábending um að í bifreiðinni kynnu að vera eiturylf og var hún því stöðvuð.

Við leit í bílnum fundust rúmlega tuttugu grömm af hassi, sem lögreglu grunar að hafi verið ætluð til sölu. Í framhaldi var ákveðið að gera húsleit á Dalvík og fundust þar önnur rúmlega tuttugu grömm af hassi og ýmis áhöld til neyslu. Lögregla segir heildarmagnið sem gert var upptækt tæplega fimmtíu grömm.

- æpe

Líkamsárás í Breiðholti:

Fórnarlambið missti tönn

LÍKAMSÁRÁS Rétt liðlega þrutugur maður var ákærður fyrir héradsdómi Reykjavíkur í gær fyrir líkamsárás og eignaspjöll.

Honum er gefið að sök að hafa í marsmánuði á síðasta ári slegið mann hnefahöggi í andlit, á bifreiðastæði við bensínstöðina Select við Suðurfell, með þeim afleiðingum að framtönn í fórnarlambinu brotnaði. Einnig er honum gert að hafa rífið upp hægri framhurð bifreiðar með þeim afleiðingum að hún og bretti bifreiðarinnar skemmdust.

- æpe

Nýtt fræðirit afhent Ólafi Ragnar Grímssyni á Bessastöðum:

Forsetinn fær smáríkjafræðibók

ÚTGÁFA Forseta Íslands, Ólafi Ragnar Grímssyni, var á Bessastöðum á miðvikudag afhent ný bók í smáríkjafræðum, Smáríki í alþjóðastjórnárum.

Bókin var unnin á vegum Rannsóknarseturs um smáríki við Háskóla Íslands af fjölda fræðimanna frá Evrópu og Bandaríkjunum. Bókin er gefin út í samvinnu Háskólaútgáfunnar og útgáfu Háskólans í Washington og mun stefnt að frekari samvinnu útgáfunna í framtíðinni.

Baldur Þórhallsson, stjórnmaðlafræðidösendi við HÍ, er einn greinahöfundanna og verður bókin notuð við kennslu í skólanum.

- sh



MEÐ BÓKINA Ólafur Ragnar og Baldur Þórhallsson við afhendinguna á miðvikudag.



UMFERÐARPUNGI Flest umferðarslys verða hjá sautján ára öikumönnum, að sögn Einar Helgasonar forvarnarfulltrúa hjá Sjóvá. Hann er ekki sannfærður um ágæti þess að hækka bílprófsaldur.

SETTU ÞAÐ SAMAN **HTH**



Kr. 254.267.-
DEKOR RAMME HVID EG/2000

3 sýningarsalir:
Smáralind,
Akureyri og Selfoss

AEG

HEIMILISTÆKI Á
TILBOÐSVERÐI
ÞEGAR KEYPSTAR ERU
„SETTU ÞAÐ SAMAN“
INNRETTINGAR



FALLEGT,
VANDAÐ,
ÓDÝRT OG
TIL Á LAGER
– NÚNA

ORMSSON

Kr. 177.655.-
SOFT LUD/KH



ÁRVIRKINN, SELFOSSI · Sími 480 1160 | RADIONAUST, AKUREYRI · Sími 461 5003 | SMÁRALIND · Sími 530 2906 / 530 2907 / 530 2908

Bílprófsaldur verði hærrí

Ólafur Helgi Kjartansson, sýslumaður á Selfossi, vill að ökuleyfisaldur hér á landi verði hækkaður í átján ár. Hækkun fækkar ekki slysum, segir Holger Torp.

BÍLPRÓF Ólafur Helgi Kjartansson, sýslumaðurinn á Selfossi, vill að fólk sem er skilgreint samkvæmt lögum sem börn, fái ekki að aka bifreið. „Ég tel að það hafi verið mistök á sínum tíma þegar sjálf-ræðisaldurinn var hækkaður í átján ár að taka þá ekki tillit til þess að það væri óeðlilegt að láta ÖLAFUR HELGI KJARTANSSON börn, sem eru lögum samkvæmt börn, vera í umferðinni og bera þá þungu ábyrgð sem því fylgir,“ segir Ólafur Helgi. „Það er nógu alvarlegt að valda eða lenda í slysi sem lögráða og ábyrgur aðili, svo að við séum ekki að setja þá ábyrgð líka á fólk sem telst börn lögum samkvæmt.“

Ólafur Helgi segir tölurnar sýna að yngri öikumönnum sé hættara við að lenda í umferðaróhappi vegna reynsluleysis síns og það séu frekari rök fyrir að ökuleyfisaldurinn verði hækkaður. Samkvæmt Holgeri Torp, sérfræðingi hjá Umferðarstofnu, er ökuleyfisaldur á Norðurlöndunum átján ár. Holger segir að þrátt fyrir það fækki ekki umferðarslysum á meðal yngstu öikumanna hjá nágrannahjórðum okkar, eins og raunin er hér á landi. Athygli vekur að slysum fækkar ekki svo nokkru nemi á meðal annarra öikumanna en þeirra yngstu, að sögn Holgers.

„Umræðan um að hækka ökuleyfisaldurinn var áberandi hér á landi fyrir sex til sjö árum síðan og þá var hugmyndin skoðuð. Að því loknu komust menn að þeirri

niðurstöðu að hækkan ökuleyfisaldursins væri frekar frestun á vandanum heldur en lausn,“ segir Holger.

„Leiðin sem var ákveðið að fara var sú að gera ákvæði um bráðabirgðaskírteini virkari. Með þeim hætti að allir nýliðar þyrftu að fara í gegnum akstursmat við endurnýjun bráðabirgðaskírteina auk þess sem gerð var krafa um punkta-lausan akstur í tólf mánuði.“

Einar Helgason, forvarnarfulltrúi hjá Sjóvá, segir flest umferðaróhöpp verða hjá sautján ára öikumönnum. „Ég óttast að það eina sem myndi breytast við það að hækka aldurinn er að tölurnar myndu færast til. Átján ára myndu þá valda flestum slysum og þeim myndi ekki fækka,“ segir Helgi. „Það eina sem hefur áhrif á fækkun slysa er reynslan eins og tölurnar sýna glögglega.“

ae@frettabladid.is

TJÓNATIÐNI MEÐAL ÁRGANGA 2001 - 2005

17 ára	2001	27,5%
18 ára	2001	19,5%
19 ára	2001	15,0%
17 ára	2002	26,1%
18 ára	2002	20,2%
19 ára	2002	14,6%
17 ára	2003	21,2%
18 ára	2003	15,5%
19 ára	2003	12,5%
17 ára	2004	22,7%
18 ára	2004	15,2%
19 ára	2004	13,9%
17 ára	2005	23,5%
18 ára	2005	18,6%
19 ára	2005	16,7%

Evrópusambandið:

Barist um bleyjuskatta

BELGÍA Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins deilir nú harðlega um hvort leggja beri virðisaukaskatt á bleyjur ungabarna. Þetta kemur fram á fréttasíðu breska ríkisútvarpsins, BBC, á þriðjudag.

Sumir talsmenn aðildarlandanna tuttugu og fimm segja að alls ekki megi skattleggja bleyjur, því fæðingartíðni innan Evrópu sé nú þegar of lág og ekki megi draga frekar úr áhuga fólks á að eignast börn. Aðrir segja að bleyjur séu ekki læknisfræðilegar vörur og eigi því ekki að vera undanskildar skattlagningu.

- smk

Reykingar unglinga í Reykjavík og á Suðurnesjunum algengari en út á landi:

Dregur úr reykingum unglinga

HEILSA Unglingar á Suðurnesjum og í Reykjavík reykja meira en unglingar annars staðar á landinu. Þetta kemur fram í rannsókn á heilsu og lífskjörum barna sem gerð var meðal grunnskólanema nú í vor. Í ljós kom að 16 prósent unglinga á Suðurnesjum reykja daglega en 14,5 prósent ungliga í Reykjavík. Verulega hefur dregið úr reykingum unglinga undanfarin 11 ár. Árið 1995 reykti rúmur fimmtungur unglinga en einungis 12 prósent árið 2006. Lægst er hlutfallið á Norðurlandi vestra en þar reykja aðeins 2,9 prósent unglinga.

Þóroddur Bjarnason, prófessor í félagsfræði við Háskólann á

Akureyri, sem stýrði rannsókninni, segir öflugt forvarnarstarf hafa skilað þeim árangri að dregið hafi úr reykingum.

Lýðheilsustöð hefur nú hafið átak gegn því að selja fólki undir 18 ára aldri tóbak í samstarfi við verslanakeðjur í landinu. Veggspjöld hafa verið útbúin með texta þar sem minnt er á að samkvæmt lögum sé bannað að selja tóbak til þeirra sem eru yngri en 18 ára. Ástæða þykir til þess að vekja athygli á þessum lagaákvæðum nú vegna þess að reynslan sýnir að mörg ungmennti nota sumarið til að prófa að reykja.

- hs



REYKINGAR Átak Lýðheilsustöðvar og verslanakeðja í landinu snýst um að fólk yngra en 18 ára hvorki selji né kaupi tóbak.

Blóðug hvalaskoðunarferð:

Hvalveiðimenn veiddu hvalinn

NOREGUR, AP Hópur ferðamanna sem var í hvalaskoðunarferð undan ströndum Noregs fékk óvænt að kynna norskum hvalveiðum þegar norskt hvalveiðiskip kom aðvífandi og drap einn hvalanna sem fólk hafði verið að dást að. Atvikið varð um síðust helgi.

„Þetta var alveg örugglega ekki það sem við komum hingað til að skoða,“ sagði hollenski ferðamaðurinn Leontien Dieleman.

Ferðafólkið, sem var um 80 talsins, var á leið með togara til Lófótar.

Norðmenn ætla að veida 1.052 hrefnur í ár, eða 30 prósent fleiri en í fyrra.

- smk



NIKOLA GRUEVSKI Leiðtogi þjóðernisflokks Makedóníu hrósaði sigri í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kosningar í Makedóníu:

Sigur stjórnarandstöðunnar

SKOPJE, AP Þjóðernissinnar í Makedóníu unnu mikinn sigur í þingkosningum á miðvikudag. Þeir hlutu 33 prósent atkvæða, en voru áður í stjórnarandstöðu.

Leiðtogi flokksins, Nikola Gruevski, hrósaði sigri í gær, en stjórnarflokkur Sósíaldemókrata hrapaði úr rúmlega 40 prósentu fylgi niður í 23 prósent.

Flokkur þjóðernissinna þarf að öllum líkindum að leita til flokks albanska minnihlutans, sem hlaut tólf prósent, til þess að mynda stjórn.

- gb

„Stjórnmalavikan“ í Svíþjóð:

Bleyjumaður krefst umbóta

SVÍÞJÓÐ, AP Mikil er um dýrðir í „stjórnmalavikunni“ svokölluðu í Gotlandi sem hófst nýverið og markaði upphaf kosningabaráttu sænskra stjórnmalamanna fyrir þingkosningarnar á árinu. Allir stjórnmalamenn landsins flykktust á staðinn að kynna málefni og blanda geði við kjósendur. Aðgerðasinnar létu sig ekki vanta og brugðu margir þeirra á leik.

Meðal þess sem sjá mátti var maður sem gekk um í bleyju einni klæða, með snúð í munnum, og krafðist lengra fæðingarorlofs fyrir karla. Áhugamenn um bætt heilbrigðiskerfi framkvæmdu leiknar heilaskurðaðgerðir og femínistar dreifðu nærbuxum með dónalegum skilaboðum.

- sgi

Gistinóttum í maí fjölga:

Mest fjölgun á Austurlandi

FERDADJÓNUSTA Gistinóttum á hótélum í maí síðastliðnum fjölgaði um 17 prósent frá síðasta ári, fóru úr 87.200 í 102.100. Gistinóttum fjölgaði í öllum landshlutum en hlutfallslega var fjölgunin mest á Austurlandi þar sem hún var 24 prósent. Fjölgun gistinátta á hótélum í maí í ár má að öllu leyti rekja til útlendinga.

Á fyrstu fimm mánuðum ársins fjölgaði gistinóttum um tíu prósent frá fyrra ári og varð aukningin hlutfallslega mest á Suðurnesjum, Vesturlandi og Vestfjörðum þar sem gistinæturnar fóru úr 24.600 í 32.000 milli ára sem er 30 prósentu aukning.

- hs

Útsala

íþróttaskór sundföt sportfatnaður barnafatnaður

370

til

prósent

afsláttur

ÚTILÍF

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

„ORÐRÉTT“

Ástandslýsing
Íslenskra fótbolta-
kappa?

„Það verður þó að segjast eins og er að það er ekki gott ástand á leikmönnum liðsins, líkamlegt ástand og knattspyrnuhæfni er lítil sem engin.“

LOGI ÓLAFSSON, FYRRVERANDI LANDSLÍÐSPJÁLFARI OG NÚVERANDI PJÁLFARI NÓRDALÍÐSINS SEM ÆFIR Á SÝN, LÝSIR LIÐINU. FRÉTTABLAÐIÐ 6. JÚLÍ.

Framsókn á flóttu

„Það er eins og ríkisstjórnin sé á flóttu undan sjálfri sér og vilji ekki viðurkenna eigin verk. Stóriðjustefnunni er hvergi nærri lokið og mér finnst þetta kjánalegt hjá Jóni.“

MAGNÚS ÞÓR HAFSTEINSSON, ÞINGMAÐUR FRJÁLISLYNDA FLOKKSINS, TJÁIR SIG UM UMMÆLI JÓNS SIGURDSSONAR IÐNAÐAR- OG VIÐSKIPTARÁÐHERRA ÞESS EFNIS AÐ STÓRIÐJUSTEFNU SÉ LOKIÐ. FRÉTTABLAÐIÐ 6. JÚLÍ.

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? GRÉTAR MÁR SIGURDSSON TILVONANDI RÁÐUNEYTISSTJÓRI

Vilja eitt blátt lón til Kína

„Ég er búinn að vera með stóra kínverska sendinefnd í heimsókn hér á landi í þrjá daga, hún er núna farin og ég fer núna að huga að sumarfríinu,“ segir Grétar Már Sigurdsson, skrifstofustjóri viðskiptastofu utanríkisráðuneytisins. „Heimsókn sendinefndarinnar er hluti af því ferli sem við höfum verið að vinna að undanfarin misseri, að koma á fríverslunarsamningi á milli ríkjanna.“

Ekki var einungis boðið upp á fundarsetu fyrir Kínverjana í heimsókn þeirra hingað til lands, segir Grétar Már. Farið var í ýmsar ferðir á Suðurlandi við mikla hrifningu gestanna. „Við fórum hinn fræga Gullna hring með hópinn, að Gullfossi, Geysi og til Þingvallanna. Svo skoðuðum við eina varmavirkjun á Svartsengi og leist þeim svo vel á hana að ósk kom um að fá eina slíka til Kína ásamt Bláa lóninu sem þeir voru dolfallnir yfir. Þau vildu nú bara helst flytja hingað.“

Auk þess að sinna heimsókn sendinefndarinnar þurfti Grétar Már að skipuleggja EFTA fundinn sem haldinn var hér á dögunum. Hann er því farinn að lengja eftir sumarfríinu. „Ég fer alltaf í veiði á Íslandi og svo með fjölskylduna af landi brott til Frakklands.“ Grétar Már kvartar ekki undan sólarleysinu hér á suðvesturhorni landsins undanfarið. „Maður þarf aldrei sól ef maður er í veiði. Rigningin gerir vatnið betra í ánni og þar með verður laxinn liflegri og tekur betur.“

Grétar Már tekur við stöðu ráðuneytisstjóra í utanríkisráðuneytinu bráðlega og er fullur tilhökunar yfir því, en segist ekki þurfa að búa sig sérstaklega undir að taka við stöðunni. „Ég hef unnið sem náinn samstarfsmaður ráðuneytisstjórans í mörg ár og þekki þennan vettvang mjög vel,“ segir Grétar Már.

nær og fjær
tilveranSJÓNARHÓLL
FLUGA Í FÁNALITUM

FRÉTTABLAÐIÐ/INGÓLFR SIGURDSSON

PÁLMI GUNNARSSON

Er fróður um flugur og fluguveiði.

Skærir litir
gefa oft vel

George Bush eldri, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, er staddur hér á landi við laxveiðar. Á blaðamannafundi á Bessastöðum í vikunni afhentu forsetahjónin, Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaieff, honum sérhnyttu flugi í bandarísku fánalitum. Tónlistarmaðurinn Pálmi Gunnarsson er sérfróður um fluguveiði og er framkvæmdastjóri Íslensku fluguveiðipjónustunnar.

„Pumalputtareglan í sambandi við fluguveiði er sú að nota frekar skærar og litríkar flugur í sól og björtu en dekkja þær eftir því sem þyngra er yfir. Þetta eru bjartir litir og vafalaust veiðist ágætlega á hana,“ segir Pálmi, aðspurður um hvort flugan gæti gefið vel. „Ég hugsa að þessi fluga geti verið mjög áhugaverð í sól og litlu vatni, sérstaklega ef hún er hnytt á lítinn krók.“

Pálmi sem er uppallinn á Vopnafríði þekkir vel til í Selá þar sem Bandaríkjaforsetinn fyrrverandi er að veiða. „Ég sá í fréttum að hann hefði sett í einhverja laxa. Mér þykir það nú í sjálfu sér ekki merkilegt þar sem hann hefur ána út af fyrir sig“

Hver hjólreiðamaður á götunni
er einum bílnum færri

Hjólreiðar njóta vaxandi vinsælda sem ódýr og hagkvæmur ferðamáti. Magnús Bergsson er hjólreiðamaður af lífi og sál sem eignaðist sitt fyrsta alvöru hjól fyrir tuttugu árum. Hann heldur námskeið og breiðir út hjólreiðameninguna enda veit Magnús manna best að hjólreiðar lengja lífið.

„Að hjóla sparar peninga og er líkamsrækt auk þess sem það mengar ekki umhverfið,“ segir Magnús. Dæmið er svo einfalt fyrir Magnúsi að hann er ekki einu sinni með bílpróf, einfaldlega vegna þess að hann þarf þess ekki. „Ég get flutt flest allt á hjólinu nema sófasett og flygla og þá hringir maður auðvitað bara í flutningaþjónustu,“ bætir hann við og hlær.

Sem hjólreiðamaður af lífi og sál hefur Magnús tekið vel eftir auknum vinsældum reiðhjólsins. „Hjólin hafa auðvitað verið að batna og verða alltaf notendavænni,“ nefnir Magnús aðspurður um sitt mat á ástæðum þess að fleiri velja að hjóla. Hann bendir einnig á að í Reykjavík hafi veðráttan breyst til hins betra. „Trén eru orðinn hærrí, meira skjól og minni vindur, svo maður verður bara að viðurkenna að manni finnst vera hlýrra núna en síðustu ár.“ Magnús ítrekar þó að veðráttan sé ofmetinn þáttur í því að ekki fleiri stundi hjólreiðar. Vindurinn sé í raun hentugur fyrir hjólreiðar, að minnsta kosti í samanburði við Suður-Evrópu þar sem hitinn eyðileggur frekar hjólreiðarnar er hitt.

Hjólreiðarnar blómstra þó



MAGNÚS BERGSSON SNERTIR EKKI BÍLINN Hjólið er nógu góður fararskjóti fyrir Magnús sem segist geta flutt flest allt á hjólinu nema sófasett og flygla, enda finnst honum ekkert verra að fá fagmenn í slík verk.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ekki eins og möguleikar standa til því reiðhjólin rekast á margar hindranir. Magnús nefnir bílaumferðina á landinu sem hann kallar pláguna sem hjólreiðamenn standa frammi fyrir. „Öll umferð í Reykjavík hefur aukist og reyndar á landinu öllu. Óþolinmæði bílstjóra er alveg ótrúleg og er ein mesta hættan sem stöðjar að okkur. Úti á landi eru líka þungaflutningar á stóru vegunum sem eru alveg stórhættulegir. Ég er til dæmis sjálfur eiginlega hættur að fara stóru vegna og vel fjall-

vegi í staðinn.“ Hann segir að skipulagið í Reykjavík hafi líka ekkert gert til að koma til móts við fjölgun hjólreiðamanna og aukna umferð. „Í umræðunni um að verði að reisa mislæg gatnamót fyrir milljarða virðist hvorki vera til peningur eða hugvit til að bæta aðstöðu hjólreiðamanna. Oft gleymist að betri aðstaða fyrir hjól léttir á vegunum því hver hjólreiðamaður er einum bílnum færri.“

Aðspurður um hvort hann lumi á góðum ráðum fyrir fólk sem vill

leggja bílnum, að minnsta kosti á styttri leiðunum og grípa í hjólið, segir Magnús að töfraorðin séu „bara að drífa sig“. Aðalatriðið sé að sýna hjólinu áhuga og vera meðvitaður um kosti þess að hjóla. Hann nefnir í því sambandi borgaryfirvöld í Óðinsvéum sem hafa sagst á opinberum vettvangi hafa lengt líf borgarbúa síðan þeir fóru að hvetja fólk í auknum mæli til að nota hjólin. „Annars held ég að þetta sé bara spurning um vilja, þora og bara kýla á það.“

annat@frettabladid.is

Fáðu FÍB dælulykil

Með FÍB-dælulykli færð þú 2 krónur í afslátt af hverjum bensin- og disillitru. Félagar í FÍB fá að auki margvíslegan ávinning eins og FÍB aðstoð (ókeypis start, hjálp við sprungið dekk og dráttarbil), 1.080 kr. afslátt af bifreiðaskoðun og lægri tryggingaútgjöld.

Hringdu núna eða sæktu um lykil á www.fib.is. FÍB dælulyklar gilda á bensinstöðvum Atlantsolíu.

Show your Card! afsláttur og sérkjör um víða veröld.

FÍB blaðið - fróðleikur og skemmtiefni.



FÍB / Sími 414 99 99
www.fib.is

Afsláttur • Sparnaður • Ávinningur • Sértilboð

-2kr

Kári Brynjólfsson:

Alltaf þótt gaman að hjóla

Keppnishjólreiðar eru íþrótt sem nýtur vaxandi vinsælda hér á landi og eru starfandi tvö félög sem halda úti æfingum. Hjólreiðakapparnir keppa á alþjóðlegum mótum og standa nokkuð framarlega í íþróttinni.

Kári Brynjólfsson er ungur keppnishjólreiðamaður sem hefur æft sig á hjólinu undanfarin fjögur ár. Hann hefur farið nokkrum sinnum til útlanda að keppa og hefur bæði tekið þátt í Norðurlandamótinu og Smáþjóðaleikunum. Keppnin hefur að sögn Kára gengið bara ágætlega og að hann hafi staðið sig í meðallagi miðað við aðra keppendur.

„Mér hefur alltaf fundist gaman að hjóla og ákvað að prófa þetta,“ segir Kári aðspurður um ástæður þess að hann ákvað að fara að æfa hjólreiðar. Um tuttugu manns taka þátt í reglulegum æfingum sem fara fram í Reykjavík. „Við notum útihjólástigana í Fossvogin-



KÁRI BRYNJÓLFSSON KEPPIR Í HJÓLREIÐUM Ásamt því að stunda keppnishjólreiðar vinnur Kári í versluninni Erninum og notar hjólið mikið til að komast á milli staða.

FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

um og stíginn sem fer hringinn í kring um Reykjavík. Svo fórum við bara á Mosfellsheiði eða inn í Öskjuhlíð.“

Kári segist þó ekki einungis æfa hjólreiðar heldur nota hjólið mikið til

að komast á milli staða, ásamt því að vinna nú í sumar í hjólreiðaversluninni Erninum. „Það er bara mjög þægilegt að komast á milli staða á hjólinu,“ segir Kári Brynjólfsson.

nettó í sumarskapi

full búð af tilboðum

frábær
tilbreyting!



25%
afsláttur við kassa

Kryddlegið Hrefnukjöt

frábært á
grillið!



25%
afsláttur við kassa

Verð 1498 kr/kg

Danskar kjúklingabringur 1 kg.

pú sparar
692 kr/kg



41%
afsláttur við kassa

Borgarnes grísakótilettur kryddaðar

pú sparar
798 kr/kg



40%
afsláttur við kassa

Verð 1199 kr/kg

Nettó lærisseiðar

nýveiddur
humar!

hvergi betra
verð!



599

kr/pk

Nýveiddur humar 500gr.

pú sparar
567 kr/kg



50%
afsláttur við kassa

Verð 566 kr/kg

Godi ostapylsur

frábær í
ferðalagið!



99

kr/stk

Náttúra Epla- og Appelsínusafi 1 ltr.

lækkað verð!
nú 199 kr



100kr
verðlækkun per stk.
nú 379 kr



159

kr/pk

Náttúra vöflumix 500gr.

allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími 7. júl til 9. júl eða á meðan birgðir endast.

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

nettó

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Birgjum okkur

Kryddlegnar
danskar
kjúklingabringur

ALI svína grillkótelettur og úrbeinaður grillhnakki

EINNOTA FERÐAGRILL

TRAVEL BBQ

725 g GRILL

179 KR.

EINNOTA

INSTANT RECUE

725g

Einfalt og þægilegt í ferðina

DANSKAR KRYDDLEGNAR

1998 KR.

KJÚKLINGABRINGUR

1189 KR.

30% afsláttur

við Kassann

Taktu þátt í sumarleik Klóa!

KÖKÓ mjólk

Lukkumiði fylgir hverjum sexpakka

sykurskert

EKKERT BRUÐ!

10 Kleinur

GÆÐAKLEINUR

149 KR.

10 Í PAKKA

20% verðlækkun

VERÐ NÚ:

773 KR.

Sjáðu verðið!

4 sneiðar í pakka

ÚRVALS FLATKÖKUR

59 KR.

4SN

GÓU ÞRENNNA

GÓU ÞRENNAN

399 KR.

PRINS/HRAUN/ÆÐI

ÆÐI BITAR

HRAUN BITAR

26% Gouda ostur

TVÖFALDUR PAKKI

SUMARHRÍS

499 KR.

600g

600g

Apelsinjuice

Tropísk nektar

ÁVAXTASAFI

69 KR.

líttri

BÓNUS

12 SALERNISRULLUR

12 rúllur

198 KR.

3 XL

góðar við grillið

Upp í Bónus!

BEINLAUS LAMBASTEIK - GÓÐ Á GRILLID!

VILLI LAMBASNEIÐAR

839
KR.
MÆTT VERÐ 1.399^{ka}

40% afsláttur
við kassann

Villikryddaðar lambasneiðar

VILLI LAMBASTEIK

1189
KR.
MÆTT VERÐ 1699^{ka}

30% afsláttur
við kassann

LAMBASTEIK

Lukkunúmer fylgir öllum dósnum af sýrðum rjóma frá MS

Taktu þátt í **GRILL - LEIK** MS og gáðu í lukkunúmerið í lokinu á MS sýrða rjómanum þínum!

10 Weber grill í vinning!

Gott með grillmatnum!

Folaldakjöt og hamborgarar fyrir nautnaseggina

40% afsláttur
við kassann

XL alvöru brauð!

407
KR.
MÆTT VERÐ 679^{ka}

899
KR.
1.10 frosnir hamborgarar

98
KR.
4-XL brauð

99
KR.
BÓNUSAMLOKA

69
KR.
EGILS MALT 1 GLERI

270 ml

149
KR.
270 ml

Hvítlauks sós

BÓNUS GRILLSÓSA

Saltað folaldakjöt

98
KR.
200 GRÖMM

EUROSHOPPER-SNAKK

99
KR.

APPELSÍN

59
KR.
Í GLERI

APPELSÍN

69
KR.
Í GLERI

99
KR.
BÓNUSÍDYFA 175 ml

Samlokur
3 TEGUNDIR

Bónusfetinn

198
KR.
250g

BÓNUS FETA

BÓNUS FETA

98
KR.
350g

KF SALAT


98
KR.
350g

www.bonus.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Svona erum við

> Árleg neysla kindakjöts á íbúa 1983-2004



Heimild: Hagstofa Íslands

baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: ALPÝÐUSAMBAND ÍSLANDS**Berst fyrir réttindum félagsmanna**

Alþýðusamband Íslands var stofnað árið 1916 sem verkalyðsfélag, í því skyni að bæta kjör verkamanna. Félagið hafði mikil áhrif frá upphafi á kjör og réttindi launafólks, en einnig samfélagið í heild sinni. Alþýðusamband Íslands er í dag stærsta fjöldahreyfing launafólks á landinu. Um tveir þriðju launamanna í skipulögðum samþykkingum á Íslandi eru í ASÍ.

Hvað eru margir í ASÍ?

Félagsmenn ASÍ eru rúmlega 88.905 í 82 aðildarfélagum um land allt. Aðildarfélagin raða sér í sex landssambönd og fimm félög sem hafa beina aðild, sem aftur mynda ASÍ. Alþýðusambandið gegnir viðtæku hlutverki í hagsmunagæslu fyrir félagsmenn sína

og alpýðu alla, meðal annars með margvíslegri þjónustu við aðildarfélag og félagsmenn og að gæta hagsmuna launafólks gagnvart atvinnurekendum og stjórnvöldum.

Hver eru stefnumál ASÍ?

Alþýðusambandið hefur margvísleg stefnumál og hefur afskipti af mörgum hlutum þjóðlífsins. Málaflokkar eru til dæmis mennta-, fjölskyldu-, velferðar-, atvinnu- og húsnæðismál, en einnig stærri stærri mál í þjóðfélaginu, svo sem skattamál, velferðarmál og alþjóðamál. Kjara- og atvinnumálin eru efst á baugi en einnig er stöðugt starf í gangi í ýmsum málaflokkum. Þá gegnir Alþýðusambandið einnig upplýsingar-, ráðgjafar- og

aðhaldshlutverki gagnvart stjórnvöldum jafnt og stjórnarandstöðu, til dæmis með vinnu og ráðgjöf við gerð frumvarpa og umsögnum um lagafrumvörp og þingsályktanir.

Hver eru áhrif ASÍ á þjóðfélagið?

„Segja má að verkalyðshreyfingin hafi að verulegu leyti byggt upp það velferðarkerfi sem við njótum góðs af í dag, samstaðan og fjöldinn gerir henni kleift að hafa pólitísk áhrif og móta þjóðfélagið að þörfum fólksins,“ segir á heimasíðu Alþýðusambandsins. „ASÍ gerir kröfu um úrbætur, völd og áhrif fyrir hönd félaga sinna, en úrslitavaldið þegar mest á reynir, til dæmis við gerð kjarasamninga eða verkfallsboðun, er ætíð í höndum fólksins í stéttarfélagunum. Samhlíða kjarabaráttu líðandi stundar hefur alla tíð verið lögð áhersla á að byggja upp fyrir næstu kynslóðir og horfa til framtíðar.“

**SPURT & SVARAÐ**

STÝRIVEXTIR

**Vopn gegn verðbólgu**

Seðlabankinn hækkaði í gær stýrivexti um 75 punkta. Sigurður Jóhannesson er hagfræðingur hjá Hagfræðistofnun.

Hvað eru stýrivextir?

Stýrivextir eru vextir á skammtímalánum Seðlabanka til viðskiptabankanna og aðalvopn hans í baráttu við verðbólgu.

Hvaða áhrif hafa breytingar á þeim á hagkerfið?

Vextir á skammtímalánum bankanna hækka yfirleitt um leið og stýrivextirnir. Gengi krónunnar hækkar ef vaxtahækkunin er óvænt, en verð á eignum lækkar að öðru jöfnu. Eitt og hálf til tvö ár geta síðan liðið þar til mestu áhrif stýrivaxtahækkunar á verðbólgu eru gengin yfir.

Geta stýrivextir undir öllum kringumstæðum ráðið við verðbólguna?

Peningastefnan er lengi að virka og erfitt getur því verið að ráða við óvæntar breytingar í eftirspurn. Ef aðstæður á markaði eru fyrirjáanlegar getur Seðlabankinn ráðið bug á hvaða verðbólgu sem er með því að hækka stýrivextina. Breytingar á húsnæðislanum, lækkun tekjuskatts um áramótin og stóriðjuframkvæmdir hafa torveldað baráttuna við verðbólgu að undanförunu, en í sjálfu sér hefðu nógu háir stýrivextir getað ráðið við verðbólguþrýstinginn. Verðbólgan sem nú ríður yfir er líklega vegna of vægrar peningastefnu undanfarið.

Mest

lesna tímaritið*

*Gallup Október 2005



KIRKJUBÆJARKLAUSTUR Allt bendir til að góð þátttaka verði í væntanlegu prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í suðurkjördæmi. Flokkurinn á þrjá þingmenn í kjördæminu og hafa þeir allir í hyggju að sækjast eftir endurkjöri.

Beðið eftir Árnnum tveim

Margir hafa hug á að gegna þingmennsku fyrir Sjálfstæðisflokkinn í suðurkjördæmi. Yfirlýsing Kristjáns Pálssonar um að hann stefni að þátttöku í væntanlegu prófkjöri hefur ýtt við fólki. Sterkur orðrómur er á kreiki um að Árni M. Mathiesen færi sig úr suðvesturkjördæmi í suðurkjördæmi.

Sjálfstæðisflokkurinn á þrjá þingmenn í suðurkjördæmi en það nær frá Hornafirði í austri til Reykjanes í vestri. Árni Ragnar Árnason var í forystusæti lista flokksins í síðustu kosningum en lést þegar skammt var liðið á kjörtímabilið. Drífa Hjartardóttir er því oddviti sjálfstæðismanna í kjördæminu en aðrir þingmenn eru Guðjón Hjörleifsson og Kjartan Ólafsson. Yfirgnæfandi líkur eru á að þau þrjú sækist eftir endurkjöri. „Ég býst fastlega við því,“ sagði Drífa í samtali við Fréttablaðið, „það eru meiri líkur en minni á því,“ sagði Guðjón og Kjartan sagði: „Ég hef ætlað mér það.“

DRÍFA
HJARTARDÓTTIRGUÐJÓN
HJÖRLEIFSSON

Enn hefur ekki verið tekin formleg ákvörðun um að halda prófkjör en stjórn kjördæmisráðs Sjálfstæðisflokksins samþykkti á fundi í vetur að stefna bæri að því. Ekkert hefur komið fram sem bendir til að annað verði ákveðið en fundur fulltrúaráða flokksfélaganna verður haldinn á Hótel Geysi í septemberlok og þar verður endanleg ákvörðun tekin. Fyrir síðustu kosningar var stillt upp á listann og var það gert í ljósi þess að kjördæmið væri nýtt og því heillavænlegra að haga málum á þann veg, frekar en að efna til prófkjörs.

Kristján Pálsson er svo að segja staðráðinn í að taka þátt í prófkjörinu og lýsti þeim hug sínum í Fréttablaðinu á miðvikudag. Kristján sat á þingi fyrir Sjálfstæðisflokkinn á árunum 1995 til 2003 en bauð fram sér í kosningunum 2003 og hlaut ekki kosningu.

Háværar raddir eru á kreiki um að Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra fari í framboð í suðurkjördæmi en hann er þingmaður suðvesturkjördæmis. Í síðustu kosningum var Árni í forystusæti Sjálfstæðisflokksins sem hlaut fimm menn kjörna. Síðan þá hafa flokksmenn kosið Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, sem var í fjórða sæti á lista, í embætti varaformanns og þykir sumum ófært annað en að varaformaður Sjálfstæðisflokksins skipi fyrsta sæti lista í sínu kjördæmi. Árni Mathiesen var ófánlegur til að segja nokkuð um framboðsmál sín.

Sigurður Valur Ásbjarnarson, formaður kjördæmisráðs Sjálfstæðisflokksins í suðurkjördæmi, segist hafa borið málið undir Árna

eftir að fréttir voru fluttar af hugsanlegri tilfærslu hans. Árni hafi svarað því til að hann hefði ekkert ákveðið enn. Sigurður Valur segist annars lítið hafa orðið var við umræður um málið í kjördæminu, meira sé um það talað í kjördæmi Árna. Sagðist hann um leið fagna öllum sem áhuga hafa á að starfa fyrir flokkinn í kjördæminu og vonaðist til að sem flestir tækju þátt í væntanlegu prófkjöri.

Það var annars á ýmsum að heyra að þeir skildu lítt í þessum vangaveltum. Engin vandamál væru í suðurkjördæmi og færi svo að Árni færi sig um set væri það aðeins og eingöngu til að leysa einhvern tilbúinn vanda í öðru kjördæmi.



ÁRNI MATHIESEN



ÁRNI JOHNSEN

Annar Árni, Árni Johnsen, er ítrekað nefndur sem væntanlegur þátttakandi í prófkjörinu. Svo að segja allir sem rætt er við um framboðsmál í suðurkjördæmi telja að Árni hyggi á endurkomu í stjórn málin. Sjálfur vill hann fátt um málið segja, annað en það að vart líði sá dagur að hann sé ekki spurður út í málið. Og hann útilokar ekkert enn.

Böðvar Jónsson, fasteignasali og bæjarfulltrúi í Reykjanesbæ, er varabingmaður í kjördæminu. Hann segist enn ekki hafa tekið ákvörðun um hvort hann taki þátt



KJARTAN ÓLAFSSON



KRISTJÁN PÁLSSON

og metur líkurnar jafnar. Grímur Gíslason, fyrrverandi stjórnarformaður Herjólfss í Vestmannaeyjum, er á hinn bóginn að velja þátttöku fyrir sér enda verið hvattur til þess.

Um gjörvallt kjördæmið eru fjölmargir aðrir nefndir sem líklegir þátttakendur. Í þeim hópi eru Helga Þorbergsdóttir í Vík, Aldís Hafsteinsdóttir í Hveragerði, Albert Eymundsson á Höfn og Unnur Brá Konráðsdóttir á Hvalsvellu en öll sátu þau á framboðslistanum fyrir tæpum fjórum árum. Þá hefur nafn Viktors Kjartanssonar verið nefnt en hann er formaður fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna í Reykjanesbæ.

Eftir tvær vikur halda sjálfstæðismenn í suðurkjördæmi samarhátíð og fagna úrslitum sveitarstjórnarkosninganna. Hafa margir á orði að þar kunni ýmislegt að koma í ljós og ráða megi af mætingu hvort viðkomandi ætli fram eða ekki. Er þess ekki síst beðið með nokkurri eftirvæntingu hvort Árnarnir Mathiesen og Johnsen láti sjá sig.

FRÉTTASKÝRING
BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON
bjorn@frettabladid.is



AFSLÁTTUR
20%
AFSLÁTTUR

AFSLÁTTUR
40%
AFSLÁTTUR

TICKER LEÐURSÓFAR

FÁANLEGIR Í BRÚNU OG BEIGE

2JA SÆTA	64.800 KR.	ÁÐUR 108.000 KR.
3JA SÆTA	74.400 KR.	ÁÐUR 124.000 KR.
STÓLL	44.400 KR.	ÁÐUR 74.000 KR.

VINTAGE VERÐDÆMI:

SÓFABORÐ	31.200 KR.	ÁÐUR 39.000 KR.
SKENKUR 220CM	71.200 KR.	ÁÐUR 89.000 KR.
HLIÐARBORÐ	28.800 KR.	ÁÐUR 35.000 KR.
TV KOMMÓÐA	39.200 KR.	ÁÐUR 49.000 KR.
GLERSKÁPUR 180CM	126.400 KR.	ÁÐUR 158.000 KR.



AFSLÁTTUR
25%
AFSLÁTTUR

BORÐSTOFUSETT

VINTAGE BORÐ 180X90 OG
SEX THÝPHOON LEÐURSTÓLAR BRÚNIR

96.750 KR.
ÁÐUR 129.000 KR.

FABRIKAN

JÚLÍTILBOÐ

20-40% AFSLÁTTUR

TEKK
COMPANY

OPIÐ VIRKA DAGA KL. 10-18 OG LAUGARDAGA KL. 10-16

BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | Sími 564 4400 | Fax 564 4435 | TEKK@TEKK.IS

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 5.401 -0,6% Fjöldi viðskipta: 262
Velta: 3.077 milljónir

MESTA HÆKKUN

Össur +0,93%
Straumur-Burðarás +0,59%
Landsbankinn +0,50%

MESTA LÆKKUN

Vinnslustöðin -2,38%
Bakkavör -2,21%
FL Group -1,72%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:

Actavis 64,10 +0,00% ... Alfesca 3,98 +0,25% ... Atlantic Petroleum 550,00 -0,72% ... Aorka 6,18 +0,49% ... Avion 32,10 -0,62% ... Bakkavör 44,30 -2,21% ... Dagsbrún 5,67 -0,18% ... FL Group 17,10 -1,72% ... Glitnir 17,20 -1,15% ... KB banki 730,00 -0,95% ... Landsbankinn 20,10 +0,50% ... Marel 70,60 -0,28% ... Mosaic Fashions 15,70 -0,63% ... Straumur-Burðarás 17,00 +0,59% ... Össur 109,00 +0,93%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn...

Rænis frá Rökke

Jan Peter Sissener, hinn litríki og yfirlýsingaglaði stjórnandi Kaupþings í Noregi, rændi á dögnum Inger Lise Egeland sem unnið hefur í næstum sex ár fyrir félag Kjells Inge Rökke, Aker. Sissener er að vonum kátur með fenginn og í Dagens Næringsliv segir hann hana hafa upplifað góða og slæma tíma á markaði og sé afar hæg, full af frumkvöðlaanda og standi fast á sínu.

Þessi lýsing er ekki langt frá lýsingu persónu í verki landa þeirra Rökke og Sissener, Torbjörns Egner, Soffiu fráenku, en sá mikli skörungur kom skikk á heimilishald þeirra pílta Kaspers, Jespers og Jónatans. Svo skörunglega gekk hún til verks að þeir kveinkuðu sér og ákváðu að ræna henni aftur og skila henni heim. Sissener hefur sjálfur kvartað undan því að lausatök hafi verið í hinu norska Kaupþingi áður en hann kom til starfa, þannig að ekki veitir sennilega af sterkum starfsmanni til að halda mönnum við efnið.

Enginn Hrói höttur

Annars boðar Sissener harðan slag við þá stóru og segir markmiðið að vera banki sem sinnir fáum en stórum kúnum. Hann segist leita að fólki til að mynda sterkan hóp sem vinni saman og helst lengi fram eftir, ef marka má brottreka starfsmenn. Kostur sé ef menn hafa unnið saman áður. Þeir sem ættu að standa vaktina gagnvart sókn Kaupþings séu helst Storebrand og Privatbanken. Markmiðið sé að ná til ríkra kúnna. Rökke er tvímælalaust einn af þeim stóru, en ekki er víst að hann mæti þar eftir að Sissener hefur stolið frá honum toppstarfsmanni. Hitt er svo líka annað að Rökke er í góðu sambandi við Glitnismenn sem reyndust honum vel þegar á móti blés og því gleymir Rökke sennilega seint.



MARKAÐSPUNKTAR

Samtök atvinnulífsins segja afleiðingarnar af nýrri reglugerð umhverfisráðherra, um íblöndun bætiefna í matvæli, verða aukinn kostnað og umstang og þar af leiðandi enn einn þáttinn sem viðhaldi háu matvælaeverði hér á landi.

Ný úttekt OECD, sem sagt er frá í Fréttabréfi Samtaka atvinnulífsins, sýnir að útgjöld til heilbrigðismála vaxa stöðugt í ríkjum OECD umfram landsframleiðslu.

Launavísitala Hagstofu Íslands hækkar um 0,9 prósent í maí frá fyrri mánuði segir í Hálf fimm fréttum KB banka. Hækkunin er minni en sem nemur verðlagshækkunum og rýrnaði kaupmáttur því um 0,3 prósent.

Ísland þarf erlent fé

Athafnamaðurinn Björgólfur Thor Björgólfsson segir einn helsta veikleika íslenskra fjármála-geirans og íslenskra fyrirtækja yfirleitt, að áliðnaðinum undanskildum, að erlent fjármagn skorti. Áður en Ísland geti talist fullgildur þátttakandi í alþjóðahagkerfinu þurfi meira fé að komu úr vösum erlendra fjárfesta til allra helstu atvinnugreina landsins. Þetta kom fram í ávarpi hans til gesta í hádegisverðarboði sem Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarstjóri í Reykjavík, hélt til heiðurs forseta Grikklands í Höfða í gær. Forsetinn, herra Karolos Papoulias, er sem kunnugt er staddur hér á landi í opinberri



BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON

heimsókn í boði Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands.

Í ræðunni rakti Björgólfur meðal annars ástæður þess að hann hefur oft valið að fjárfesta innan samfélaga og á sviðum sem eru að ganga í gegnum breytingatímabil. Sagði hann að við slíkar aðstæður myndist tækifæri til að sjá ákveðna leitni á markaði einmitt þegar hún verður til og fylgja henni eftir á meðan hún þróast áfram.

Í lok ræðu sinnar vitnaði Björgólfur í orð gríska heimspekingsins Aristótelesar. Sagði hann eitt af því mörgu sem Grikkir hefðu kennt okkur Íslendingum væri að skilja gildi vináttunnar.

- hls

Endurskoða vexti í ágúst

Verðbólguhorfur hafa versnað. Seðlabankinn bregst við með 75 punkta hækkun stýrivaxta sem verða 13 prósent. Veiking krónunnar og samkomulag á vinnumarkaði er meðal þess sem ýtt hefur undir verðbólgu. Staðan verður endurmetin 16. ágúst.

Seðlabanki Íslands brást við versnandi verðbólguhorfum með hækkun stýrivaxta um 0,75 prósentustig í gærmorgun. Davíð Oddsson, formaður bankastjórnar Seðlabankans, fór yfir forsendur hækkunarinnar á blaðamannafundi í Seðlabankanum þar sem einnig voru kynnt Peningamál, rit bankans um efnahagsmál.

Horfur í efnahagsmálum hafa breyst töluvert og hefur gengi krónunnar til að mynda lækkað um 12 prósent síðan í mars. Peningamál komu síðast út þá og stýrivextir voru hækkaðir um 0,75 prósentustig. Helmingur lækkunarinnar hefur svo átt sér stað síðan í maí þegar Seðlabankinn breytti síðast vöxtum, þá aftur um 0,75 prósentustig. „Gengislækkunin hefur þegar



Í SEÐLABANKANUM Davíð Oddsson, formaður bankastjórnar Seðlabankans, kíkir yfir öxlina á Eirli Guðnasyni seðlabankastjóra og Arnóri Sighvatsyni aðalhafgræðingi. Lengst til vinstri situr svo nýskipiður seðlabankastjóri, Ingimundur Friðriksson. FRÉTTABLAÐIÐ/HÓRÐUR

leitt til mun meiri verðbólgu og mun gera áfram á næstu mánuðum. Samkomulag Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands í júní eykur einnig á verðbólguþrýstinginn,“ segir Davíð og bendir á að við núverandi aðstæður á vinnumarkaði sé hætt við að launahækkunin færist upp launastigann. „Kaupmáttur er nú þegar meiri en framleiðslugeta þjóðarvaxta stendur undir. Hækkunin í júlí eykur kaupmátt um skamma hró, en ástæða er til að óttast að rýrnun kaupmáttar fylgi í kjölfarið, sökum aukinnar verðbólgu umfram hækkun launa eða minnkandi atvinnu. Að óbreyttum stýrivöxtum er líkleggra að hin mikla hækkun launa valdi aukinni verðbólgu, fyrst vegna

kostnaðarþrýstings en síðar einnig vegna áhrifa á eftirspurn og gengi krónunnar.“

Davíð segir að samkvæmt forsendum bankans sé útlit fyrir að verðbólga aukist í nær 11 prósent á síðasta ársfjórðungi og haldist á svipuðum slóðum fram á mitt næsta ár. Nokkrir óvissuþættir séu þó í spá bankans, svo sem hversu hratt miðlun stýrivaxtanna gangi út í fjármálakerfið og um þróun gengis krónunnar. Hann segir stjórn Seðlabankans því hafa ákveðið að meta um miðjan næsta mánuð þörfina fyrir frekara aðhald og tilkynna ákvörðun um stýrivexti. Þetta er fyrir utan skilgreinda vaxtaákvörðunardaga bankans, sem annars hefði næst ákveðið stýrivexti 14. september.

Hækkun stýrivaxtanna er í takt við spár bankanna. Glitnir segir eftir hækkun fyrirséðra stöðnum eða samdrátt verða í efnahagslífinu á næsta ári og því ekki heppilegt að Seðlabankinn hækki vexti mikið til viðbótar, en telur aukaákvörðun í ágúst heldur auka líkur á frekari hækkun. KB banki tekur í sama streng og telur auknar líkur á harðari lendingu í efnahagslífinu. Landsbankinn spáir 50 punkta hækkun í ágúst og 25 til 50 punktum í september þannig að stýrivextir fari í allt að 14 prósent og útilokar ekki frekari hækkunir. olikr@frettabladid.is

Sameinast líklega seint í október

Markaðsvirði SPH og SPV slagar í sextán milljarða.

Jón Þorsteinn Jónsson, stjórnarformaður SPV, býst við að samruni SPH og SPV geti átt sér stað seinni partinn í október fallist FME og stofnfjáreigendur á samrunaáætlun stjórnna.

Hann segir að samruni af þessu tagi sé nokkuð flókin. Sérstakt móðurfélag verður stofnað utan um rekstur sparisjóðanna og dótturfélag og áfram sé ætluð að reka SPH, SPV, Allianz og S24 undir eigin nöfnum. Fjöldi útibúa verður sá sami.

Stofnfjáreigendur í SPV fá 61 prósent fyrir sinn snúð en eigendur í SPH 39 prósent. Aðspurður um hvernig skiptihlutföll hefðu verið ákveðin segir Jón Þorsteinn að allt að tíu þættir hafi komið til álita, til dæmis eigið fé, heildareignir, lánasafn og einnig var eigið fé endurmetið út frá duldu eignum.

- epa



JÓN ÞORSTEINN JÓNSSON Samruni SPH og SPV gæti gengið í gegn í október.

Sérfræðingar telja ekki óvarlegt að meta heildarvirði sameinads sparisjóðs SPH og SPV á þrettán til sextán milljarða króna út frá eigin fé sparisjóðanna. Samanlagt eigið fé þeirra var tæpir tíu milljarðar króna um síðustu áramót og því er verið að meta sparisjóðina á 30-60 prósent yfir bókfærðu virði. Til samanburðar er SPRON metinn á um þrjátíu milljarða.

VERDBÓLGAN HJADNAR HRADAR

■ Að lokinni útsölu breytir fólk innkaupaháttum sínum.

Tryggvi Þór Herbertsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskólans, segir að í stýrivaxtahækkun í hærri kantinum nú megi greina vildi Seðlabankans til þess að slá á væntingar um frekari verðbólgu. „Ljóst er að í september og júní voru gerð ákveðin mistök. Þá voru of litlar hækkunar og gefið til kynna að vaxtahækkunarferlið væri þá komið að einhverjum endamörkum, allt of snemma. Núna gætu menn verið að reyna að endurheimta trúverðugleika.“ Sjálfur bjóst Tryggvi við 50 punkta hækkun nú, sem fylgt hefði verið eftir með 25 punkta hækkun og þar með væri vaxtahækkunarferlinu lokið. Um leið segir hann bankann ekki spá nægilega hraðri hjöðun verðbólgunnar þegar horft er til næstu mánaða. „Gengislækkun ein og við höfum séð gerir að verkum að það verður mjög hraður samdráttur í eftirspurn. Öll þessi neysla sem við höfum verið að sjá núna og við Mishkin skrifuðum um í skýrslu okkar í maí endurspeglar skynsamlega hegðun heimilanna, að taka lán og nýta sér hagstætt gengi til að kaupa varanlegar neysluvörur,“ segir hann og bætir við að nærtæk sé samlikingin um útsölu. „Þegar útsalan er búin þá heldur fólk ekki áfram að kaupa eins og það sé á útsölu.“



Tryggvi Þór Herbertsson

NÝTT!

Bón og hreinsivara NÝ OG ÖFLUGRI VARNARLÍNA FRÁ TURTLEWAX

Söluaðilar um land allt

... á næstu Esso stöð ... bestir fyrir bílinn þinn

150 risapotur seldar


Fastlega er búist við að evrópski flugvélaframleiðandinn Airbus muni greina frá því á næstu dögum að flugfélög hafi lagt inn pantanir fyrir 150 A380 risapotum frá fyrirtækinu. Þetta er umtalsvert minna magn flugvéla en flugfélög hafa pantað hjá bandaríska keppinauti Airbus, Boeing.

Flugfélög hafa lagt inn pantanir fyrir 450 flugvélum hjá Boeing. Skýringanna á þessum mikla mun er fyrst og fremst að leita í töfum á framleiðslu risapotanna frá Airbus og þykir ljóst að fyrirtækið hafi orðið af gríðar-miklum viðskiptum vegna þessa.

Tvívegis hefur verið greint frá

töfum á framleiðslu A380 risapotna frá Airbus á árinu og hefur gengi bréfa í fyrirtækinu fallið um 26 prósent frá því í mars. Aðstoðarforstjóri EADS, móðurfélags Airbus, og forstjóri Airbus hafa báðir sagt af sér vegna þessa auk annarra vandamála, m.a. ásakana um innherjasvik með bréf í fyrirtækjunum.

Þrátt fyrir þetta standa stjórnendur Airbus fast á því að flugvélar fyrirtækisins komi á markað síðar á þessu ári og muni fyrirtækið framleiða fleiri flugvélar en Boeing þegar komist verður fyrir tafirnar. -jab



A380 RISAPOTA Nýjasta farþegaþotan frá Airbus verður sú stærsta í heimi.

Vill fjárfesta til Rússlands

Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) hvetur stjórnvöld í Rússlandi til þess að auðvelda erlendum fjárfestum að koma til landsins og standa ekki í vegi fyrir þeim. Styrking rúblunnar, gjaldmiðils Rússa, skiptir þar miklu.

Umsvif erlendra fjárfesta í Rússlandi hafa aukist nokkuð í síðastliðin tvö ár. Hlutur þeirra er hins vegar lítil samanborið við önnur lönd. Erlendar fjárfestingar námu jafnvirði 1.100 milljarða íslenskra króna í Rússlandi á síðasta ári en það nemur tæpum þremur prósentum af landsframleiðslu Rússlands. Að sögn OECD er líklegt að fjármagnnið sem kom inn í landið sé að mestum hluta í

eigu Rússa, sem hafi á síðastliðnum árum fjárfest utan landsteina en fjárfest á ný í heimalandinu. Það er ekki vísbending um auknar erlendar fjárfestingar í landinu, að mati stofnunarinnar sem þrýstir á um breytingar á opinberum reglugerðum til að auðvelda fjárfestum að koma til Rússlands.

Þá segir OECD marga möguleika ónýtta í Rússlandi, bendir á stóran markað og talsvert lægri laun en í öðrum löndum. Stjórnvöld verði að fella niður takmarkanir á umsvif erlendra fjárfesta, sérstaklega í orku-, trygginga- og samgöngufyrirtækjum, svo þeir geti sett fjármagn í þarlend fyrirtæki, að sögn OECD. -jab



WILLIAM BROWDER Breski fjárfestirinn Browder stýrir einum stærsta hlutabréfaskjóði Rússlands og á stóran hlut í rússneskum oliu- og gasfyrirtækjum.

Óróleiki á Japansmarkaði

Hlutabréfamarkaðurinn í Tókýó hefur ekki jafnað sig fyllilega á áhrifum tilraunaskota Norður-Kóreumanna á sjö eldflaugum á miðvikudag. Lækkun á markaðurinn annan daginn í röð í gær um 1,30 prósent og stendur Nikkei225-vísitalan nú í 15.321,40 stigum.

Embættismenn í Japan hafa reynt að róa fjárfesta og fullyrða að tilraunir Norður-Kóreumanna komi ekki til með að hafa áhrif á japanskt efnahagslíf. Fjárfestarnir virðast þó ekki sannfærðir og halda að sér höndum. Stýrivextir í landinu hafa staðið í núll prósentum undanfarin fimm ár. Óttast fjárfestar meðal annars að óvissuástandið muni hafa áhrif á ákvörðun japanska seðlabankans um að hækka vexti. -hhs

SAS vill stækka í Rússlandi

SAS ætlar sér stóra hluti í Rússlandi á næstu árum. Meðal annars er stefnt að því að opna 50 ný Radisson-hótel auk fleiri flugferða og nýrra flugleiða.

„Við viljum gjarnan fljúga meira til Mosvu og Pétursborgar en rússneski markaðurinn er býsna lokaður,“ segir Marek Pedersen, svæðisstjóri SAS í Rússlandi, í samtali við fréttastofu Sænska útvarpsins.

Rússneskum flugmarkaði er að miklu leyti stýrt af Aeroflot en engin lággjaldaflugfélög eru til að brýsta miðaverði niður. -epa



Baldvin Már Frederiksen málaramaestari

Sérfræðingar í útimálningu fyrir íslenskar aðstæður

„Áður en þú velur málninguna, sem þú ætlar að nota, skaltu athuga hvort hún sé gerð fyrir íslenskar aðstæður. Íslenskt veðurfar er gjörólíkt því sem menn eiga að venjast erlendis. Þess vegna nota ég alltaf útimálningu frá Málningu hf.“
Baldvin Már Frederiksen, málaramaestari



RICK WAGONER Forstjóri General Motors er sagður mótfallinn samvinnu við Nissan og Renault.

GM er mótfallið samvinnu

Meirihluti stjórnar bandaríska bílaframleiðandans General Motors (GM) er mótfallinn samvinnu við franska keppinautinn Renault og japanska bílaframleiðandann Nissan.

Bandaríska dagblaðið Washington Post segist hafa heimildir fyrir því að æðstu stjórnendur GM líti á samvinnu fyrirtækjanna sem aðför að stjórn GM. Muni þeir þrátt fyrir þetta ekki ætla að lýsa yfir andstöðu við samvinnu fyrirtækjanna á stjórnarfundum GM í dag.


Forstjórar bílaframleiðendanna þriggja funda um samstarfið um miðjan mánuðinn. -jab



- Útsölustaðir Málningar: Byko Kópavogi • Byko Hringbraut • Litaver Grensásvegi • Byko Hafnarfirði • Málningarbúðin Akranesi • Byko Akranesi • Axel Þórarinnsson, málaramaestari, Borgarnesi • Verslunin Hamrar, Grundarfirði • Litabúðin Ólafsvík • Núpur byggingavörverslun Ísafirði • Vilhelm Guðbjartsson, málaramaestari, Hvammstanga • Verslunin Eyri, Saudárkróki • Byko Akureyri • Verslunin Valberg, Ólafsfirði • Byko Reyðarfirði • Verslunin Vík, Neskaupstað • Byko Selfossi
- Miðstöðin Vestmannaeyjum • Byko Keflavík • Rúnar Sig. Sigurjónsson, málaramaestari, Grindavík



-það segir sig sjálft-



landslag

fólkið í landinu

ATVINNUREKANDINN: FERÐAFÉLAGIÐ ÚTIVIST REKUR SKÁLA Á FIMMVÖRÐUHÁLSI

Göngufólk duglegt að nýta sér skálann

„Það er búin að vera mikil aðsókn að skálanum það sem af er sumri,“ segir Bjarney Sigurjónsdóttir hjá Ferðafélaginu Útivist sem rekur áningarskála á Fimmvörðuhálsi.

„Við erum með skálaverði frá miðjum maí og fram á haust. Það koma að jafnaði milli sjö og níu hundruð gestir í skálann ár hvert og er það bæði innlent og erlent ferðafólk. Íslendingar eru þó mun meira áberandi og hafa verið duglegir að nýta sér aðstöðuna í skálanum.“

Sjálfboðaliðar Útivistar hófust handa við að endurreisa skálann árið 1990 en fyrir hafði staðið á sama stað skáli Fjallamanna sem var orðinn ónýtur. Þeir höfðu gefið Útivist réttindi

sín varðandi hann. Hægt er að aka að Baldvinskála, aðeins neðar á Hálsinum, en þaðan er um 30 til 40 mínútna gangur að Fimmvörðuháls skála, sem stendur á háhálsinum skammt vestan hinnar stíkuðu slóðar milli Skóga og Þórsmerkur.


„Skálinn er fyrst og fremst notaður undir ferðir Útivistar en er opin öllum þeim sem ganga Fimmvörðuhálsinn. Fólk stoppar þarna til að borða og margir gista yfir nótt. Aðstaða í skálanum er mjög góð. Það eru kojur og nýlegar dýnur og allt mjög vel frá gengið. Það kemur sér vel fyrir göngufólk að komast í þennan skála, sérstaklega þar sem veður getur verið mjög breytilegt hér á landi,“ segir Bjarney.



Í skálanum á Fimmvörðuhálsi er góð aðstaða fyrir göngufólk. Hann er vel nýttur, bæði af innlendum og erlendum ferðalöngum.

STAÐURINN

TÖLUR OG STAÐREYNDIR



Fimmvörðuháls

Staðsetning: Fimmvörðuháls liggur milli Eyjafjalla- og Mýrdalsjökuls.

Gönguleið: Gengið er frá Skógum undir Eyjafjöllum í Bása á Goðalandi sem flestir kalla Þórsmerkur.

Vegalengd: Um 21 kílómetri.

Áætlaður göngutími: Níu til tíu klukkustundir.

Hæsti punktur leiðarinnar: Um 1.100 metrar yfir sjávarmáli.

Lóðrétt hækkun gönguleiðar: Um þúsund metrar.

Merkingar: Leiðin er vel stíkuð en stikurnar hverfa í snjó efst á leiðinni.

Skálar á leiðinni: Tveir. Fimmvörðuháls skáli í eigu Útivistar og Baldvinskáli í eigu Eyfellinga.



Ein vinsælasta gönguleið landsins

GENGIÐ YFIR BLÁGRESISBREIÐUR Á Fimmvörðuhálsi sýnir landið sín mörgu andlit og má þar finna allt frá grónum blómabreiðum til tröllslegrar náttúru kletta og sanda. Þótt leiðin sé ein sú vinsælasta á landinu getur hún einnig orðið varasöm því veður skipast skjótt í lofti milli tveggja jökla. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

VILTU SKJÓL Á VERÖNDINA?



MARKISUR



www.markisur.com

Rein Fjárfesting ehf

REX

Dalbraut 3, 105 Reykjavík • Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar

Sumarið er tími fjallganga og er Fimmvörðuháls ein vinsælasta gönguleið á landinu. Talið er að þúsundir manna fari hálsinn á hverju sumri, flestir í föruneyti vanra leiðsögumanna. Gunnar V. Andrússon, ljósmyndari Fréttablaðsins, gekk Fimmvörðuháls fyrir í sumar og tók myndirnar sem hér birtast.

Gangan um Fimmvörðuháls, frá Skógum í Bása, tekur um tíu klukkustundir og eru þar erfiðari kaflar í bland við léttari leiðir. Margir nota því ferðina sem prófstein á eigin getu fyrir lengri göngur. Ekki má þó láta blekkjast af fólksfjöldanum og halda að Fimmvörðuháls sé leikur einn. Þar er allra veðra von og nauðsynlegt að vera með réttan útbúnað.

„Það getur verið stórhættulegt, jafnvel lífshættulegt, að fara án leiðsagnar um Fimmvörðuháls. Ekki

þarf annað en þöku til að auðvelt sé að villast af leið,“ segir Bjarney Sigurjónsdóttir ferðafræðingur hjá Ferðafélaginu Útivist. Gangan um Fimmvörðuháls er ein vinsælasta gangan hjá Útivist sem leiddi meðal annars hóp þrjú hundruð göngumanna í árlegri Jónsmessugöngu um hálsinn. Félagið rekur einnig áningarskála á miðri leið þar sem sjö til níu hundruð gista á hverju sumri og miklu fleiri koma við til að gæða sér á nesti, sérstaklega ef veðrið er ekki gott.

„Þetta leit nú ekki vel út hjá okkur því spáin var ekki góð. Í hópnum var þó bara vant fólk og ofboðslega vel klætt og vissum líka að við ættum ekki von á næturfrosti því við gengum að degi til,“ segir Elsa Dóra Grétarsdóttir sem var í forsvari fyrir tólf manna hóp sem gekk Fimmvörðuháls fyrir í sumar. Það rigndi eldi og brennisteini þegar hópurinn lagði af stað og hávaðarok var uppi á hálsinum. „Vindkælingin getur verið þvílík svo maður verður að vera viðbúinn en mestu máli skiptir þó að vera vel skóaður,“ segir Elsa. annat@frettabladid.is



ELSA DÓRA GRÉTARSDÓTTIR Elsa hefur farið fimm eða sex sinnum á Fimmvörðuháls og brýnir fyrir öllum sem þangað ætla að enginn fari þar nema með einhverjum sem þekkir vel til.



SKIÖLDURINN SKOÐAÐUR Við Heljarkamb hefur verið komið upp minningarskildi um tvær ungar stúlkur og þrjú tungan mann sem urðu úti á Fimmvörðuhálsi árið 1970.



SKÓGÁ Í UPPHAFI GÖNGULEIÐARINNAR Ein fallgasta á landsins fellur niður við Skóga en fjölmargir fallleggir fossar eru einnig ofar í áni.

Útsala



TILBOÐ
24.900 kr
Verð áður 36.900,-

33%
Afsláttur

20-50% afsláttur af öllum garðhúsgögnum

Stækkanlegt borð + 6 stillanlegir stólar	58.990 kr.	82.999 kr.	29%
Borð með 4 stólum og 2 armstólum	24.900 kr.	36.999 kr.	33%
Átthyrnt borð með 4 stólum	15.990 kr.	19.999 kr.	20%
Ferkantað borð með 2 stólum	6.499 kr.	12.999 kr.	50%
Stækkanlegt borð með 4 stillanlegum stólum	39.990 kr.	54.999 kr.	27%
Stækkanlegt borð með 6 stólum	94.900 kr.	149.990 kr.	37%
2ja sæta róla	17.990 kr.	24.990 kr.	28%
2ja sæta bekkur	6.490 kr.	9.990 kr.	35%
Borð með áföstum bekkjum	9.900 kr.	14.990 kr.	34%
Sólbekkur með stillanlegu baki	10.990 kr.	14.990 kr.	27%
Vagn með 2 lausum bökkum	6.990 kr.	9.990 kr.	30%
Stillanlegur stóll með örmum	6.999 kr.	8.999 kr.	22%
Stækkanlegt borð Galway	24.990 kr.	34.999 kr.	29%
Stækkanlegt borð Butterfly	18.999 kr.	24.999 kr.	24%
Stækkanlegt borð Kalimattan	44.999 kr.	59.999 kr.	25%
Pulla fyrir stillanlega stóla	1.499 kr.	2.999 kr.	50%
Átthyrnt borð	7.999 kr.	9.999 kr.	20%
Samanbrjótanlegir stólar úr tré	2.999 kr.	3.999 kr.	25%
Nett ferkantað borð	3.999 kr.	6.999 kr.	43%
Samanbrjótanlegir stólar úr tré og efni	1.999 kr.	3.999 kr.	50%

ODDI VOB3826

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

skoðun

SIJÓNARMÍÐ
PORSTEINN PÁLSSON

Stóriðja og náttúruvernd:

Afturvirk stefnubreyting?

Nýr og traustvekjandi iðnaðarráðgjafi hefur með formlegum hætti greint frá því í ríkisstjórn að svokölluð stóriðjustefna sé ekki til. Reyndar segir ráðgjafi að þrjú ár séu frá því hún gufaði upp.

Einhverjum kann að þykja nýlunda að ríkisstjórn tilkynni þannig um stefnubreytingu með afturvirkum áhrifum. En einhvern tímann verður allt fyrst.

Til þess er vísað að í reynd hafi stóriðjustefnunni lokið með nýjum raforkulögum sem sett voru 2003. Fáa rekur þó minni til að við setningu þeirra hafi þess verið getið að þau mörkuðu fráhrarf frá því sem kallað hefur verið stóriðjustefna.

Var stóriðjustefna yfirhöfuð nokkru sinni til? Öllu nær er sennilega að líta svo á að hér sé á ferðinni tilraun til að kveðja pólitískt hugtak sem eitt sinni var jákvætt en hefur um hríð staðið í mönnum með neikvæðu formerki.

Engum blandast hugur um að hagsmunarástætur milli orkufreks iðnaðar og náttúruverndar hefur verið í pólitískum remsihnúti. En er hann leystur með breyttri hugtakanotkun?

Rétt er að hafa í huga að grunnur var lagður að stórvirkjunum og stóriðju fyrir meir en fjórum áratugum. Það var alfarið gert á pólitískum forsendum. Í miðstýrðu efnahagskerfi var enginn annar vegur til þess að brjótast út úr stöðnuðu einhæfu atvinnulífi.

Nú heyrir miðstýring atvinnu- og efnahagslífsins að mestu sögunni til. Þar á eru eigi að síður undantekningar. Orkuöflun og sala á orku er til að mynda enn alfarið í opinberum rekstri.

Það sem meira er: Allar ákvarðanir er líta að orkunýtingu eru teknar af ríkisvaldinu. Þau opinberu fyrirtæki sem selja orku gera það án þess að réttindin sjálf hafi verið metin til fjár, án verðmats á landgæðum og án þess að opinber ábyrgð á lánum til framkvæmda hafi verið tekin með í reikninginn.

Raforkulögin frá 2003 breyttu engu um þessi grundvallatriði. Fyrir dyrum stendur að taka pólitískar ákvarðanir um atvinnuuppbyggingu á þessum forsendum á mestu þéttbýlisstöðum landsins við Hafnarfjörð og á Reykjanesi.

Það er röng pólitísk skynjun að annar hluti þjóðarinnar sé með atvinnuuppbyggingu og á móti landvernd en hinn hlutinn vilji slá skjaldborg um náttúrugæðin og kærri sig kollóttan um ný atvinnutækifæri.

Ef þessi væri raunin þyrftu stjórnvaldamenn að breyta um stefnu jafn ótt og vindátt almenningsálitsins. Mikill meirihluti þjóðarinnar kys bæði að vernda náttúruna og sjá ný atvinnutækifæri verða til.

Kjarni málsins er því sá að hér eins og annars staðar í búskap þjóðarinnar þarf að finna nýjar leiðir til þess að vega og meta hagsmunina. Þetta viðfangsefni verður hins vegar ekki leyst með afturvirkri breytingu á hugtakanotkun.

Ein fær leið gæti falist í því að greina skýrt á milli réttinda og framleiðslu við verðmyndun orkunnar. Ef ríkið bæri ábyrgð á réttinum til hagnýtingar yrði að sama skapi að slíta hagsmunatengslin við fyrirtækin sem keyptu þann rétt til framleiðslu.

Með þessu móti yrði einn hluti viðfangsefnisins áfram í opinberri sýslu en annar hluti í einkarekstri. Það gæti um leið verið málamiðlun milli ríkisrekstrar- og einkarekstrarmanna. En umfram allt annað yrði verðmyndunin á réttindunum gegnsæ.

Hér geta að sjálfsgöðu fleiri leiðir verið færar. Aðalatriðið er að nú er þörf á pólitískri umræðu um leiðir til þess að leysa hnút en ekki herða. Hitt að ætla að gleyma um stund að hann sé til getur í besta falli fleytt mönnum fram yfir einar kosningar.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Litill áhugi

Senn líður að því að dómsmálaráðgjafi skipi í embætti lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins. Starfið er nýtt og verður til með sameiningu lögreglu-embættis á höfuðborgarsvæðinu en inn í það renna lögreglan í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði. Eins og gefur að skilja er starfið viðamikilið og ætti samkvæmt því að þykja eftir-sóknarvert meðal áhugamanna um löggæslu. Því kemur það óneitanlega nokkuð á óvart að aðeins tveir skuli



sækjast eftir því, þeir Ingimundur Einarsson, varalögreglustjóri í Reykjavík, og Stefán Eiríksson, skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Búið er við að dómsmálaráðgjafi skipi í starfið um miðjan mánuðinn og er það almennt á spekulöntum að heyrja að Stefán hreppi hnossið.

Hverfis- eða göturáð?

Nýverið kaus borgarstjórn fólk til setu í hverfisráði Úlfarsselds og völdust þau Steinarr Björnsson, Hrafnhildur B. Baldursdóttir og Jóhanna Eyjólfsdóttir til starfins. Það vekur athygli að öll þau þau við sömu götuna, Andrésbrunn í Grafarholtinu, en hún er ekki nema í meðallagi stór og fjölmenn miðað við aðrar götur hverfisins.

Aukinn viðbúnaður



Knattspyrnumenn, ungir sem aldnir, setja mark sitt á bæjarlífið á Akureyri í dag og um helgina. Essó mót KA fyrir ungmenni og Póllamót Þórs fyrir fullorðna fara fram í bænum og hlaupa þátttakendur og aðstoðarmenn þeirra á hundruðum. Ef að líkum lætur verður ekkert gefið eftir inni á völlum en með mismunandi hætti þó. Á meðan krakkarnir leika léttan taktískan bolta er harkan í fyrirrími hjá hinum eldri og viðbúði að einhverji þurfi að leita sér lækninga eftir tæklingu og þústra. Sú hefur að minnsta kosti verið raunin síðustu ár og hafa alltaf nokkrir haldið heim á leið á hákjum.

bjorn@frettabladid.is

Preytt andlit og slitnar tuggur

Það var ekki aðeins Framsóknarflokkurinn, sem tapaði síðustu byggðakosningum, heldur líka Samfylkingin, sérstaklega í höfuðvígi sínu, Reykjavík. Tap Samfylkingarinnar var því tilfinnanlegra sem flokkurinn hefur verið í stjórnarandstöðu lengur en elstu menn muna. Og nú sýna skoðanakannanir, að flokkurinn heldur áfram að missa fylgi, þótt aðalandsæðingur hans, Sjálfstæðisflokkurinn, hafi verið í stjórn samfellt frá 1991, í fimmán ár, og þrjár forsætisráðherrar setið á kjörtímabilinu. Samfylkingin mælist nú með innan við 25% fylgi. Þetta er lók frammistada.

Í DAG

FYLGISTAP SAMFYLKINGARINNAR

HANNES HÖLMSTEINN GISSURARSON



Kosninganóttin 2003 var ekki liðin, þegar kom í ljós, að allt talið um forsætisráðherraefnið Ingibjörgu Sólrúnu hafði aðeins verið ódýr brella: Þáverandi formaður Samfylkingarinnar, Össur Skarphéðinsson, bauð strax, en árangurslaust, Halldóri Ásgrímssyni forsætisráðherraefnið.

taldi andstæðinga sína, eins og alræmt er orðið. Það hafði ekki heldur nein áhrif, þegar upplýst var, að R-listinn hefði notið fjárhagslegrar fyrirgreiðslu Jóns Ólafssonar í Skifunni, sem Ingibjörg Sólrún skálaði ekki aðeins við í veislum hans, heldur reyndi í tvígang að afhenda dýrmætar lóðir, fyrst í Mjóddinni, síðan í Laugardal. Strax eftir kosningarnar 2002 lét hún síðan kaupa af Jóni svokallaðan Stjórnubíósreit langt yfir markaðsverði, eins og Haukur Leósson endurskoðandi hefur reiknað út.

Stjórnmaláframi Ingibjargar Sólrúnar náði hámarki vorið 2002, eftir að hún hafði unnið þrennar borgarstjórnarkosningar. Samfylkingarmenn sáu þá í henni nýjan Davíð, þótt aðrir teldu ólíku saman að jafna. Eftir það hefur allt legið niður á við. Ingibjörg Sólrún sagði hlæjandi í sjónvarps-

viðtali þá um haustið, að nú yrði hún að opna sitt Pandórböx, en virtist ekki vita, svo að samkvæmt hinni grísku goðsögn spratt margvísleg óáran upp úr kistli Pandóru. Hún sveik marggefin loforð um að fara ekki í þingframboð og hélt, að hún gæti komist upp með að vera borgarstjóri í framboði gegn samstarfsflokkum sínum, sem auðvitað afsögðu það, svo að hún hrökkladist úr borgarstjórnastólum. Í ræðu í Borgarnesi í byrjun kosningabaráttunnar 2003 dylgjaði hún um það, að lögregla og dómsmálavirvöld létu stjórnvaldamenn misnota sig. Nefndi hún þá sérstaklega rannsókn á skattframtölum fyrirtækja Jóns Ólafssonar, sem var hin edlilegasta í ljósi þess, að hann lifði óhöfslífi, um leið og hann greiddi vinnukonuútsvar.

Kosninganóttin 2003 var ekki liðin, þegar kom í ljós, að allt talið um forsætisráðherraefnið Ingibjörgu Sólrúnu hafði aðeins verið ódýr brella: Þáverandi formaður Samfylkingarinnar, Össur Skarphéðinsson, bauð strax, en árangurslaust, Halldóri Ásgrímssyni forsætisráðherraefnið. En sjálf náði Ingibjörg Sólrún ekki einu sinni þingsæti í kosningunum. Hún heytist síðan á að fara þegar fram gegn Össuri í formennsku, eins og skynsamlegast hefði verið. Hún beið í tvö ár, og þá var eins og hennar tími væri liðinn. Nú situr hún úti í horni og nöldrur. Geir H. Haarde veitir henni lítinn sem engan kost á því eina, sem hún kann og getur, sem er að þrasa í sjónvarpssal. Hin mikla kaldhæðni er, að Sjálfstæðisflokkurinn hefur endurnýjað sig og gengur sprækur og bleikur til næstu kosninga, en í forystu Samfylkingarinnar sjást aðeins gömlu, þreyttu andlitin, og frá henni heyrast sömu, slitnu tuggurnar. Litur hennar er grár.

MARKAÐURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Sögurnar, tölurnar, fólkið.



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Íslenskt grænmeti

sérmerkt þér!

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUPLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónsson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRAR: Amdís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafthósdason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsdóttir FULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafatlið 24, 105 Reykjavík ADALSIÐI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: vísir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNsla: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871



SVALANDI SUMARDRYKKIR

Æ fleiri hætta að drekka heitt kaffi og te þegar sólin skín og fá sér í staðinn sumarlegt íste og kalt kaffi.

MATUR 2



UPPTÖKUKERFIÐ HEFUR BORGÐ SIG

Friðrik Ómar söngvari lætur skynseminna ráða för þegar hann verslar.

TILBOÐ 6

allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT HITT

[MATUR TILBOÐ]

Eldhúsdagar standa nú yfir í Raftækjaverslun Íslands. Mörg spennandi tilboð eru í gangi og verða meðan birgðir endast. Til dæmis er veitt pakkatilboð á fjölkerfa stálofni og keramikhellu-borði fyrir aðeins 99.900 krónur en sparnaður er upp á 51.900 krónur.



American Style hefur opnað nýjan matsöluastað í Tryggvagötu í miðborg Reykjavíkur þar sem Pítsa '67 var áður til húsa. American Style staðirnir eru því orðnir fimm hér á landi, í Tryggvagötu, á Bíldshöfða, í Skipholti, Kópavogi og Hafnarfirði.

Tvö líf er með útsölu í fullum gangi. Veittur er 30 til 60 prósentu afsláttur af sumarvörum og því hægt að fá góð kjör á meðgöngu-fatnaði. Einnig er veittur 40 til 70 prósentu afsláttur af Noppies barnafatnaði sem er vönduð lína af endingagóðum fótum.

GÓÐAN DAG!

Í dag er föstudagurinn
7. júlí, 188. dagur ársins
2006.



Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	3.18	13.35 23.45
Akureyri	2.21	13.17 24.10

Heimild: Almanak Háskólans



Smáauglýsingasími
550 5000

Auglýsingasími Allt
550 5880

Þú getur pantað
smáauglýsingar á visir.is



Tinna Hrafnadóttir leikkona hefur mikið dálæti á sveppum og notar þá mikið í og með mat. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

Heldur í gömlu hefðirnar

Tinna Hrafnadóttir leikkona gefur lesendum gamla uppskrift frá móður sinni af sveppasúpu sem var það allra besta sem hún fékk þegar hún var lítil stelpa.

„Ég er frekar íhaldssöm þegar kemur að mat. Ég er snillingur í gömlu og góðu hefðbundnu réttunum eins og fiskibollum eða kótiletum. Ætli ég sé ekki bara að halda í sama bragðið og ég fann þegar ég var lítil,“ segir Tinna hlæjandi en sveppasúpan góða tengist einmitt gamalli og góðri hefð. „Í byrjun hausts fór um við fjölskyldan alltaf saman og tíndum íslenska villisveppi. Ég hef haldið í hefðina og farið með kærastanum í sveppatínslu og svo eldum við alls kyns sveppakræsingar,“ segir Tinna en þegar árstíminn leyfir ekki villisveppi í matinn þá notar hún bara venjulega sveppi í staðinn.

„Súpan er samt best á haustin með nýttindum villisveppum. Með þeim kemur mun sterkara bragð af súpunni og sumir segja að bragðið sé eins og lyktin sem maður finnur í skóginum þegar það er nýbúið að rigna og það gýs upp angan af gróðri, trjám og mold.“

Tinna verður því að bíða til haustsins til að fá hina einu og sönnu sveppasúpu enda fær hún hvort eð er lítið tækifæri til að matreiða súpuna í sumar. „Við Dóí, kærastinn minn, verðum á flakki úti um allt land í sumar með barnaskemmtanir og ég held að það sé aðeins af mikið vesen að malla súpu inni í tjaldinu – því miður!“ segir Tinna að lokum. Uppskriftina er að finna á síðu 3.

erlabjorg@frettabladid.is



Ekki sneiða hjá þessu



Ef ég ætti eina ósk ...

veistu hvers ég myndi óska mér ...

reyndu að giska á ...

hvers eðlis þessi ósk mín er ...



MIÖLKURVÖRUR
Í SÉRFLOKKI



PRÓTEINRÍKUR OG FITULAUS

Skyr.is-drykkurinn er fljótleg og holl næring fyrir þá sem vilja styrkja líkamann og lifa heilbrigðu lífi.

allt

matur o.fl.

Súpur geta verið svo góðar og matarmiklar. Prófið að gera súpuna frá grunni sjálf og finnið muninn.



VÍNGERÐARVERSLUN

HÁGÆÐA VÍNGERÐAREFNI

NÝ VERSLUN !

MIKIÐ ÚRVAL - TILBOÐ

HÁTEIGSVEGUR 1
105 REYKJAVÍK
SÍMI: 533-1020
www.aman.is

aman



Ísteið er afar svalandi og líka fallega sumarlegt á litinn. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

Púsundeyjasósa...
... þegar vindur hvín!

Góð með kjúklingi, svínakjöti, reyktum laxi, graflaxi, sem salatsósa og í kalt pastasalat hverskonar.

Hvítlaukssósa...
... þegar sólin skín!

Frábær köld með kjúklingi og lambakjöti og út á pizzuna. Góð á saltkexið með rifsberjahlaupi og sem idýfa.

VOGABÆR

Svalandi sumardrykkir

Það eru æ fleiri sem hætta að drekka heitt kaffi og te þessa dagana þegar sólin skín og fá sér í staðinn sumarlegt íste og kalt kaffi.

Kaffi og te hefur lengi þótt vera mjög félagslegir drykkir og því engin ástæða til að hætta að drekka þá og fá sér eitthvað annað svalandi þó að sólin skín.

Kaffibarþjónarnir hjá Kaffi Roma eru vel með á nótunum í þessari þróun og reyna að finna upp nýja drykki reglulega til að sinna eftirspurn og þörfum viðskiptavinanna. Ellen Augland, eigandi Kaffi Roma, var ekki lengi að vippa fram nokkrum góðum drykkjum fyrir sumarblíðuna enda segir hún landann biðja æ oftar um ískaffi og -te.



ÍSTE
Rauðrunnate
Hunang
Kanill

Tei, hunangi og kanil er blandað saman og látið standa í tíu mínútur. Kælt með klökum og smá vatni og sítrónu bætt út í. Einnig er gott að nota hvers kyns ávaxtate.

KANIL LATTE (HEITT)
Espresso
Hunang
Flóud mjólk
Kanill

Öllu nema kanil blandað saman og kanil stráð yfir sem gefur ljúfan kanilkeim. liija@frettabladid.is

Híð hefðbundna ískaffi nýtur sífellt meiri vinsælda hér á landi.



HEFÐBUNDIÐ ÍSKAFFI
Espresso
Kaffisíróp að eigin vali
Klakar
Nýmjólk

Espresso og síróp er hrist saman með klökum og nýmjólk og kælt aðeins. Hægt er að velja um hvort þeyttur rjómi er settur ofan á.

Karamellu deserkaffið samanstendur af kaffi og karamellurjóma.

KALT KARAMELLU DESERTKAFFI
Espresso
Súkkulaði
Sykur

Rjómakrem:
Vanilludropar
Rjómi
Brúnn sykur

Súkkulaði er brætt saman við espresso eftir smekk og kælt. Smá sykur settur út í.

Rjómakrem:
Smá rjómi látinn sjóða. Brúnn sykur bræddur og blandað saman við rjómann þannig að það verði að karamellu. Vanilludropum bætt út í eftir smekk. Kælt, hrist og hellt ofan á kaffidrykkinn.



Kanil latte drykkurinn er reyndar heitur en mjög góður.



Ellen Augland finnur fyrir mikilli eftirspurn eftir ískaffi og -tei þessa dagana.

Franskar eðalvörur

Í versluninni Nóru á Lynghálsi 4 er lítið horn með franskri eðalmatvöru í lausu, svo sem olíur, kaffi og te.

Þeir sem vilja velja sér franskar olíur í eldhúsið eftir smekk geta fengið að smakka margar mismunandi tegundir í versluninni Nóru. Þá fara þeir með sínar eigin flöskur og fá átöppun, eða kaupa flösku á staðnum. Hægt er líka að fá innihaldslýsingu á flöskuna og nafn viðtakanda ef um gjöf er að ræða. Ýmsar tegundir eru til og margar skemmtilega kryddaðar. Kaffi og te fæst líka í lausu í Nóru. Það er keypt eftir vigt. Þar sem kaffihorn er í versluninni er hægt að fá að smakka þar hinar



Olíur á flöskum fást líka í Nóru.



Oddný Eiríksdóttir skenkir olíu á flösku, eftir ósk kaupanda.



Kaffi og te fæst í lausri vigt.

ýmsu tegundir og kíkja í húsbúnaðarblöð á meðan drykkurinn er sötraður.



Það fer eftir þykkt flakanna hversu langa grillun þau þurfa en 8-12 mínútur eru yfirleitt hæfilegur tími.

Grilluð bleikja

Hvort sem bleikjan er fengin af eigin öngli eða úr næstu búð þá bragðast hún vel af grillinu.

**1 kg bleikja
10 sneiðar beikon
basillauf
pínu salt og pipar**

Bleikjuflökin eru skorin í bita með roðinu á. Söltuð og pipruð létt. Basillauf er lagt ofan á hvern bita og beikoni er vafið utan um.

Grillað á vel heitu grilli í 8-10 mínútur. Snúð einu sinni á meðan.

Borðað með grilluðum kartöflusneiðum og kaldri sósu.

Uppskrift Tinnu

Sveppasúpa mömmu

Uppskrift fyrir tvo

1 bakki sveppir
salt
nýmalaður svartur pipar
1-2 msk íslenskt smjör
1 peli rjómi
sérý
anískorn
1 súputeningur (nautakrafur)
soyasósa
1 1/2 dl vatn

Smjórið brætt í potti (mikilvægt að nota íslenskt smjör, en ekki olíu eða smjörliki, til að ná fram besta bragðinu í sveppunum). Sveppir, skornir í þunnar sneiðar, snögsteiktir og kryddaðir með salti og vel af svörtum pipar. Rjóma og vatni bætt við. Suðan látin koma upp og leyft að malla örlítið. Smá slurkur af sérrí, nokkur anískorn og súputeningur settur út í. Síðan er sojasósa bætt við eftir smekk. Súpunni leyft að malla í um það bil 10 mínútur til að leyfa bragðinu af öllu að blandast saman.

Borið fram með góðu hvítlauksbrauði.



Sveppasúpan góða og hvítlauksbrauð með.



Sumarkaffið er komið



pipar / sía

Sumarkaffi er samansett af sérvöldum úrvals tegundum. Það hefur frísklegt sítrusbragð ásamt yndislega ljúfum keim af hnetum og sætum ávöxtum. Kaffið er í góðu jafnvægi, hefur mikla fyllingu og hunangsmjúkt eftirbragð.

Verslanir:

Kringlunni
Smáralind
Laugavegi 27
Suðurveri

Kaffihús:

Laugavegi 24
Smáralind



TE & KAFFI

GLÓÐ inn

Við sundlaug Vesturbæjar í 25 ár
Ekta hamborgari
Ekta steikarbragð

Hamborgara tilboð með öllu
og kók í gleri 666 kr.

Glóandi tilboð í sumar

Sérfræðingar
í saltfiski

Þjónustum verslanir, veitingahús o.fl.
Fyrir verslanir:

Til suðu:
saltfiskbitar blandaðir
gellur
gollarapunnildi

Til steikingar:
saltfiskbitar blandaðir
saltfiskkurl
saltfiskhnakkar tvær stærðir (lomos)
gellur

Fyrir veitingahús – hótél – mötuneyti:
saltfiskhnakkar tvær stærðir (lomos)
saltfiskbitar blandaðir til suðu og steikingar
saltfiskkurl

Fyrir utan saltfiskinn þjónustum við sitthvað fleira, svo sem:
ýsuhnakka
rækjur
þorskhnakka
steinbítskinnar og bita

Ekta
Sælgæti fiskur
úr sjónum

Sími: 466 1016
ektafiskur@emax.is



„Hugmyndin og staðsetningin vinnur með okkur,“ segir Laufey Steingrimsdóttir næringarfræðingur um hið nýja matarsetur á Grandagarði 8.

FRÉTTABLAÐID/HRÖNN

Matarhefðum sómi sýndur

Miðstöð íslenskra matarhefða er að komast á laggirnar á Grandagarði 8 í Reykjavík. Laufey Steingrimsdóttir næringarfræðingur lýsti gangi mála.

„Hér á að verða matarsetur þar sem verið er að búa eitthvað til. Þá er ekki bara hugsað um fornar hefðir heldur líka að kynna ýmsar nýjungar úr okkar ágæta íslenska hráefni. Til að byrja með geri ég ráð fyrir sýningu en þegar fram í sækni verði líka boðið upp á íslenskar veitingar og að selja íslenskar matvörur. Þetta er allt í móton en bæði hugmyndin og staðsetningin vinnur með okkur,“ segir Laufey kampakát, stödd í stórum og björtum sal á Grandagarði 8. Gluggar vísa út að höfninni þar sem fiskibátar og stærri skip fanga augað. Staðsetningin er óneitanlega glæsileg og tengingin augljós við

þá miklu matarkistu sem sjórin er.

Laufey segir samtökin Matur-saga-menning hafa tekið húsnæði á leigu og nú sé það að komast í boðlegt horf. „Salurinn er að verða tilbúinn og býður upp á mikla möguleika, snyrtiástanda er komin og við erum að fá eldhús,“ segir hún brosandí. En hvaða samtök eru þetta? „Þau voru stofnuð í febrúar í vetur og hafa það að markmiði að lyfta matarhefðunum á hærri stöllum nú er. Um hundrað manns gerðust stofnfélagar svo greinilegt er að mörgum finnst þörf á að sýna íslenskra matarmenningu meiri sóma en gert hefur verið,“ svarar hún.

Stjórn samtakanna segir Laufey koma úr ýmsum átum. Þar sitja bóndi, matvælafræðingur, forstjóri, matreiðslumaður, næringarfræðingur og þjóðfræðingur. „Fyrst í stað er meiningin að leigja salinn út fyrir veislur til að fá inn tekjur svo við getum haldið áfram að búa í

haginn. Það hefur verið svoltill barningur í sambandi við fjárflyun og annað. Við erum með þjóðfræðing í hálfu starfi en annað er unnið í sjálfboðavinnu,“ upplýsir hún. „Þetta er allt í fullum gangi hjá okkur og við erum mjög bjartsýn.“

Matarsetrið verður væntanlega opnað seinna í sumar. Laufey segir útsýnið þaðan eiga eftir að breytast mikið með uppbyggingunni sem fyrirhuguð er á slíppsæðinu. „Þá verður göngustígur meðfram höfninni og svo á að koma bryggja hér við húsið. Þar verður hægt að sitja með veitingar á göndvirdis-dögum,“ segir hún og í því veðri sem úti er þegar viðtalið er tekið er auðvelt að myndast sér stemninguna. Hún bætir því við að ef pallur sem fyrir er verði stækkaður gæti orðið enn styttra í útveitingarnar. Ítrekar samt að farið verði rólega af stað með starfsemi-ina. „Við látum þetta smáþróast en hugmyndirnar vantar ekki.“

gun@frettabladid.is

VEGGFÓÐUR.

ÁSKRIFTARSÍMI 550 5000 | WWW.VISIR.IS



TRYGGÐU ÞÉR BLAÐID
Í ÁSKRIFT MEÐ
30% AFSLÆTTI
Á AÐEINS 489 KR.
EINTAKIÐ OG FÁÐU
VEGLEGA GJÖF
Í KAUPBÆTI



GLÆNÝTT

VEGGFÓÐUR ER KOMIÐ ÚT

- Draumahús íslenskra hjóna í Hollandi
- Fjöropikknikk Áslaugar Snorradóttur
- Rómantískt heimili Fjölnis Elvarssonar og Rósu Svövuðóttur
- Dagar Magnúsar Scheving fullir af tækifærum

Til hnífs og skeiðar

GUÐRÚN JÓHANNSDÓTTIR



Stórt, grænt salat

Framboð af góðum salötum og fersku grænmeti gerir það að verkum að nú til dags er grænt salat á borðum með flestum máltíðum hjá mjög mörgum. Hér er uppskrift að stóru grænu salati sem sómir sér vel með nánast öllum mat og jafnvel eitt og sér. Mér finnst gott að nota stökkt salat eins og bindi-salat (romaine) eða ísbergsalat í bland með mýkri salatblöðum eða spinati, þá verður salatið svipmeira. Heimagerðir brauðteningar setja síðan punktinn yfir i-ð.

2 höfuð bindi-salat (romaine)
1/2 poki klettasaltsblanda
1/2 rauð paprika (skorin í strimla)
1/2 gul paprika (skorin í strimla)
1/2 gúrka (skorin í örþunnar sneiðar)
1/2 blaðlaukur (skorinn í sneiðar og saxaður smátt)
1 ferskja (kjörnuð og skorin í þunna báta)

Brauðteningar:
2 ciabattabrauðsneiðar (ristaðar og skornar í teninga)
2 hvítlaugsgeirar (pressaðir með hnífsblaði og saxaðir smátt)
1 tsk. kryddjurtir frá Provence (eða aðrar kryddjurtir)
3 msk. ólífuolía



Salatsósa:
3 msk. hvítvinsedik
1 msk. sykur
3 msk. ólífuolía
2 tsk. hunangs-dijon sinnep
Salt og pipar

1. Byrjið á því að útbúa brauðteningana: Ristið brauðið og skerið það í teninga. Hitið ólífuolíu á pönnu og steikið hvítlaukinn nokkra stund þar til hann fer að dökkna. Veiðið laukinn þá upp úr olíunni og setjið kryddjurtirnar og brauðteningana út í pönnuna. Hristið pönnuna til á meðan brauðið brúnast. Þegar teningarnir eru orðnir gullnir og girnilegir, takið þá af pönnunni og látið á eldhúsblaði til þeris.

2. Útbúið salatsósuna með því að setja öll hráefnin saman í krukku og hrista saman. Smakkið sósuna til með salti og pipar.

3. Þvoið, þerrið, og rífið bindi-salatið gróft niður og blandið því saman við klettasalatblönduna. Setjið allt grænmetið og ferskjurnar út á salatið.

4. Rétt áður en salatið er borið fram, er salatsósunni hellt út á og öllu blandað saman. Brauðteningunum er svo stráð yfir allra seinast.

Mjög sniðugt er að búa til margfaldan skammt að salatsósu og eiga tilbúna salatsósu í krukku í ískápnnum.

Til að hressa upp á salat sem aðeins er tekið að vikna er snjallt að láta það liggja í ísvatni í nokkra stund þannig að það frískist upp og verði lifilegra.



Nýju púðursykurumbúðirnar minna á þær gömlu en eru margfalt betri.

FRÉTTABLAÐID/HEIDA

Harður púðursykur heyrir sögunni til

NÚ ER PÚÐURSYKURINN FRÁ KÖTLU KOMINN Í ENDURLOKAN-LEGAR UMBÚÐIR.

Matvælaframleiðandinn Katla hefur tekið í notkun nýjar umbúðir utan um púðursykurinn sinn. Þær hafa þann kost að hægt er að loka þeim vel með spellulás og því er það líðin tíð að setja þurfi brauðsneiðar í púðursykurpokann til að mýkja innihaldið upp. Nýju umbúðirnar eru samt líkar í útliti þeim gömlu sem hafa verið í notkun allt frá 1960 og komin er sterk hefð á. Púðursykurinn er líka sá sami og fyrr. Nú verður hann enn aðgengilegri en áður því hann helst mjúkur og rakur ef við munum eftir að smella pokanum aftur eftir notkun. Kötlupúðursykurinn færst nú líka bæði í hálfum og heilum kílóum. Fleiri vörutegundir eru væntanlegar í svipuðum umbúðum frá Kötlum, svosem heslihnatur, kókosmjöl og möndlur, að sögn Gunnars Sigurðssonar, markaðsstjóra fyrirtækisins.

allt

auglýsingasími

550 5880

allt tilboð o.fl.

2 fyrir 1

Það eru tvær verslanir með 2 fyrir 1 tilboð þessa vikuna. Nóatún býður tvo Emmess Hversdagsísa á verði eins eða á 495 krónum og Krónan býður tvær Oetker pítsur á verði einnar eða á 199 krónum.

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
Egilis gull pilsner 500 ml	49	69	98	29
Toppur kolsýrt vatn 1,5 ltr	98	139	65	29
Harðfiskur roð og beinlaus 230 gr	998	Nýtt	4.339	-
Svínalundur írskar	1.599	Nýtt	1.599	-
 sem viðkemur viðhaldi
 fasteigna. Svo sem málun
 utan sem innan.
 Sandspörslun. Steypu-múr
 uppsteypu, sprungu og
 múrviðgerðum, tröppu-
 viðgerðum sem og margt fl.
**Fyrirtækið gerir tilboð þér
 að kostnaðarlausu. Öllum
 fyrirspurnum svarað.**
 Ennig bjóðum við ráðgjafa þjónustu.
 www.vidhaldsvirkni.is
 virkni@vidhaldsvirkni.is

Trésmíði

Vantar verkefni í smíðavinnu. Sérst.
 glerisetningar og parket. Tilboðsmat að
 kostnaðarlausu S. 862 5777.

Tökum að okkur alla almenna smíða-
 vinnu á heimilum, s.s. flisalagnir, parket-
 lagning og málun, uppsetningu á gips-
 veggjum, spörslun o.fl. Uppl. í s. 844
 0889.

HEILSA

Heilsuvörur

Hugsanlega
 bollasti
 morgunverður í heimi

Herhalife - unnið af þessum þjófum!
 Símanúmer: 898 0959 - Síma 898 2277
 einn2og@simnet.is
 www.einn2og.is

ShapeWorks
 www.berggrun.is

Eg breytti um lífstíl!
 Hvað um þig?
 Uppl. 5.8615512

Herhalife - Shapeworks - NouriFusion.
 Upplifðu minninn WWW.ARANGUR.IS
 S.586 8786.

Léttari og hressari með Herhalife.
 www.dagamunur.is s. Ásta. 891 8902

Botnlaus orka betri líðan! Herhalife
 Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni.
 Kaupauki í júní. Halldóra Bjarna hjúk-
 unarfræðingur. www.halldorabjarna.is
 S. 861 4019/ 868 4876.

Árangur með Herhalife! Betri lífsstíl.
 Ráðgjöf og eftirfylgni. Edda Borg s. 896
 4662.

Frábær líðan. Alveg síðan Herhalife.
 www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is
 899 4183

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það
 með Herhalife! Hafðu samband. Ólóf. S.
 861 5356, olsiar@hotmail.com

Nudd

Notalegt nudd. Uppl. í s. 616 6469.

Frábært nudd f. konur á öllum aldri.
 Meiriáttar f. lúna fætur aðeins fyrsta
 flokks olíu notaðar. Rólegt og afslapp-
 að umhverfi. S. 690 7589.

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökuþróf
 og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S.
 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

HEIMILIÐ

Húsgögn

Einstakar stundir í
Crazy Chair

Hentar alls staðar: heima,
 vinnunni, sumarhúsinu eða úti við.
 Einstök slökun og vellíðan.
Markús Jóhannsson ehf.
 Sími: 565 1182

Hornsófi, blágrár. ca. 4-5 ára Stærð
 280x205. Verð kr. 20.000 Sími 899
 7650.

Heimilistæki

RAF
 HEIMILIÐ



Ryksugkerfi

Heimili, sumarhús, fyrirtæki og stofnanir.
 www.rafheimilid.is Rafheimilid ehf. s.
 567 8909. Hamraborg 5. Ópið 09-12.

Rainbow Ryksuger

Til sölu eru notaðar Rainbow ryksuger.
 Yfirfarin af umboði. Ábyrgð. Uppl. í s.
 893 6337.

KEYPT OG SELT

GÍTARINN
 HLJÓDFERAVERSLUN

Opð. Mán-Fös: 10-18
 Lau: 11-18

Þjóðlagagítar
 Poki, Stillitækni, Neglur

Kr. 15.900,-
 Verð Áður: 20.590,-

Stórshóla 27 • Sími: 552-2125 • www.gitarnn.is • gitarnn@gitarinn.is

TID TOPDRIVE

Rafmagnsvespur kr. 59.000
 Sníðug umhverfisvæn
 vespa. www.topdrive.is

Símar : 896 9319 &
 869 2688



ÚTSALA
 30% prósent
 afsláttur.

Mikið úrval af niðsterkum garðhúsgögnum
 sem eiga að standa úti allt árið.
 Viðarkó, Dalvegi 24. www.vidarko.is Sími 517-8509
 Stærstir á Íslandi í garðhúsgögnum.

Nýleg eldhúsinnrétting með vaski og blöndunartækjum, eldavél, bakaraofni og víftu til sölu. Einnig nýleg baðinnrétting, baðkar, sturtuklefi vaskur og salerni. Uppl. í s. 866 2865.

Barnagæsla

"Amma" óskast til þess að passa 6 mánaða stúlku frá og með okt. 2006 í hverfi 101, 2-3 daga í viku, 4-6 klst í senn. Áhugasamar hafi samband við Rakel í síma 659 3537.

Dýrahald



Beagle hvolpar til sölu. Tilbúin til afhendingar í kringum 10. ágúst. Allar upplýsingar fást í síma 897 8382 og binnako@simnet.is http://www.123.is/vestfjardar

Til sölu fiskabúr af ýmsum stærðum og gerðum 50 - 1400 lítra - mjög góð verð. S. 856 1991.

15% afsláttur

á öllum Hunda- og kattabúrum. Dýrabær Hlíðasmára 9, Kóp. s. 553 3062 Dýrabær Smáralind s. 554 3063.

Tveir hvolpar fást gefins. Uppl. í s. 565 8603 & 893 8591.

2 kettir af hinu þekktu skálholtskyni óska eftir góðu heimili. Annar er árs gamall fress, hvítur með smá gulum skeillum. Hinn er 8 vikna læða, þrílit og rósoft. Bæði kassavön og keilin, einstaklega blíð. Uppl. í s. 699 1915.

Ýmislegt



Rafhitaðir kanadískir heitir pottar frá Beachcomber. Vorum að taka upp '06 árgærd. Fimm ára ábyrgð. Fri heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs. Opíð alla daga frá 9 til 21.00. Allar nánari uppl. í s. 897 2902 eða mvhf@hive.is

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Gisting

Við bjóðum fallega nýja 2 herb 55 m2 íbúð á Akureyri verð pr. nótt 11.900 kr, fjórða og 6 nótt frí. Bókanir í síma 822 - 9952, sjá myndir á www.hoepfner.is

Fyrir veiðimenn

Veidiportíð

Allar Íslenskar silungaflugur verð aðeins **kr.175,-**

Við erum ódýrari!
Veidiportíð
Grandagarði 3
Sími: 552-9940

Veidiportíð

Allar Íslenskar straumflugur Verð aðeins **Kr. 195,-**

Við erum ódýrari!
Veidiportíð
Grandagarði 3
Sími: 552-9940

Veidiportíð

Vandaðar og vel hnyttar flugur á betra verði!

Brass túpur..... 295 kr.
Laxaflugur..... 275 kr.
Straumflugur... 195 kr.
Silungaflugur... 175 kr.

Veidiportíð
Grandagarði 3.
Sími: 552-9940

Laxa og silungamaðkar til sölu. Uppl. í s. 554 2406 & 866 2702. Geymið auglýsinguna.

CORTLAND

Sérfræðingar í fluguveiði

Nælum stangir, splæsnum línur og setjum upp.

Sportvörugæðin hf.,
Skípholt s. n. 562 8383.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Til leigu 2 herb. íbúð á Leifsgötu. Leiga 75 þús. á mán. Uppl. berist Fréttablaðinu merkt "Leifsgata". Fyrir kl. 12- 10/07.

Húsnæði óskast

Reglusamur háskólastúdent óskar eftir herbergi í vesturbænum með aðgang að eldhúsi, baði og aðstöðu til að geta þvegið. Skilvísnum greiðslum heitíð. Uppl. í s. 663 0135 og 865 6207.

Fyrirtæki óskar eftir 2-3 herbergja íbúð strax helst í gravarvogi. Uppl. í síma 510 9403 eða 898 6732.

Óska eftir 3-4 herb. íbúð tímabundið eða í langtíma leigu í Reykjavík eða á Reykjaíkursv. Uppl. í s. 825 5430

Reglusöm hjón á sextugsaldri óska eftir lítilli íbúð í langtímaleigu á Reykjavíkursvæðinu. Uppl. í s. 843 9537.

Sumarbústaðir

HEKLUBYGGÐ

Fylgryti úrval samantalsala og landskipa í stórretta umhverfi á þókkum Yri-Rangir

www.heklubyggd.is

Grettir Rómarsen 898 8300

Míðtún 3

Útskorin sumarbústaðaskilti úr hollenskri skipaek

Veghús - Sölvuá 9 - 230 Reykjavíkur Sími 421 1502 - Gsm 892 1502

Til sölu leigulóð í landi Galtarholts í Borgarfirði. Á lóðinni er 12,6fm gestahús og steyptar undirstöður fyrir 85,7fm sumarhús ásamt teikningum. Verð 3m. Sími 894 8620.

Geymslúhúsnæði

Pinn eigin geymslublúskúr. 7, 10 og 17 m2. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktad. S. 564 6500. www.гейmsla1.is

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innisgláðar í plasti á brettum. Starfað í 19 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

Gisting

Gistiheimili Halldóru Hvidovre/Köben. Ódýr og góð gisting. www.gistiheimilid.dk 0045 2460 9552.

Tvö 2ja manna herbergi til leigu á svæði 203. Verð 5.000 pr. nótt. Reykleysi og reglusemi áskilin. Uppl. í síma 863 8733.

Ódýr gisting á Akureyri

Helgar og vikuleiga, í hjarta bæjarins. Uppl. í s. 869 4511 & 820 0832.

ATVINNA

Atvinna í boði

Viltu vinna hjá traustu og góðu fyrirtæki?

Óskum eftir vönu starfsfólki í afgreiðslustarf, vaktar og helgarvinna. Óskum eftir fólki í framtíðarstarf, lágmarksaldur 18 ára. **Áhugasamir hafi samband í síma 893 2323 eða á www.kringlukrain.is**

Auglýsingasími 550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

Matreiðslumaður óskast. Óskum eftir að ráða matreiðslumann eða mann með góða reynslu í eldhúsi frá og með haustinu, þarf að hafa frumkvæði, drifkraft og geta unnið sjálfstætt. **Áhugasamir hafi samband í síma 863 8900eða á www.kringlukrain.is**

Veitingahús Starfsfólk óskast. Aldur 30+ æskilegast. **Uppl. í s. 894 0292.**

Vélamaður óskast Vélamaður óskast í fullt starf á nýja og vel útbúna 18 tonna hjólagrófu. Mikil vinna. **Uppl. í s. 840 7744.**

Timbur og Stál, Smiðjuvegi 11 vantar verkamann strax til verksmíðjustarfa. Vinnutími frá kl. 8-18. Sköffum mat og vinnuföt. **Upplýsingar á staðnum eða í síma 554 5544.**

Óskum eftir starfsfólki í kjötvinnslu fyrirtækisins. Upplýsingar í síma 899 2572. Sveinn.

Lagnavinna Óska eftir að ráða duglegan og reglusaman starfsmann í hitaveitulagnir o.fl. Gröfurrettindi æskileg. **Uppl. í s. 892 1919.**

Hrafnista Reykjavíkur Sumarafleysing. Starfsmaður óskast á skiptiborð símans í Hrafnistu Reykjavíkur. **Upplýsingar gefur Magna í síma 585 9529. Netfang magna@hrafnista.is Einnig er hægt að sækja um atvinnu á heimasíðu Hrafnistu.**

Hrafnista Reykjavíkur Aukavinna um helgar. Starfsfólk óskast í aðhlyningu um helgar. Sveigjanlegur vinnutími. T.d stuttar vaktir frá 17.00-21.00. **Upplýsingar gefur Magna í síma 585 9529 Netfang magna@hrafnista.is Einnig er hægt að sækja um atvinnu á heimasíðu Hrafnistu.**

Múrarar, byggingaverka Óska eftir múrurum eða mönnum vönum múrverki. Einnig byggingaverkamönnum. Uppl. í s. 896 6614 Kolbeinn Hreinsson, múrarameistari

Hjúkrunarheimilið Holtsbúð Garðabæ óskar eftir starfsfólki í aðhlyningu á næturvaktir. Starfsfólk í aðhlyningu dag- og kvöldvaktir. Starfsmann til ræstinga. Sveigjanlegur vinnutími. Upplýsingar veitir Ragnheiður Alfreðsdóttir sími 535 2222, 694 5206 ragnheiður@holtsbud.is Hildur Ólafsdóttir 535 2200.

Véla og verkamenn Óskum eftir að ráða véla- og verkamenn til vinnu. Upplýsingar í síma 893 7310.

Hrói Höttur Hringbraut óskar eftir kokk/grillara í fulla stöðu. Góð laun í boði. Ekki yngri enn 25 ára. Upplýsingar í síma 844 6292 Eva.

Flísalagningamaður. Óskum eftir múrara, flísalagningamanni eða mönnum vönum múrverki. Mikil vinna og góðir tekjumöguleikar. Uppl. í síma 699 1434.

Starfsfólk óskast í videoleigu og sjoppu vaktavinna uppl. í síma 897 3678 & 551 1525.

TÓMSTUNDIR OG FERÐIR

Kanaríeyjahátíð 2006

Kanaríflakkarar í Árnesi, Gnúpverjahreppi 7.-9.júlí

Harmonikuball á föstudagskvöld Laugardagur.

Hátíðarhlaðborð hjá Begga kl. 19:00

Happdrætti - Glæsilegir vinningar

Stuðboltinn Árni Johnsen skemmtir undir borðhaldi með fjöldasöng.

Geirmundur Valtýrsson kl. 23:00

Góð tjaldstæði - Allir velkomnir.

Takið með ykkur gesti í Kanarístudí! Stjórnin

M16 úti laser tag

-óvissuferðir
-skemmtiferðir
-hvataferðir
-hópefli

www.M16.is m16@m16.is sími:898-8181

Fyrirtæki - Starfsmannafélög - Félagasamtök

Fjórhjólafærð í Haukadalssskógi

Er afþreying sem allir hafa gaman af!

Allar uppl. á www.atvtours.is eða í síma 892-4810 & 892-0566.

FJÓRHJÓLA FERÐIR SKORRADAL

www.eskimos.is s: 822-0055

Töfragarðurinn Stokkseyri Húsdýra- og skemmtigarður

Opíð alla daga í sumar!

tofrar@stokkseyri.is, www.stokkseyri.is sími :483 3800

Óskum eftir trésmiðum og verktökum til vinnu strax, góð laun í boði fyrir rétta menn, fjölbreytt og skemmtileg vinna. Uppl. í síma 660 1701 eða 660 1702.

Beitingamaður! Vanur beitingamaður óskast strax á bát frá Reykjavík. Uppl. í síma 520 7306 & 893 5458.

Kaffibrennslan Pósthússtræti 9, óskar eftir matreiðslumönnum og einnig vantar okkur starfsmenn í uppvas. Umsóknareyðublöð eru á staðnum eða á brennslan@brennslan.is

Meiraprófsbílstjóri óskast. Framsækið fyrirtæki óskar eftir meiraprófsbílstjóra. Akstur á ríkisvæðinu. mikil vinna framundan. Uppl. í s. 694 7785

Kofi Tómasar Frænda óskar eftir hressum dyravörðum til starfa sem fyrst. Uppl. á staðnum.

Starfskraft vantar e. hád. 2 daga í viku. Þríf og o.fl. Uppl. í síma 861 1133.

Starfsfólk í Garðvinnu

Óska eftir starfskraftum í garðslátt og umhirðu. Uppl. í s. 691 9151. Garðlíf.

Starfskraftur vantar afgangi óskast í grillsjoppu í hverfi 110 milli kl. 08-16 alla virka daga og frá kl. 9-14 annan hvern laugard. Uppl. í s. 898 1534 & 567 9999.

Yfirvélstjóra vantar á tæplega 200 tonna dragnótarbát sem gerður er út frá Suðurnesjum. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Einnig vantar matsvein og háseta. Vantar yfirvélstjóra á 70 t bát sem er á humarveidum. Uppl. í s. 892 5522.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Atvinna óskast

TWC
Tempary Work Company
Ef þig vantar mannskap getum við útvegað þér smíði, múrara, málara, rafvirkja, vélstjóra, meiraprófsbílstjóra, ræstítækna o.m.fl. Góð og örugg þjónusta.
Uppl. í s. 846 9424 & 899 4443
Fax 581 4310
e-mail twc@twc.is

AWM
STARFSMANNARÁÐGJÖF

Af hverju að auglýsa þegar að við getum fundið rétta fólk fyrir þig?

Traust Fyrirtæki með reyndum og áreiðanlegum steypumönnum, smiðum, járnbindingarmönnum, kranamönnum, rafvirkjum og fleira. Frá Bretlandi. Tekur aðeins 2 vikur að fá þá til landsins. Hringið í s. 897 8978.

Upplýsingar í síma 533 3777.
Meðmæli frá viðskiptavinum fánæg.

Ég er öryrki og get tekið að mér ýmis konar viðvik. Uppl. í s. 559 1760 & 892 2001.

Ung kona óskar eftir vinnu ýmislegt kemur til greina. Uppl. í s. 691 3909.

Temporary Work Company.

Vantar þig málara? Tek að mér allra handa málningarvinnu. Innanhús, utanhús, þök.
Upplýsingar í s. 846 9424 & 664 4003.

Viðskiptatækifæri

Barrekstur til sölu
Á spáni. Upplýsingar í s. 00 346 3990 2488 & 00 349 2876 7532.

TILKYNNINGAR

Tilkynningar

AA-fundur karlar, á föstudagskvöldum kl. 19.30, Seljavegi 2, Reykjavík. Sími 848 9931. www.aa.is

Tapað - Fundið



Þessari kerru og pallettulyftara var stolið úr Desjakór. Þeir sem geta veitt uppl. hafðu samband við lögreglu í Kóp. eða í s. 697 8525. Góð fundarlaun í boði.

Ýmislegt

Bingó í kvöld kl. 19:15. Vinabær, Skip-holti 33.

Engar skuldir - Hærri tekjur

Skoðuðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

Einkamál

Spjallrásin 1+1

Konur: 595-5555
Karlar: 908-5555
langlífasta spjallrás á Íslandi
Símastefnumótö...905-2200
Rómó-stefnumót...905-5555

Spennandi
þjónustur í símanum þínum!

Bókasafnið
905-2333
515-8888
515-8800

Stefnumót
905-2323

Topp 10 kvöldsogur
905-2266

G-línan
905-5656

905-2580

Símaspjall 908 2020. Halló yndislegastur ég er Sigrún mig langar til að vera vinkona þín langar þig í hressandi símaspjall við mig? Látið drauma ykkar ræstast. Opið allan sólahringin, engin bið.

Nudd

Ert þú karlmaður? Viltu láta dekra við þig? Hafðu samband í síma 869 6914.

Símaspjall 908 6060

Ertu einmana? Viltu koma í símaspjall? Unnur.

Leikir

Bingó í kvöld, allir velkomnir. Vinabær.

allt ferðir

Alla miðvikudaga og laugardaga

SMÁUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Yfir 150.000 gestir daglega.

Stórmarkaður í stofunni heima.

ÞÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

TILKYNNINGAR

2. ÁFANGI SUNDABRAUTAR-KYNNING Á TILLÖGU AÐ MATSÁÆTLUN

Áætlaðar eru framkvæmdir við 2. áfanga Sundabrautar í Reykjavík frá Gufunesi upp á Kjalarnes. Framkvæmdin er matsskyld samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Vinna við undirbúning mats á umhverfisáhrifum er hafin hjá Verkfræðistofunni Línuhönnun og eru drög að tillögu að matsáætlun nú til kynningar á vefsíðu Línuhönnunar www.lh.is, Vegagerðarinnar www.vegagerdin.is og á vefsíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is.

Hægt er að koma ábendingum og athugasemdum við drög að tillögu að matsáætlun til Verkfræðistofunnar Línuhönnunar á netfangið olafura@lh.is fyrir 21. júlí 2006.



Línuhönnun
VERKFRÆÐISTOFA



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Þetta gæti tekið tíma



FRÉTTABLAÐIÐ

– smáauglýsingar sem allir sjá



GARÐABÆR
www.gardabaer.is

Störf í leikskólum og grunnskólum

Leikskólinn Bæjarból sími 565 6470

- Deildarstjóri
- Leikskólakennari
- Leiðbeinendur með reynslu

Leikskólinn Hæðarból sími 565 7670 / 692 9402

- Leikskólakennarar
- Grunnskólakennarar
- Proskapjálfi

Við leitum að uppeldismenntuðu fólki til starfa frá ágúst/september nk.

Leikskólinn Lundaból sími 565 6176

- Deildarstjóri
- Leikskólakennari
- Proskapjálfi
- Starfsmaður í stuðning
- Aðstoð í eldhúsi

Leikskólinn Kirkjuból sími 565 6322

- Leikskólakennari eða leiðbeinandi með reynslu

Leikskólinn Sunnhvoll sími 565 9480

- Leikskólakennari eða leiðbeinandi með reynslu frá 1. ágúst

Flataskóli sími 862-6330, sigurveig@flataskoli.is

- Umsjónarmaður tómsundaheimilis 75% starf

Garðaskóli sími 820-8594, ragnar@gardaskoli.is

- Proskapjálfi 75-100% störf

Umsóknarfrestur er til 17. júlí nk.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launanevndar sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag

Skólastjórar veita upplýsingar um störf. Umsóknir er bæði hægt að senda viðkomandi skóla og einnig er hægt að sækja um á vef Gardabæjar, www.gardabaer.is

Deildarstjóri skóladeildar

Fræðslu- og menningarsvið



SALT Restaurant – is looking for a person to work breakfast food preparation for hotel guests on the weekends.

Working hours are 6.00 - 13.00 Saturdays and Sundays. Persons interested or with food preparation experience are welcome to visit the restaurant and learn more about the details.

Dishwasher on weekends

Working time is from 8.00 – 14.00

Please send your applications or call directly before 12.07.2006.

Contact person:

Raggi Omarson, yfirmatriðslumaður/executive chef
ragnar.omarsson@radissonsas.com
gsm: 822 9019
sími: 599 1000
Radisson SAS 1919 Hotel
Pósthússtræti 2, 101 Reykjavík
1919.reykjavik.radissonsas.com

allt atvinna

Alla sunnudaga

FASTEIGNIR



Öndverðarnesi | lóð 75
Opið hús sunnudaginn 9.júlí 14:00-18:00



Fallett ca 57 fm sumarhús á frábærum stað. Leiðbeining að sumarbústaðnum: Keyrt er framhjá Þrastarlundi og beygt inn um hlið til hægri móts við Þingvallaraleggjarann. Því næst er tekin fyrsta beygja til vinstri og svo næst eftir það aftur beygt til hægri. Bústaðurinn er merktur Hákot og er nr. 75

Frekari Upplýsingar gefur Guðbjörg í síma 6982484.

Guðmundur St. Ragnarsson • Löggiltur fasteignasali
Hlíðasmári 15 • 201 Kópavogur • Sími 585 0100 • Fax 585 0109

LEIKSKÓLAR stúdenta



Félagsstofnun stúdenta á og rekur þrjú leikskóla fyrir börn stúdenta við Háskóla Íslands (frá og með 1. september 2006).

Leikskólar stúdenta eru:
Leikgarður við Eggertsgötu. Fyrir börn frá sex mánaða aldri.
Sólgarður við Eggertsgötu. Fyrir börn á aldrinum sex mánaða til tveggja ára.
Mánagarður við Eggertsgötu. Fyrir börn á aldrinum eins til sex ára.

Starfsfólk á leikskóla

Leikskólakennarar - leiðbeinendur

Viltu vinna í skapandi umhverfi í stærsta stúdentarporpi á landinu? Við leggjum áherslu á gott starfsumhverfi, góðan starfsanda og vellíðan starfsmanna. Leitum að leikskólakennurum og leiðbeinendum með aðra uppeldismenntun og /eða reynslu af starfi með börnum á leikskólann Leikgarð. Í boði eru heilar stöður og hlutastörf fyrir jákvæða og áreiðanlega einstaklinga sem hafa áhuga á að starfa með börnum.

Umsóknir skal senda til Stúdentamiðlunar, Stúdentameilinu v/Hringbraut, 101 Reykjavík eða í tölvupósti til rosa@fs.is. Nánari upplýsingar veitir Rósa G. Þórsdóttir í síma 5 700 888. **Umsóknarfrestur er til 10. júlí.**

Félagsstofnun stúdenta er sjálfseignarstofnun með sjálfstæða fjárhagsábyrgð. Að henni standa stúdentar innan Háskóla Íslands, HÍ og menntamálaráðuneytið. Auk Leikskóla stúdenta rekur FS Bóksölu stúdenta, Stúdentagarða, Kaffistofur stúdenta og Stúdentamiðlun. Starfsfólk FS er um 100 talsins.

www.fs.is

Það er gott að búa á austurlandi

Kaupvangur, Egilsstaðir. **TIL SÖLU & LEIGU**



3. herbergja íbúðir (tilbúnar til afhendingar)

Íbúðirnar eru á besta stað í bænum, steinsnar frá þjónustukjarna bæjarins. Stórar og góðar svalir fylgja öllum íbúðum, með einstöku útsýni. Eldhúsinnréttingar eru úr eik, góðir skápar eru í herbergjum & anddyri. Hjóla og vagna-geymsla er á jarðhæð, og geymslur fyrir hverja íbúð í kjallara. Íbúðirnar afhendast tilbúnar án gólfefna.

FFA og fasteignasalar veita allar frekari upplýsingar.

VERÐ FRÁ KR. 16.450.000*

* Verðlisti miðaður við vísitölu byggingarkostnaðar fyrir mars 2006 (325,3)





567 3400 580 7905 545 0555

Nánari upplýsingar á netinu: **www.nmedia.is/ffa** Fasteignafélag Austurlands ehf. · Melgerði 7 · 730 Reyðarfjörður · Sími: 567-3400 · GSM: 896-8934

VISSIR ÞÚ...

...að lengsta röð fótspora var samfelld röð 10.932 barna en samanlagt voru fótsporin 3.087,75 metrar að lengd? Notuð voru ýmis efni til að mynda fótsporin, svo sem málning, leðja og tjara!

... að þyngsta kona í heimi, Rosalie Bradford, vó mest 554 kíló árið 1987?

...að mesta flughæð sem flugvél hefur náð, var þegar Alexander Fedotov frá Sovétríkjunum flaug töluvert breyttri MIG-25 Foxbat-þotu sinni í 37.650 metra lofthæð yfir Podmoskovnoe-flugvælinum í Rússlandi 31. ágúst 1977?

...að læknar í Suður-Devon í Englandi fjarlægðu 2,53 kg þunga hárkúlu úr stúlku sem þjáðist af gleypiáráttu? Þetta er stærsti aðskotahlutur sem hefur verið fjarlægður úr mannlíkama.

...að Nepalbúinn og Sjerpinn Apa hefur oftast klífið á tind Everest, eða fjórtán sinnum? Það afrekaði hann síðast 2004.

...að Frakkinn Yannick Olivier sló met þegar hann hélt á 10 kg þungum lóðum í hvorri hönd, með útrétta handleggji, í 1 mínútu og 18 sekúndur?

...að lengsta sælgæti sem gert hefur verið, var 2.004 metra löng jarðarberjastöng sem vó eitt tonn, en hana gerði hollenskt sælgætisfyrirtæki 28. ágúst 2004?

...að Strandverðir voru vinsælasta sjónvarpssería í heimi? Áhorf náði hámarki árið 1996, en álitid er að 1,1 milljarður manna í 142 löndum hafi stillt á þættina.

...að Bandaríkjamenn hafa unnið flesta liðssigra í heimsbikarnum í golfi, eða 23 sinnum á árunum 1955-2000?

... að kona með flest líkamsgöt, Elaine Davidsson frá Bretlandi, hafði látið gata sig á 2.520 stöðum 13. október 2004? Þar af var hún með 192 göt á andliti sínu.

... að stærsta könguló sem hefur fundist í heiminum, er fuglakönguló sem var 28cm að stærð? Landkönnuðir fundu köngulóna í leiðangri í Rio Cavro í Venesúela í aprílmánuði 1965.

...að mesta manntjón sem orðið hefur af völdum stórhriðar var þegar 500 manns létust í kafaldsbyl sem gekk yfir austurströnd Bandaríkjanna 12.-13. mars árið 1993?

...að stærsta saurklessa sem fundist hefur úr kjötætu, er steingerð mykja úr grameðlu sem uppgötvaðist árið 1995? Hún var 50 cm í þvermál og um það bil sjö kíló.

... að fjölmennasta vínsmökkun var þegar fjögur þúsund vínahugamenn tæmdu 9.360 vínflöskur við vínsmökkun 22. nóvember 1986 í San Fransískó?

...að söluhæsta lag á netinu á einni viku í Bandaríkjunum, er lagið „Hollaback Girl“ með Gwen Stefani? 58.500 notendur sóttu lagið í fyrstu viku málmánaðar 2005.

...að dýrasta sjónvarpsauglýsing sem framleidd hefur verið, er auglýsing fyrir ilmvatnið Chanel No. 5 í leikstjórn Baz Luhrman með Nicole Kidman í aðalhlutverki? Auglýsingin kostaði 2,25 milljarða í framleiðslu en Kidman fékk 250 milljónir í sinn hlut.

KAUPVENJUR

Skemmtilegast að kaupa kjóla

Henný Gunnarsdóttur Hinz, verkefnisstjóra verðlags- eftirlits ASÍ, finnst ekkert sérstaklega gaman að ráfa á milli fatabúða og vill finna það sem hún leitar að sem fyrst.

Hver er upphaldsbúðin þín?
Það er engin sérstök búð.


Hvað finnst þér skemmtilegast að kaupa?
Kjóla, engin spurning. Ég geri það ekkert ofboðslega oft en alltaf þegar ég ætla að reyna að finna mér eitthvað annað þá enda ég á því að skoða kjóla.

Verslar þú í útlöndum?
Já, þegar ég á leið í útlönd þá reyni ég að versla

svolítið þegar ég hef tíma. Ég fer alltaf í Hennes og Mauritz, bæði út af verðlaginu og úrvalinu, svo er það hentugt því maður getur verslað á alla fjölskylduna þar.

Einhverjar venjur við innkaup?
Mér finnst ekkert ofboðslega gaman að kaupa fót. Ég nenni ekki að rápa og leita bara að einhverju. Ég vil að þetta gangi hratt fyrir sig þannig að ef ég finn ekkert eftir tvær búðir þá hætti ég.

Tekurðu skyndiákvörðanir í fatakaupum?
Ég er yfirleitt mjög fljót að ákveða mig. Aftur á móti er ég ekki þannig að ég kaupir mér alltaf eitthvað þegar ég er á rölti í bænum.



Þetta gæti tekið tíma

allt
bílar

Alla laugardaga



Er fasteignin þín ekki í mest lesna fasteignablaðinu?

Þegar hægist um á fasteignamarkaði er mikilvægara en nokkru sinni að auglýsa á besta staðnum. Samkvæmt nýjustu könnun Gallup* lesa 40% fleiri Íslendingar á aldrinum 25-49 ára Allt-fasteignir en Fasteignablað Morgunblaðsins. Vertu viss um að eignin þín nái athygli sem flestra!

*Samkvæmt könnun Gallup, maí 2006

FRÉTTABLAÐIÐ

- Mest lesið

Varist eftirlíkingar

UMRÆÐAN
HUGVERKAVERND



INGI GUNNAR JÓHANSSON
LAND- OG IÐNREKSTARFRÆÐINGUR

Ég lít á þetta „framtak“ Ernsts J. Backman sem ógnun við alla nýsköpunar- og vöruþróunarstarfsemi í landinu, því ef þetta ákveðna meinta brot hans á hönnunar- og höfundarrétti mínum telst leyfilegt, þá er næsta víst að fjandinn verður laus og hverjum sem er verður þar með heimilt að kópiera næstum hvað sem er.

Lög um hönnunarvernd verða að virka í raun, annars er fjandinn laus. Að undanfögnu hefur orðið mikil og jákvæð þróun á Íslandi hvað varðar hugverkavernd og það lagalega umhverfi sem snýr að hönnuðum og frumkvöðlum á hinum ýmsu sviðum nýsköpunar. Lög um hönnunarvernd voru sett árið 2001, og gefa þau hugverkasmíðum og frumkvöðlum í nútíð og framtíð kost á sérstakri skráningu hönnunarverndar hjá Einkaleyfastofunni. Hönnunarverndin á að veita vöru (eða hluta vöru) sem byggir á nýrri og sérstæðri hönnun lagalega vernd gegn eftirlíkingum, og er þannig ætlað að gæta viðskiptalegra hagsmuna frumkvöðlanna sem lagt hafa tíma, vinnu og fjármuni í þróun og smíði vöru sinnar.

Fyrir um sjö árum hóf fyrirtæki mitt, Hugarflug ehf., að hanna og teikna íslensk leiðakort af þeirri tegund sem margir Íslendingar þekkja erlendis frá af erlendum samgöngukerfum. Kort af þessari gerð eru „huglæg“, þ.e. þau styðjast ekki við neinar mældar staðreyndir eins og „venjuleg“ landakort, heldur eru þau hugsmíð hinna ýmsu kortahöfundu og lúta fyrst og fremst huglægru túlkun hvers og eins á fyrirliggjandi staðreyndum. Fyrstu kortin sem Hugarflug ehf. bjó til voru af leiðakerfi áætlanarbíla um landið, og markaði útgáfa þeirra korta tímamót í kortagerðarsögu á Íslandi því aldrei fyrr höfðu kort af þessari gerð birst opinberlega hérlendis svo vitað sé.

Ný leiðakort

Fljótlega hóf ég svo jafnframt viðræður við forráðamenn Strætó bs. um gerð sams konar korts yfir fyrirhugað nýtt leiðakerfi, en þar á bæ var hugmyndinni þó ekki beinlínis tekið opnum örmum. Menn vildu sjá til og athuga málið, en þegar kom að leiðakerfisbreytingunni þá héldu menn sig áfram við gamla landakortið með leiðum teiknuðum ofan í göturnar. Þetta varð til þess að ég hóf á eigin spýtur smíði hins nýja leiðakorts, og leit það dagsins ljós á árinu 2005 undir nafninu „Leiðalykill“ og hefur nú komið út þrisvar sinnum í prentuðu formi.

Tekið skal fram að öll þau kort sem Hugarflug ehf. hefur skapað og gefið út hafa fengið lögformlega skráningu hönnunarverndar hjá Einkaleyfastofunni, og er það marktæk staðfesting þess að þau teljist ný og sérstæð á skráningardegi. Að auki má geta þess að Imprá nýsköpunarmiðstöð hefur veitt kortagerð minni frumkvöðla-

styrk, en þar á bæ er slík viðurkenning eingöngu veitt til verkefna sem teljast vera nýsköpun á Íslandi.

Strætó gefur út eftirlíkingu

Nú u.þ.b. fimm árum eftir að viðræður hófust við Strætó bs. ríkir ennþá fullkomin óvissa um það hvort fyrirtækið vill nýta sér það nýja verkfæri sem ég hef skapað fyrir viðskiptavinum Strætó bs. af samgöngukerfi strætisvagna á höfuðborgarsvæðinu. En þótt Strætó bs. sé enn að hugsa sig um, þá er þó annar aðili búinn að sýna hinum nýja „Leiðalykli“ mínum mun meiri áhuga á bak við tjöldin.

Nú í maí sem leið gaf nefnilega auglýsingateiknari Strætó bs. til tveggja áratuga, Ernst Backman, út á eigin spýtur kort af þessu sama leiðakerfi, sem í öllum meginatríðum er eftirlíking af verki mínu „Leiðalykli“. Auðvitað er hann búinn að breyta hinum og þessum smáatriðum eins og kostur er, en myndbyggingin sjálf og allir megindrættir myndanna tveggja eru það líkir að ekki getur hér verið um neina tilviljun að ræða. Auk þess eru margir myndhlutar hjá Ernst svo til nákvæmlega eins og í hönnun minni á „Leiðalykli“, og hlýtt ég því að líta á þessa útgáfu hans sem brot á höfundarrétti mínum.

Ógnun við nýsköpun

Hafa verður í huga að auglýsingateiknarinn í Garðabæ hefur í tvo áratugi ekki búið notendum almenningssamgangna upp á annað en ýmsar útgáfur af landakortum, ættuðum frá Landmælingum Íslands, þar sem akstursleiðir strætó hafa verið teiknaðar beint ofan í göturnar. Það er þess vegna harla skríttin tilviljun að

hann skuli nú allt í einu, eftir að „Leiðalykill“ minn er orðinn til og kominn í notkun meðal borgarbúa og erlendra ferðamanna, skyndilega ákveða að gefa út næstum alveg eins kort og ég hef skapað, þótt Strætó bs. hafi alls ekki óskað eftir því hjá honum og forstjóri þess fyrirtækis, Ásgeir Eiríksson, sverji í raun af sér að hafa haft nokkuð með þetta „framtak“ hans að gera.

Mér finnst í rauninni dapurlegt til þess að vita að virtur auglýsingateiknari í Garðabæ skuli leyfa sér að seilast með þessum hætti í myndverk sem annar einstaklingur hefur skapað, en væntanlega vakir fyrir honum með tiltækinu að reyna að koma í veg fyrir að fyrirtæki mitt Hugarflug ehf. nái samningum við Strætó bs. um að bjóða viðskiptavinum sínum upp á „Leiðalykil“. Ég lít á þetta „framtak“ Ernsts J. Backman sem ógnun við alla nýsköpunar- og vöruþróunarstarfsemi í landinu, því ef þetta ákveðna meinta brot hans á hönnunar- og höfundarrétti mínum telst leyfilegt, þá er næsta víst að fjandinn verður laus og hverjum sem er verður þar með heimilt að kópiera næstum hvað sem er. Þess vegna er mikilvægt að láta hér reyna á hina skráðu hönnunarvernd „Leiðalykils“, og er mér því nauðugur sá kostur að freista þess að stöðva hið meinta brot gagnvart réttindum mínum með fulltíngi dómstóla.

Ég vil að lokum hvetja alla frumkvöðla og hugmyndasmiði þessa lands til að nýta sér skráningu hönnunarverndar hjá Einkaleyfastofunni, og óska þess jafnframt að íslenskir hönnuðir framtíðarinnar beri gæfu til að virða hugverk hver annars og varist að búa til eftirlíkingar af því sem aðrir eiga.

FM957


**ALDREI
STÆRRI OG
VINSÆLLI!**

Auglýsingasími: 550 5000

Samkv. dagbókarkönnun Gallup apríl 2006.

» FASTUR

birta
» PUNKTUR



Útsalan hafin

ILSE JACOBSEN • Hornbæk

Garðatorg 3. Sími 517-4806, Garðabæ

Mótmælum ofbeldinu í Palestínu

UMRÆÐAN
PALESTÍNA



ÖGMUNDUR JÓNASSON
ALÞINGISMAÐUR

Það er ekki nóg með að vestræn ríki og þá einkum Bandaríkin og Evrópusambandið horfi aðgerðarlaus upp á skefjalaust ofbeldi ísraelska hernámsliðsins í Palestínu, þau eru beinir þátttakendur í ofbeldinu.

Um langt árabil hafa Ísraelar deilt og drotnað í Palestínu. Jafnan þegar palestínska þjóðin virðist hafa verið að ná sér á strik reyna Ísraelar að efna til sundrungar og er jafnan fundin til þess tylliástæða. Fyrst var það Yasser Arafat, sem átti að vera uppspretta alls ills og ómögulegt að semja við stjórn hans nema hann réði áður niðurlögum allra þeirra innan Palestínu sem ógnað gætu öryggi Ísraels. Þetta þýddi að Arafat hefði orðið að ganga milli bols og höfuðs á samtökum á borð við Hamas áður en hann yrði virtur viðlíts af hálfu Ísraels. Vitað var að slíkt var Arafat og þáverandi yfirvöldum í Palestínu ógerlegt, enda ávisun á borgarastyrjöld og bræðravíg á meðal Palestínumanna.

Hópfersing á saklausu fólki

Síðan gerist það í upphafi þessa árs að Hamas sigar í lýðræðislegum þingkosningum í Palestínu þar sem kosningarþátttaka var 77%. Nú varð viðkvæðið af hálfu Ísraels að ómögulegt væri að hafa nokkur samskipti við Hamas því þau samtök viðurkenndu ekki Ísrael.

Ekki var látið við það eitt sitja að hafna samskiptum, hvað þá samstarfi. Ísraelska hernámsliðið í Palestínu hefur þann hátt á til að tryggja yfirráð sín þar að innheimta tolla og skatta. Þessu fé ber að skila til palestínskra yfirvalda. Nú hefur enn verið brugðið á það ráð að halda þessum peningum eftir og þrengja þannig að Palestínumönnum til að þrýsta á að þeir losi sig við hin illu stjórnvöld. Og viti menn, ekki leið á

löngu þar til Palestína rambaði á barmi borgarastyrjaldar. Með hópfersingum á íbúum herteknu svæðanna tókst Ísraelsstjórn að skapa slíkan glundroða að átök brutust út á milli fylkinga. Þennan ljóta leik studdi bæði Bandaríkstjórn og Evrópusambandið beint og óbeint.

Og enn þótti ekki nóg að gert. Ísraelski herinn heldur uppi stöðugum árásum á herteknu svæðin, einkum á Gaza. Fréttir tóku að berast af morðum á fjölda fólks, meðal annars á börnum. Svo fór að Hamas, sem einhliða hafði lýst yfir vopnahléi fyrir meira en ári og virt það, sagði því nú lokið. Gerð var krafa til Hamas um að leggja niður vopn og viðurkenna Ísrael. Þetta var ankannalegt í ljósi þessi að Hamas-samtökin höfðu virt vopnahlé í 16 mánuði á meðan Ísraelsher hélt látláust áfram sínum árásum. Einnig má spyrja, hvaða Ísrael eigi að viðurkenna; hvort það sé ríki innan landamæra sem Ísraelsríki ákvarði einhliða á kostnað Palestínumanna eða hvort það eigi að vera alþjóðlega viðurkennd landamæri sem byggja á friðarsamningum. Bæði fyrir og eftir kosningarnar í janúar kom fram að Hamas-samtökin voru reiðubúin í friðarviðræður. Ljóst er að þau hafa þróast frá því að vera í bland hryðjuverkasamtök en á hinn bóginn virðist lítil breyting ætla að verða á framferði Ísraelshers sem er ekkert annað en ríkisrekin hryðjuverkasveit í Palestínu.

Reynt að spilla friðnum

Nú er það vissulega rétt að Hamas-samtökin hafa ekki viljað viðurkenna Ísraelsríki. Að þessu leyti er líkt komið á með Hamas og stjórnvöldum í Ísrael því hin síðarnefndu hafa ekki viljað viðurkenna tilvist Palestínu, hvorki sjálfstæði landsins né sjálfsvörðunarrétt þjóðarinnar. En þótt Hamas hafi aldrei beinlínis viljað samþykka hernámið 1948-49 og þá tveggja ríkja lausn sem Sameinuðu þjóðirnar hafa gert ráð fyrir, þá hafa samtökin á undanförunum misserum greinilega látið á sér skilja að þau myndu viðurkenna þennan veruleika og þar með þá stefnu sem Sameinuðu þjóðirnar byggja yfirlýsing-

ar sínar á. Við þetta er að bæta að eftir síðustu þingkosningar í Palestínu var gerð skoðanakönnun á meðal fylgismanna Hamas og kom þá í ljós að þrjár af hverjum fjórum vildu frið við Ísrael. Í stað þess að styrkja þennan friðarvilja í sessi lögðu Ísraelar með dyggri aðstoð Bandaríkjanna allt kapp á að sundra friðnum!

Núverandi stjórn í Ísrael ætla Palestínumönnum innan við 10% af sundurtætri Palestínu. Þegar réttkjörin palestínsk stjórnvöld hafna þessu og hafna því að kynþáttamúrur sé reistir í landi þeirra, er viðkvæðið í vestrænum stjórnarráðum og flestum fjölmiðlum að nokkuð skorti á samningsvilja Palestínumanna!

Á okkur öllum hvílir skylda

Til sanns vegar má færa að í mannlegu tilliti skiptir ekki máli hver það er sem verður fyrir ofbeldi. Það hefur hins vegar táknræna þýðingu þegar það nú gerist að ráðherrar og þingmenn Palestínumanna eru numdir nauðugir á brott af ísraelska hernámsliðinu og haldið föngnum. Slíkt er táknrænn máti að svívirða lýðræðið. Skyldi vera nokkur von til þess að ríkisstjórn Íslands hafi sig upp af hnjúnum og sýni þann manndóm að mótmæla þessum mannréttindabrotum í Palestínu, glæpsamlegri hópfersingu á saklausu fólki? Þeir sem stýðja ofbeldið eru samsekrir. Spurning er hvort það eigi ekki einnig við um hina sem þegja. Okkur ber öllum síðferðileg skylda til að mótmæla mannréttindabrotunum í Palestínu.

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni liðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

Stöðvum þessi mannréttindabrot

UMRÆÐAN
MANSAL



ÁSTA R. JÓHANNESDÓTTIR
ÞINGMAÐUR SAMFYLKINGARINNAR

Umræðan um mansal hefur aukist undanfarið vegna hins mikla vándis sem á sér stað í Þýskalandi nú á meðan HM stendur þar yfir. Mansal er alvarlegt brot á mannréttindum og hefur verið bannað með lögum frá lokum þrælaverslunar fyrir á öldum. En þrælahald viðgengst enn, eins og ítrekað hefur verið bent á.

Í blaðagrein sem ég skrifaði í síðasta mánuði (sjá heimasíðu mína www.althingi.is/arj) fjallaði ég um öflugna baráttu jafnaðarkvænna á Norðurlöndum og í Evrópu nú á meðan HM stendur yfir gegn þessu alvarlega meini og mannréttindabroti sem enn á sér stað og fer vaxandi.

Samstarf þjóða

Á fundi jafnaðarflokkanna á Norðurlöndum og verkalýðssamtaka sem haldinn var í Finnlandi í júní, og ég tók þátt í ásamt Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur formanni Samfylkingarinnar, kom fram í umræðum um vændi og mansal að þessir glæpir væru orðnir víðtækari en verslun með eiturlyf og vopn. Ástæðan er þær miklu tekjur sem menn fá af vændinu, en talið er að tekjur af hverri konu geti numið allt að 4 milljónum íslenskra króna á mánuði og hætta á að verða tekinn fyrir mansal er mun minni en fyrir aðra glæpi. Þessi verslun á sér stað þvert á landamæri og því verður að bregðast við henni með samstarfi þjóða, á Norðurlöndum, í Evrópu og annars staðar á alþjóðavettvangi.

Stuðningur við fórnarlömbin mikilvægur

Á þessum fundi, sem var sá 22. frá því að samstarf jafnaðarmanna og verkalýðssamtakanna á Norðurlöndum hófst fyrir 120 árum, var ákveðið að samstarfið yrði notað til að skiptast á upplýsingum og reynslu af mansali.

Jafnaðarmenn hvetja til eftirfarandi aðgerða: Aukið samstarf

lögreglu við að kortleggja leiðir sem mansalið fer um og ná til sölu-mannanna. Alþjóðalögreglan tryggir að konur og börn verði ekki fórnarlömb mansals.

Upplýsa þarf konur í þeim löndum þar sem mansalið viðgengst um það, svo þær verði síður lokkaðar til Vesturlanda á fólkskum forsendum. En lífskjörin í þessum löndum eru slæm, menntun af skornum skammti og fátækt oft mikil. Koma þarf á stuðningi við þær konur sem hafa lent í mansali og vændi. Evrópusambandið hefur lagt til að konurnar fái framfærslu í þrjú mánuði. Það þarf að auðvelda þeim að fá dvalarleyfi og að styðja þær sem lent hafa í þessu, sérstaklega í velferðarþjónustunni, aðstoða þær við að fá menntun og atvinnu. Lögreglan þarf að vera vakandi fyrir því að uppræta vændi og mansal og vísa á félagsþjónustu fyrir konurnar sem hafa orðið fórnarlömb þessara glæpa.

Styrkjum lagasetninguna og fullgildum alþjóðasáttmála

Við í Samfylkingunni viljum fara sömu leið og Svíar og gera kaup á kynlífsþjónustu refsiverð – í stað þess að konurnar sem í þessu lenda séu taldar brjóta lögin. Norsku jafnaðarmennirnir vilja líka fara að dæmi Svía, því góð reynsla er af samskiptum við kynlífsþjónu. Í Noregi hefur vændi aukist óhugnanlega undanfarið á sama tíma og það hefur dregist saman í Svíþjóð.

Svo menn geri sér grein fyrir hvað sú kynlífsþrælkun sem þessar komur sem í mansalinu lenda þurfa að þola, þá kom fram í umræðunni á fundinum að þær þyrftu að líða barnsmíðar, nauðganir, innilokun, pyntingar og oft að þjóna 10-25 „viðskiptavinum“ á sólarhring. Við Íslendingar verðum að leggja okkar lóð á vogarskálarnar í baráttunni gegn þessum alvarlegu glæpum. Við gerum það m.a. með alþjóðasamstarfi, höfum m.a. staðið að ályktunum í Norðurlandráði þar sem ég á sæti. Brynast er þó að bæta lagaumhverfi okkar til að koma í veg fyrir mansal og koma á fót framkvæmdaáætlun og stefnumótun gegn því. Við verðum að fullgilda Palermo-sáttmála Sameinuðu þjóðanna og sáttmála Evrópuráðsins um mansal sem við höfum undirritað en ekki sett í lög þó kallað hafi verið eftir því á Alþingi.

Vinningar í happdrætti Sjálfsbjargar

Útdráttur 30. júní 2006

Bifreið frá Bernhard ehf kr. 2.000.000

27822

Ferðavinningur með ferðaskrifstofunni Úrvali-Útsýn kr. 160.000

6580 30299 30343 32598 43841 45065

Vöruúttekt að eigin vali frá Húsasmiðjunni kr. 100.000

4165 14732 18411 28874 32194 33585 42010 48797 49391

Vöruúttekt að eigin vali frá Kringlunni kr. 50.000

130 6850 12656 16968 23726 29094 34474 40480 46058 51346
493 8036 13056 17227 23771 29111 34893 40788 46551 51522
1133 8047 13131 18398 24712 29310 35087 40902 46562 52552
1139 8266 13774 18403 24868 30377 35261 41204 46647 52638
1369 8350 14134 18676 25570 30943 36541 41599 47096 53256
2003 8537 14226 19037 25691 31041 36913 42101 47987 54343
2483 8736 14539 19880 25764 31104 37624 42387 48113 54639
4556 9235 14865 20012 25809 31983 38084 42834 48317 54822
4752 9419 15115 20320 26020 32870 38175 42972 48319
4796 10008 15729 21119 26969 33017 38906 43824 49302
5318 10767 16273 22401 27374 33922 39358 44395 49355
5377 11623 16296 22406 27446 33950 39383 45322 49986
6346 12057 16461 22692 28245 34030 39624 45496 50173
6713 12079 16576 23049 28760 34092 39672 45699 50711
6794 12159 16834 23431 28864 34245 39729 45827 50819

Opið bréf til Birgis Arnar Steinarssonar

UMRÆÐAN
JAFNINGJA-
FRÆÐSLAN



GRÍMUR JÓN SIGURÐSSON
STARFSMAÐUR HJÁ JAFNINGJAFRÆÐSLU
HINS HÚSSINS

Miðvikudaginn 5. júlí komst Birgir Örn Steinarsson, plötugagnrýnandi Fréttablaðsins, svo vel að orði að líkja slagaranum „promiscuous“ af nýlegri plötu Nelly Furtado við Jafningjafræðslu Hins Hússins. Greinilegt er að honum finnst lítið til þessa beggja koma.

Starfsmenn Jafningjafræðslu Hins Hússins vilja hinsvegar þakka Birgi Erni fyrir að hafa okkur í huga og þá sérstaklega í tengslum við hinn frábæra listamann Nelly Furtado. En líkt og

alþjóð veit þá er hún þekkt fyrir smellina Turn of the lights og I'm like a bird. Þykir okkur ómetanlegt að starf okkar sé honum jafn hugleikið og áður nefndir smellir eru í okkar hugum. Okkur leikur forvitni á að vita á hverju Birgir byggir álit sitt og höfum því ákveðið að nota tækifærið á þessum opinbera vettvangi til þess að bjóða honum með okkur í fræðslu til tíunda bekkings í Vinnuskóla Reykjavíkur.

Í þeirri fræðslu er Birgi að sjálfsgöðu velkomið að miðla af þekkingu sinni um þau málefni sem verða til umræðu. Birgir mun einnig fá ókeypis Trópi en við erum einmitt styrkt af Vífilfelli. Að fræðslu lokinni tökum við á móti gagnrýni með opnum huga. Ef Birgir sér sér ekki fært að mæta þá erum við hinsvegar boðin og búin að veita Birgi einkafræðslu honum að kostnaðarlausu.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

NÝJUSTU MYNDIRNAR



TAKTU LOTTÓ Í BÓNUSVÍDEÓ
OG ÞÚ GÆTIR VERIÐ Á LEIÐINNI
**ÚT Í HEIM
MEÐ ICELANDAIR**



300X



COKE LIGHT
4 PACK AF
2L COKE LIGHT

100X



ÚTTEKT Í BÓNUSVÍDEÓ
1 NÝ & 1 ELDRITIL LEIGU EINN
SÓLARHRING SAMT 2L COKE
LIGHT OG STJÓRNUPOPPI

97X



LOTTÓ
10 RADA MIDAR
+ JÓKER



VIDEOHÖLLIN
Á þínu bandi

BÓNUSVÍDEÓ

Leigan í þínu hverfi

EF MYNDIRNAR WALK THE LINE, MUNICH, HOSTEL EDA RUNNING SCARED ERU EKKI INNI ÞÁ FÆRÐU HANA FRÍA TIL ÚTLEIGU EINN SÓLARHRING NÆST ÞEGAR ÞU KEMUR GEGN FRANVÍSUN. *100% KORTS. GILDIR EINN MÁNÚÐ FRÁ AUGLÝSINGU OG AÐEINS Á ÞEIM SÓLUSTAÐ ÞAR SEM MYNDIN VAR EKKI INNI.

RINGO STARR (1940) FÆDDIST PENNAN DAG.

„Allt sem ríkisstjórnin snertir breytist í skít.“

Ringo Starr er best þekktur sem trommari í Bítlanum. Hann var elsti meðlimur hljómsveitarinnar og jafnframt sá sem gekk síðastur til liðs við hana.



tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST 7. JÚLÍ 1941

Bandaríkjaher kemur til landsins

Á þessum degi árið 1941 kom bandaríski herinn til landsins en þá hafði breski herinn verið hér í rúmt ár. Bretar og Bandaríkjamenn höfðu gert með sér samkomulag um að bandarískir hermenn tækju við vörnum landsins þar sem Bretar höfðu fulla þörf fyrir mannafla sinn en Bandaríkjamenn voru ekki enn orðnir fullir þátttakendur í styrjöldinni. Roosevelt, forseti Bandaríkanna, lagði á það mikla áherslu að Íslendingar væru sáttir við komu þeirra hingað til lands og sendi því mann hingað í júní sem fór fram á að Íslendingar óskuðu sjálfir eftir herverni. Svo fór sem fór og



Alþingi samþykkti komu hersins degi eftir að hann kom.

Koma breska og bandaríska hersins breytti miklu, hún rauf tengsl okkar við Danmörku og færði okkur meiri tekjur en við höfðum áður séð.

Erlendur gjaldeyrir streymdi inn í landið og allir sem vildu gátu fengið vinnu hjá hernum.

Þegar erlendir hermenn voru flestir á Íslandi voru þeir um 60 þúsund en þá voru landsmenn um 120 þúsund. Bretar kölluðu aldrei allt herlið sitt til baka heldur voru breskir hermenn hér allt til stríðsloka árið 1945.

MERKISATBURÐIR

- 1846 Bandarískar hersveitir hernema Monterey og Yerba Buena í Mexíkó og innlima Kaliforníu inn í Bandaríkin.
- 1898 Hawaii innlimað inn í Bandaríkin.
- 1937 Japanskar hersveitir ráðast inn í Peking í Kína.
- 1946 Móðir Frances Xavier Cabrini er fyrsti bandaríski borgarinn sem tekinn er í dýrlingatölu af kaþólsku kirkjunni.
- 1978 Salómón-eyjar fá sjálfstæði frá Bretlandi.
- 1983 Ray Charles skemmtir á veitingahúsinu Broadway ásamt 25 manna hljómsveit.
- 1996 Vesturfarasetur opnað á Hofsósi.

SIGRÍÐUR NÍELSDÓTTIR: OPNAR MYNDLISTARSÝNINGU Í DAG Í 12 TÓNUM

Hefur sent frá sér yfir fimmtíu geisladiska í gegnum árin

Sigríður Níelsdóttir tónlistar- og myndlistarmaður opnar í dag klukkan 16 myndlistarsýningu í verslun 12 Tóna við Skólavörðustíg. Á sýningunni verða 26 klippimyndir en þetta er fyrsta einkasýning Sigríðar. „Þetta eru klippimyndir og bakgrunnsmýndin er ýmist mynd af dagatölum eða þá að ég hef sjálf búið til bakgrunninn, til dæmis úr landslagsmyndum,“ segir Sigríður.

„Ég hef dálítið verið að leika mér að þessu en ég hef aldrei sett þær í ramma til þess að sýna þær. Ég var búin að gera nokkrar myndir þegar einhver spyr mig hvort ég ætli ekki að setja upp sýningu, það getur vel verið, segi ég og hélt áfram að gera myndir.“ 12 Tónar buðust síðan til þess að hýsa sýninguna en Sigríður hefur gefið út geisladiska hjá fyrirtækinu. Myndirnar voru gerðar yfir nokkra mánaða tímabil og segir Sigríður að það taki stundum svolítinn tíma að finna úrklippur sem sýna það sem verið er að segja.

Sigríður hefur gefið út yfir fimmtíu geisladiska og sá nýjasti mun líklega koma út í dag. „Þessi diskur heitir Fagra Ísland og á honum eru svona ljúf lög eins og Næturyrró og Vormorgunn,“ segir Sigríður þegar hún er beðin um að lýsa disknum. Hún spilar á hljómborð á disknum og í einu laganna notar hún þríhorn en Sigríður hefur meðal annars gefið út diska með slökunartónlist og sálmum.

Sigríður er dönsk en hefur búið hér á landi síðan árið 1949 ef frá eru talin



SIGRÍÐUR NÍELSDÓTTIR TÓNLISTARMAÐUR Í dag er opnuð fyrsta einkasýning Sigríðar í 12 Tónum en hún hefur hingað til aðallega verið í tónlistinni. Á sýningunni verða 26 klippimyndir sem Sigríður hefur gert á undanförmum mánuðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

átta ár þegar hún bjó í Brasilíu. „Ég ætlaði bara að fara út með dóttur minni, hún var að flytja þarna út og ég fór til að hjálpa henni því hún var með lítil börn með sér en svo var ég bara í átta ár,“ segir hún og hlær.

„Er ég ekki alltaf í frii?“ svarar Sigríður þegar blaðamaður spyr hana hvort hún ætli eitthvað í frii í sumar. „Ég þarf ekki að mæta klukkan níu, ég bara ræð því hvenær ég vinn, mér

finnst ég eiginlega alltaf vera í frii en þó er ég alltaf að hamast við eitthvað,“ segir Sigríður. Hún hefur fengið umfjöllun í fjölmiðlum úti um allan heim, meðal annars í Japan, Finnlandi og Þýskalandi og nú er heimildarmynd um hana í burðarliðnum.

Myndirnar á sýningunni eru til sölu og getur fólk skráð sig fyrir verkunum, en sýningin stendur í þrjár vikur.

gudrun@frettabladid.is



Okkar innilegustu þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför

Laufeyjar Guðlaugsdóttur
frá Neskaupstað.

Börn, tengdabörn og barnabörn.



Elsku eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Guðrún Þórhallsdóttir Ludwig

andaðist þriðjudaginn 4. júlí. Útförin verður auglýst síðar.

Thomas M. Ludwig
Margrét Ludwig
Brandur Thor Ludwig
Clara Regína Ludwig
og barnabörn.

Björgvin Jósefsson
Anna M. Rögnvaldsdóttir



Ástkær eiginnmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Hörður Valdimarsson

fyrirv. lögregluvarðstjóri, Nestúni 17, Hellu,

sem lést 3. júlí s.l., verður jarðsönginn frá Oddakirkju á Rangárvöllum laugardaginn 8. júlí kl. 13.

Jórunn Erla Bjarnadóttir
Bjarni R. Harðarson
Guðrún B. Harðardóttir
Hafðís E. Harðardóttir
Logi Harðarson
afabörn og langafabörn.

Inga Guðmundsdóttir
Sigurður Héðinn Harðarson
Alan Jónsson
Fjola Lárusdóttir



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Guðmundur Magnússon

fyrirverandi skrifstofustjóri í Ríkisendurskoðun, Árskógum 8, Reykjavík,

lést 28. júní á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ. Jarðsett verður frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 11. júlí kl. 13.00.

Elísabet Jónsdóttir
Jón Guðmundsson
Björg Guðmundsdóttir
Gunnar Kr. Guðmundsson
Örn Guðmundsson
barnabörn og langafabarn.

Marta Kjartansdóttir

Anna Guðný Björnsdóttir
Ragnhildur Sigurðardóttir



Faðir okkar,

Björn Jóhannesson

(Bjössi-Ólínu) frá Sauðárkróki,

andaðist 3. júlí á Dvalarheimilinu Hrafnistu í Reykjavík. Jarðarförin fer fram í Fossvogskapellu mánudaginn 10. júlí, kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á BUGL.

Helgi Sævar Björnsson
Þorsteinn Úlfar Björnsson.



Þökkum auðsýnda samúð við andlát elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu.

Guðrún Sigríður Wormsdóttir
frá Eiríkubúð, Arnarstapa.

Gullý Bára Kristbjörnsdóttir
Sigurborg Jenný Kristbjörnsdóttir
Kristín Hulda Kristbjörnsdóttir
Anna Björg Kristbjörnsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Ágúst Geir Kornelíusson
Sveinn Sigurjónsson
Ómar Árni Kristjánsson

ÚTFARIR

- 11.00 **Agnar Guðmann Guðmundsson**, múrarameistari, Haðalandi 15, Reykjavík verður jarðsönginn frá Bústaðarkirkju.
- 11.00 **Guðgeir Þórarinnsson**, klæðsker, áður til heimilis í Stóra-gerði 1, Reykjavík, verður jarðsönginn í Dómkirkjunni.
- 13.00 **Guðrún Lilja Dagnýsdóttir**, hjúkrunarheimilinu Eir, verður jarðsönginn frá Fossvogskapellu.
- 13.00 **Erna Sigurbjörg Ragnarsdóttir**, hárgreiðslumeistari, Löngufit 24, Garðabæ, verður jarðsönginn frá Frikkirkjunni í Hafnarfirði.
- 13.00 **Ragnheiður Kristjánsdóttir**, Skólabraut 3, Seltjarnarnesi, verður jarðsönginn í Dómkirkjunni.
- 13.00 **Baldur Karlsson** verður jarðsönginn frá Fossvogskirkju.
- 14.00 **Gréta Heiðbjört Guðmundsdóttir**, Flögu, Þistilsfirði, verður jarðsönginn frá Þórshafnarkirkju.
- 14.00 **Jenný Þórkatla Magnúsdóttir**, ljósmóðir, Ytri-Njarðvík, verður jarðsönginn frá Ytri-Njarðvíkirkirkju.
- 15.00 **Ragnheiður Jónsdóttir**, Hrafnistu, Reykjavík, áður Barðavogi 24, Reykjavík verður jarðsönginn frá Langholtskirkju.
- 15.00 **Jóhann Ingvarsson**, Hjallaseli 31, verður jarðsönginn frá Bústaðarkirkju.

AFMÆLI

- Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir** leikkona er 56 ára.
- Helga Thorberg** leikkona er 56 ára.
- Jón Viðar Jónsson** er 51 árs.
- Fríðrik Skúla-son** tölvufræðingur er 43 ára.
- Patrekur Jóhannesson** handknattleiksmaður er 34 ára.

LEGSTEINAR

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbbró, líparíti og marmara. Hjá okkur finnur þú það sem hentar þér og þínum.

Hafðu samband eða kynntu þér þjónustuna í verslun okkar.



S:HELGASON

Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is

Róbert Traustason
Þjálfari Boot Camp

Evert Víglundsson
Þjálfari Boot Camp

Arnaldur Birgir Konráðsson
Þjálfari Boot Camp

Við hlaupum Blátt áfram...



... alla leið frá Helli til Reykjavíkur

Boot Camp þjálfararnir Arnaldur Birgir Konráðsson, Evert Víglundsson og Róbert Traustason ætla að leggja af stað frá Helli á miðnætti aðfaranótt laugardagsins 8. júlí og hlaupa til Reykjavíkur.

Hver og einn þeirra mun hlaupa tvö og hálf maraþon!

Hvað getur þú gert til að styrkja Blátt áfram?

• Þú getur keypt bol*

og fylgt Boot Camp þjálfurunum síðasta spölinn - frá hlaupastöð 1 eða 2

• Þú getur hringt í 907 2000

þá dragast 1.000 kr. af símreikningnum þínum

*Þú getur keypt Blátt áfram bolina á næstu Esso stöð, á www.blattafram.is eða við hlaupastöðvarnar þann 8. júlí.

Blátt áfram frábær dagur Laugardaginn 8. júlí

Þú styrkir þig um leið og þú styrkir gott málefni með því að fylgja Boot Camp strákunum síðasta spölinn.

Hlaupastöð 1

10.00 Litla Kaffistofan – Hafnarbakkinn = 26,3km

Hlaupastöð 2

12.00 Húsagannahöllin – Hafnarbakkinn = 7,6km

Leiðin sem farin verður: Ártúnsbrekka, Grensásvegur, Suðurlandsbraut, Laugavegur niður að höfn.

Frjálst er að koma inn í hlaupaleiðina á hvaða stað sem er.

Reykjavíkurhöfn – Skemmtun frá kl. 14.00 – 16.00

14.00 – 14.25 Lalli töframaður

14.25 – 14.45 „Létt“ Boot Camp æfing fyrir alla

14.45 – 15.00 Ingó úr Idol

15.00 – 15.20 Ellen Kristjánsdóttir og Sigríður, Elísabet og Elín Eyþórsdætur taka nokkur lög

15.20 – 15.30 Footloose mætir á svæðið

15.30 – 16.00 Halla hrekkjusvín kemur og skemmtir

Sumargrín frá ÍTR verður á staðnum – andlitsmálun og leiktæki


Mætum við Reykjavíkurhöfn og tökum vel á móti hlaupurunum!



BLÁTT ÁFRAM!

DV

Um helgina



**BUBBI'KEYPTI
5 MILLJÓNA
BMW FYRIR KÆRUSTUNA**



Sirkus og DV Sport eru fylgirit DV. Hér & nú fylgir einnig frítt til áskrifenda.

Hefur þú séð þú DV í dag?

STUÐ MILLI STRÍÐA: Mannsiðir Íslendinga

ERLA BJÖRG GUNNARSDÓTTIR BÝÐUR GÓÐAN DAGINN



Ég hef búið erlendis síðastliðin tvö ár í tveimur löndum. Einu skiptin sem ég fæ menningarsjokk er þegar ég kem heim til fagra Íslands í frí. Ástæðan er einföld. Þegar ég kem heim úr stóru útlöndum finnst mér eins og tilfinningin eigi að vera notaleg og heimilisleg. Andlitin eru kunnugleg og tungumálið svo dásamlega skiljanlegt. Fortíð, saga og rætur. En einhverra hluta vegna verð ég einmana og ókunnug í litla samfélaginu mínu. Skrýtið.

Ýmislegt kemur til. Íslendingar eru töffarar og of hlýleg viðbrögð við einhverri manneskju geta á einu

augnabliki afhjúpað viðkvæmnina. Það er ekki kúl. Íslendingar eru stresstappar. Þeir hafa ekki tíma til þess að velta umhverfi og fólki of mikið fyrir sér. Það er best að eiga heima í öruggri sápuvílu. Þessi tvö atriði valda því að Íslendingar eiga bág með að bjóða góðan daginn. Það að bjóða daginn þegar maður mætir einhverjum, kemur inn í hóp af fólki, stendur einn í lyftu með ókunnugri manneskju eða rekst á nágrannann í stigaganginum er almenn kurteisí, að mínu mati.

Kurteisín felst í því að með því að bjóða góðan daginn ertu að viðurkenna tilvist annarrar manneskju. Íslendingar eiga það til að afneita því þegar einhver annar er staddur í sama rými og þeir. Það er óþægilegt

þannig að þeir horfa í gaupnir sér og láta sem þeir sjái ekki hina manneskjuna. Því miður virkar þessi taktík illa þar sem andrúmsloftið verður yfirleitt helmingi þvingaðra.

Ég legg því til að við samþykkjum tilveru hvers annars með því að bjóða góðan daginn oftar. Það er hægt að byrja á því að segja bara „daginn“ og horfa í hina áttina. Þeir sem eru hugrakkir geta meira að segja horft í augun á hinna manneskjunnar og gefið henni vinalegt brot. Það eru til margar útfærslur. Mannverur eru dásamlegar í öllum sínum stærðum og gerðum og því engin ástæða til þess að líta framhjá þeim eða það sem verra er - í gegnum þær.

Góðan daginn kærur landsmenn.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



SUMARÚTSALAN HEFST Í DAG

CALVIN KLEIN - FILIPPA K - PATRIZIA PEPE - LACOSTE - STELLA NOVA - RUTZOU - LEE - WRANGLER - SPORT MAX
GK REYKJAVÍK - DAY BIRGER & MIKKELSEN - JUICY COUTURE - PRIMA BASE - POM D'API - MINI A TURE

ÚTSALA

40% AFSLÁTTUR MENN OG KONUR
50% AFSLÁTTUR AF BARNAFÖTUM
60% AFSLÁTTUR AF DAY VÖRUM

GK REYKJAVÍK

MENN, KONUR OG BÖRN

**Kl. 22.00**

Hin óborganlega og ástríðufulla hljómsveit Helgi og hljóðfæraleikararnir spila á skemmtistaðnum Rocco á Akureyri.

menning

menning@frettabladid.is

Fabúla leikur á Flúðum

Tónlistarmaðurinn Margrét Kristín Sigurðardóttir sem kemur fram undir listamannsnafninu Fabúla heldur tónleika á Flúðum í kvöld ásamt Jökli Jörgensen, Birki Rafni Gíslasyni og Einarí Scheving. Von er á þriðju plötu Fabúlu en fimm ár eru liðin síðan síðasta plata hennar, Kossafar á ilinni, kom út. Platan, sem enn hefur ekki fengið nafn, er samstarfsverkefni Margrétar, Jökuls og Birkis en hún segir þó að platan sé mjög persónuleg þrátt fyrir að þetta sé í fyrsta skipti sem hún semur í félagi við aðra. „Lögin sem við semjum saman hafa á sér sterkan svip, þau eru melan-kólsk og dreymin. Þau verða líka oft til á miðnætti,“ segir Margrét Kristín en bætir því við að erfitt sé að skilgreina



ÞRIÐJA PLATA FABÚLU Á LEIÐinni Leikur á Útlaganum í kvöld.

tónlistina á meðan þau eru að vinna í henni. „Við leggjum mikið upp úr nálægð, stemningu og litlum hlutum. Förum frekar þröngar fáfarnar götur en beinar og breiðar,“ segir hún.

Verið er að leggja lokahönd á plötuna sem kemur út í ágúst en það vill svo skemmtilega til að hluti hennar var tekinn upp á Flúðum fyrr í vetur. „Það var velviljaður heimamaður, Árni Hjaltason, sem var okkur innan handar með aðstöðu þegar við vorum að taka upp,“ útskýrir Margrét Kristín og tónlistarmennirnir því komnir aftur á kunnuglegar slóðir því tónleikarnir fara fram í skemmtihúsinu Útlaganum á Flúðum. Tónleikarnir hefjast kl. 22.

> Ekki missa af...

öpun húsi hjá myndlistarmanninum Snorra Ásmundssyni um helgina. Snorri býr og starfar í gamla **Álafosshúsinu** í Mosfellsbæ og á að baki all sérkennilegan myndlistarferil. Gestir eru velkomnir milli 14-18 á laugardag og sunnudag.

sumartónleikum í **Mývatns-sveit**. Fjölbreytt tónlist í fallegu umhverfi.

ævintýralegru opnun í **Skaftafelli**. Fólkska stórborgarinnar smitast austur á firði og síðasta andvarp bændamennningarinnar er að drukka í flaumri erlendra blótsyrða. **Baldur Björnsson** og **Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir III** taka yfir Gallerí Vesturvegg.



Skipið siglir að austan

Félagarnir í 5tu herdeildinni hafa verið á flakki austur í Pétursborg og þar kom nýlega út hljómdiskurinn Skipið siglir.

Að sögn gímaldins, forsprakka hljómsveitarinnar, er um nokkurs konar safnplötu að ræða. „Þetta er þriðja platan okkar en hinar tvær voru með allt öðru efni en við höfum leikið á tónleikum, þær voru meira konsept- eða svona dútlverk. Þessi plata er safn af lögum sem við höfum verið að leika undanfarin ár,“ útskýrir hann.

Verkaskipting í bandinu er býsna lýðræðisleg þó gímaldir útskýri að lagasmíðar þessarar plötu séu líklega mest á hans könnu. Hann syngur og spilar á allt mögulegt en það gera þeir félagar hans Loftur S. Loftsson, Hermann Stefánsson og Gestur Guðnason einnig og á plötunni eru einnig kallaðir til góðir gestir.

Hljómsveitin hefur þrisvar ferðast til Rússlands en gímaldir hefur einnig verið að spila þar eins síns liðs. Á sínum tíma lék hljómsveitin á alþjóðlegri tónlistarhátíð í Pétursborg og komst þar í kynni við útgáfufyrirtæki sem sérhæfir sig í heimstónlist. Þá var áhersla sveitarinnar meira á órafmagnaða músík heldur en rafknúði rokk og fékk bandið samning



TÓNLISTARMAÐURINN GÍMALDIRIN Þriðja plata hljómsveitarinnar 5ta herdeildin kemur út í Rússlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

við útgáfuna sem nú er að bera áheyrilegan ávöxt.

„Þetta var óttalegt basl á meðan ég var alltaf á Íslandi en svo tók ég mig til og flutti til Pétursborgar. Platan var tekin upp hér heima

en ég tók bara efnið með mér út,“ segir gímaldirinn.

Hann segir að líf íslenska tónlistarmannsins í Pétursborg hafi verið stórfínt. „Þessi borg hefur alltaf haft menningarlegan stimp-

il, hún er menningarborg Rússlands og þar hefur alltaf verið mjög lifandi tónlistarsena. Hún þykir ekki stór þarna úti en fyrir okkur er hún alveg mögnuð. Þarna er allt á einum stað, áhrifin safnast að víða, þarna heyrir maður til dæmis tónlist frá Síberíu og öðrum nálægum löndum Rússlands.“ Gímaldir segir að hlustendur austur frá séu töluvert hrifnir af norrænu efni. „Ég hef reynt að útbúa norrænan eða germanskan pakka þegar ég kem fram sem trúbador, þá leik ég líka skandinavísk og þýsk lög.“ Hann segist snemma hafa heillast af tónlist gömlu austantjaldslandanna og sá áhugi hefur aukist eftir sem heimsöknum hans þangað fjölgar. „Þar er svo margt að heyra sem erfitt er að finna hér. En þar er hægt að finna fjársjóði bæði efni útgefið á diskum og sem hefur verið flutt á tónleikum.“

Geisladiskurinn er kominn í plötuværslanir Skífunnar en hljómsveitin verður á ferðinni í sumar, um leið og gímaldir hefur endurheimt „Íslensku“ röðina sína því þessa dagana hljómar hann meira eins og rússneskur barkasöngvari sökum raddleysis. „Ég hef legið talsvert í þessari músík frá Síberíu, kannski hefur orðið einhver genabreyting hjá mér,“ segir hann spökur.

Nánari upplýsingar og tóndæmi má finna á heimasíðu sveitarinnar, <http://5taherdeildin.hlunkur.com>. kristrun@frettabladid.is

Ástarkvalir

Skáldsaga Guðbergs Bergssonar, Sú kvalda ást sem hugarfylgsnin geyma, er komin út í kilju. Bókin kom fyrst úr árið 1993 og var þá tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna og hlaut afar góða dóma, bæði hérlendis sem erlendis.

Þessi ádeilukennda skáldsaga býður lesandanum að líta inn í völuvarp húsnáðarinnar en í umsögnunum um bókina var rætt um blæbrigðaríkt skáldverk Guðbergs, þrungið ljóðrænni fjadurmögnun, ríku ímyndunarafla og skarpr hugsun.

Forlagið gaf bókina út á sínum tíma en kiljan kemur út hjá JPV.



Líf

Hjörtun brædd af Gelitin-hópnum

Hinn heimsþekkti myndlistarhópur Gelitin er staddur hér á landi og mun halda sýningu í Gallerí Kling og Bang. Hópurinn samanstendur af fjórum athyglisverðum listamönnum frá Austurríki. Verk þeirra hafa vakið athygli víða um heim og eru sögð kynda undir alls konar kenndir - aðdáun eða hrylling og allt þar á milli.

Blaðamaður Fréttablaðsins hitti þá félagi; Tobias Urban, Wolfgang Gantner, Florian Reither og Ali Janka, á dögnum í Gallerí Kling og Bang, og lærði að hér eru á ferðinni mikil ólíkindatöl sem ekkert mannlegt er óviðkomandi.

Gelitin-hópurinn hefur starfað saman síðan 1993 og á ferli sínum meðal annars sýnt á Fenejartvíæringnum, Sjanghæ-tvíæringnum, Gagasian gallerí í New York og Pompidou í París, og víðar. Þeir vinna með alls kyns miðla, hvort sem það eru teikningar, skúlptúrar, gjörningar, ferðalög eða eitt-hvað allt annað. Líkaminn kemur einnig allmikið við sögu í list Gelitin.

Svalir á Tvíburaturna

Að sögn listakonunnar Heklu Daggar Jónsdóttur sem er tengi-



RISAVAXINN KANÍNUSKÚLPTÚR EFTIR GELITIN-HÓPINN Á ÍTALÍU „Líður eins og Lísu í Undralandi í námunda við verkið.“

liður hópsins hérlendis, „fremja þeir oft gjörninga sem mörgum hverjum þykja djarfir, þar sem þeir leyfa sér að leika með og teygja á hinu almenna tungumáli líkamans.“ Eitt verka Gelitin, sem hlotið hefur mikla athygli, snérist um að byggja svalir á Tvíburaturnana í New York, en þeir höfðu tímabundna vinnuástöðu þar. „Þar var gluggi tekinn úr, svölunum skotið út í 20 mínútur meðan einhver af meðlimum Gelitin birtist á svölunum,“ útskýrir Hekla. Nýverið hlutu þeir einnig mikið lof fyrir sýningu í Leo Koenig galleríinu í New York. „Þar byggðu þeir hóbýli inni í galleríinu, lokuðu sig þar inni í viku með engum gluggum, sjónvarpi eða klukku. Gestir sýningarinnar gátu komið fyrir hvaða hlut sem var þar inni, í gegnum þar til gerða lúgu og stuttu seinna skilaði hluturinn sér ásamt eftirlíkingu af þeim hlut, gerðum af Gelitin, gestunum til eignar.“ Síðast en ekki síst er að minnast risavaxinnar kanínu sem þeir félagarnir bjuggu meðal annars til úr bleikri ull fylltri af hálm og komu fyrir á fjallstindi rétt hjá þorpinu Artesia á Ítalíu. „Þessi kanínu-skúlptúr er svo gigantískur að áhorfendum líður eins og Lísu í Undralandi þegar komið er í námunda við verkið. Alveg magnað,“ segir Hekla með áherslu.

Órætt nafn

Þegar listamennirnir eru fyrst

spurðir um tilurð nafngiftarinnar Gelitin, ber hópnum ekki saman um svar. Florian er fyrstur til svara og segir hugtakið í raun merkingarlaust. „Þetta nafn var valið fyrir slysi og það merkir í raun ekkert eitt. Við völdum það í raun af því að það er fallett. Það getur vísað í hvað sem þú vilt og því má segja að það sé merkingarlaust.“ Ali Janka andæfir þessari túlkun félaga síns. „Ekkert hugtak er merkingarlaust heldur vísar í eitthvert fyrirbæri, hvort sem það tilheyrir veru eða óveru og tilvísanirnar geta verið fjölmargar allt eftir því hver á í hlut.“ Hann útskýrir í framhaldinu að í sínum huga hafi hugtakið gerólíka merkingu en fyrir félagi sína. „Ég tengi það draumi um ferð til tungslins þar sem meðal annars má finna skyndibitastaðinn McDonalds. Wolfgang kann að tengja það við svamp, Florian morgunverð og Tobias við eitt-hvað allt annað. Orðið Gelitin er bæði marg- og órætt en alls ekki merkingarlaust,“ áréttar Ali og þar við situr.

Óvæntar tengingar

Skýring þeirra á verkum sínum er einnig marg-og/eða -óræð. „Við tengjum hvorki né staðsetjum verk okkar innan listasafna eða gallería, heldur fremur við eða innan veruleikans í heild sinni. Við elskum að ferðast enda gerum við mikið af því og tengjum list okkar mjög oft þessu flakki. Með ferðalögum og list okkar reynum við að búa til tengingu milli okkar og veruleikans,“ útskýrir Ali. „Við vinnum með alls konar miðla, stundum bara með líkamann, ekki af því að við erum latir að vinna með miðla utan okkur þess að það má tjá svo margt með líkamanum. Stundum byggjum við eitthvað frá grunni eins og 20 metra háan skúlptúr sem við gerðum af geimfari í Suður-Kóreu og líka þegar við bjuggum til stóran rússíbana í galleríi í Mílanó á Ítalíu.“

Líkamleg ást á verkunum

Aðspurðir um sýningu sína hér á landi láta þeir félagarnir ekki mikið uppi. „Við munum ekki styðjast við neitt annað en sjálfa okkur á þessari sýningu svo hún verður mjög innhverf en einnig einkar andleg. Við ætlum okkur



LISTAHÓPURINN GELITIN SEM SÝNIR Í GALLERÍ KLING OG BANG Hrífnir af íslenskrí náttúru og íslenskrí matargerð.

að reyna að skapa þægilegt og afslappað andrúmsloft hér í galleríinu þannig að þeir sem hingað koma á sýninguna upplifi innhverfa íhugun að einhverju marki,“ segir Florian. Ali segir erfitt að útskýra hvað þeir ætli nákvæmlega að gera á sýningunni, hugmyndin sé enda enn í þróun. „Ég get aðeins lýst þessu á þann veg að þetta verður eins og að bræða ál sjálfur eða sjálf með eigin hjarta. Þetta er augnablik þar sem íhugandi ferli getur breyst í raunverulegt fyrirbæri.“

Allt getur gerst enda segir í

einni tilkynningu frá hópnum, „Fólk verður líkamlega ástfangið af því sem við gerum. Það er þessi, með fiðrildi í maganum, tilfinning sem við reynum að skapa í öllu því sem við gerum. En í sumum verkum okkar viljum við líka kalla fram losta, hrylling, þrá, svæsna kynferðislega girnd og aðrar jákvæðar tilfinningar.“

Sýning Gelitin verður opnuð 15. júlí í Gallerí Kling og Bang, klukkan 19.30 og stendur til 13. ágúst. Nánari upplýsingar um hópinn má finna á www.gelitin.net. bryndisbjarna@frettabladid.is

Tilboð

-2 kr.

Ný bensínstöð Öskjuhlíð
neðan við Keiluhöllina

- Mundu Dælulykilinn -

ATLANTSOLIA



*Karma frá Selfossi
í kvöld*

Stór og fjölbreyttur sérrettamatseðill öll kvöld vikunnar

VISIR

VEF.TV

NFS Í BEINNI Á VISIR.IS



LÍÐUGIR LEIKARAR Götuleikhúsið sprellar í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Flandur og flipp í miðbænum

Það brestur á með heilmiklu húllumhæi í miðbænum í dag en þá verður síðasta föstudagsflipp Skapandi sumarhópa Hins hússins og Reykjavíkurborgar. Vegfarendur eiga von á góðu milli kl. 13-15 en þá vaða listræn ungmenni uppi með tónlist, leiklist, dans og söng.

Jazz-, klassík og framúrstefnu- leg raftónlist mun heyrast úr óvæntum áttum, ef fólk rekur

nefið inn í Apótekið í Austurstræti heyrast í gítarduettinum Mímósu en Tepokinn leikur á Kaffi Hljómalind. Á Austurvelli býður Taumlausa tríóið upp á portretteikningar og ferskeytlur og fjöllistahópurinn Grísalappalísur verður með innsetningu.

Á vappi verða einnig félagar femíniska vefritsins Lata stelpan sem munu spyrja kynlegra spurn-

inga og uppátækjasamir leikarar Götuleikhússins sveima einnig um. Í nágrenni Ingólfstorgs má heyra í hljómsveitinni Cheddy Carter og þar hyllir Íslenska hreyfipróunarsamsteypan líka íslenskt veðurfar.

Nánari upplýsingar um þátttakendur má finna á heimasíðu Hins hússins.

- khh

Landsbankinn

VINIR
HALLARINNAR EHF

VÍKING

LOPAPPEYSAN

Útihátíð Írskra daga á Akranesi

Forsala hafinn í
Pennanum Akranesi
2.900 kr. í forsölu



PAPARNIR

08.07.06



TODMOBILE



18. ára
aldurstakmark

ÍSRSKIR
DAGAR
Akranesi 7.-9. júlí, 2006

Kynnið ykkur nánar aðra
dagskrárlíði þessa helgi
á www.irskirdagar.is

Svæðið opnað kl. 22:50

DJ Óli Palli

Raggi Bjarna hitar upp kl. 00:10

Todmobile og Paparnir

halda uppi fjörinu fram á nótt!

Inngangur

Veitingasala GALITO

Veitingasala GALITO

SEMENTSVERKSMÍÐJAN
SEMENTSSKEMMA
INNISVÆÐI

SVÍÐ

ÚTISVÆÐI
VEITINGATJÖLD

Matsala
Coca-Cola
AS-kaffi

Veitingasala

Veitingasala GALITO

Café Mörk

GAMLA
AKRABORGAR-
BRYGGJAN

Inngangur

Forsala hafinn í
Pennanum Akranesi
2.900 kr. í forsölu



TÓNLISTARGÚRÚINN OG MYNDLISTARMAÐURINN CURVER Brilljantingljáandi gestir velkomnir á Ellefuna í kvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Meira rokkabilly rokk

Aðdáendur rokkabilly-tónlistar íða af kátínu því í kvöld stefnir í óborganlegt dansball á skemmstaðnum Bar 11 þar sem tónlistarmaðurinn Curver Thoroddsen ætlar að þeyta skífum af kunnu listfengi. Þetta er fjórða rokkabilly-partí Curvers en þau hafa þegar slegið í gegn og því má búast við verulegri stemningu í húsinu.

„Þetta er mjög drífandi tónlist og yfirleitt er dansað á öllum hæðum,“ segir Curver en hann hefur sankað að sér úrvali af rokkabillymúsík og hefur því úr miklu að móða. Svo krydda ég prógrammið með surf-tónlist og tón-

list úr tengdum geirum,“ segir Curver og bætir við að brilljantingljáðir gestir munu eiga von á miskunnlegum tónum frá músíkóntum á borð við Wöndu Jackson og Bill Hailey. Svo verður gamla góða rokkið ekki langt undan og hver veit nema það heyrst eitthvað í Elvis.

Curver hvetur alla til þess að klæða sig eftir tilefninu, hawaiiskyrturn, pólóbolir, hringskorin piils og golfreyjur eiga vel við. Herlegheitin hefjast upp úr miðnætti og standa langt fram eftir morgni en aðgangurinn er algjörlega ókeypis.

- khh

Footloose

Í dag
7. júlí
8. júlí
13. júlí
14. júlí
15. júlí

upselt
upselt
laus sæti
laus sæti
laus sæti
laus sæti

Miðasalan er í síma 568 8000
www.borgarleikhus.is
www.minnsirkus.is/footloose

HVAD? HVENÆR? HVAR?

JÚLÍ

4 5 6 7 8 9 10

Föstudagur

TÓNLEIKAR

- 19.30 Jazzhátíðin **Jazz undir Fjöllum** hefst að **Skógum**. Opnunarhátíð í Félagsheimilinu **Skarðshlíð**. Myndlistarsýning og stutt tónlistaratriði frá **KK**. Síðar um kvöldið treður **Jazzkvartett Sigurðar Flosasonar** upp í Félagsheimilinu **Fossbúð**.
- 20.00 **Gerður Bolladóttir** sópran, **Hlín Erlendsdóttir** fiðla og **Sophie Schoonjans** hörpuleikari flytja tónleikadagskrána **Fagurt er á Fjörðum á Hólum í Hjaltadal**. Lagavalið miðast bæði við veraldleg og trúarleg þjóðlög. Þau hin veraldlegu voru útsett af **Ferdinand Rauter** fyrir píanó en eru hér flutt við hörpu. En hin trúarlegu eru útsett af **Önnu Þorvaldsdóttur** í tilefni þessara tónleika.

- 22.00 Tónlistarkonan **Fabúla** leikur ásamt **Birki Rafni Gíslasyni**, **Jökli Jörgensen** og **Einari Scheving** á **Útlaganum** á Flúðum.

SKEMMTANIR

- 00.00 **Dúettinn Sessý og Sjonni** ætla að halda uppi stuðinu á **Kaffi 59** á **Grundarfirði**. Stuðtónlist úr öllum áttum og engum leiðist. Leikar hefjast á miðnætti.
- 21.00 **Sunna** og **Mr. Silla** leika ásamt hljómsveit á **Barnum**, Laugavegi 22. Hip-hop-jazz-fönk braðingur til miðnættis en síðan taka plötusnúðar við.
- Helgi og hljóðfæraleikararnir** spila á skemmtistaðnum **Rocco** á Akureyri. Diskó á eftir.
- Hljómsveitin **KUNG FÚ** leikur í **Sjallanum** á Akureyri.

SÝNINGAR

- 17.00 **Sigtryggur Berg Sigmarsson** sýnir í **Gallerí Dverg** við Grundarstíg. Sýningin ber heitið **The Curse of Sigtryggur Berg Sigmarsson** og er opin frá 17-19.

LEIKLIST

- 10.00 **Brúðubillinn** sýnir leiksýninguna Týnda eggjó við **Fróðengi**. Önnur sýning í **Frostaskjóli** kl. 14.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

www.sturta.is
allan sólarhringinn!

Reykjavíkurvegur 64, Hatnarfjörður.

Syngjandi sæll...

Sími: 565-5566 sturta.is

MR SKALLA GRÍMSSON
Benedikt Erlingsson

Sýnt í Landnámssetri í Borgarnesi
Sýningar í júlí

Föstudag	7. júlí	kl. 20	laus sæti
Laugardag	8. júlí	kl. 20	laus sæti
Sunnudag	9. júlí	kl. 20	laus sæti
Föstudag	14. júlí	kl. 20	laus sæti
Laugardag	15. júlí	kl. 20	laus sæti
Sunnudag	16. júlí	kl. 20	laus sæti
Föstudag	21. júlí	kl. 20	laus sæti
Laugardag	22. júlí	kl. 20	laus sæti
Sunnudag	23. júlí	kl. 20	laus sæti
Föstudag	28. júlí	kl. 20	laus sæti
Laugardag	29. júlí	kl. 20	laus sæti
Sunnudag	30. júlí	kl. 20	laus sæti

LEIKHÚSTILBOÐ
Tvíréttadur matur, miði og fritt í Göngin til baka í boði Landnámsseturs
Frá kr. 4000 - 4800
MIDAPANTANIR Í SÍMA 437 1600

Tónleikar á Hólum

Haldnir verða sérstakir tónleikar á Hólum í Hjaltadal í kvöld en þar verða fluttar óvenjulegar útsetningar á íslenskum þjóðlögum. Fyrr á dögum tókast að flytja þjóðlög við strengjandirleik en fátítt er að slíkt sé gert nú til dags. Að þessu sinni leika **Hlín Erlendsdóttir** fiðlu-leikari og **Sophie Schoonjans** hörpuleikari undir við söng sópransöngkonunnar **Gerður Bolladóttur**.

Yfirskrift tónleikanna er „Fagurt er í Fjörðum“ og er þar vitnað til ljóðs eftir Látra-Björgu. Efnisskráin samanstendur af veraldlegum og trúarlegum þjóðlögum. Veraldlegu lögin voru útsett af Ferdin-

and Rauter fyrir píanó en nú eru þau flutt af hörpuleikarnum **Sophie Schoonjans** en trúarlegu lögin eru útsett af tónskáldinu **Önnu Þorvaldsdóttur** sem gerði þær sérstaklega fyrir þær stóllur. Tónleikarnir eru um leið útgáfutónleikar því von er á samnefndum hljómdiski í hillur verslana.

Tónleikarnir hefjast í Hóla-dómkirkju kl. 20.00.

- khh

ÞJÓÐLÖG Í NÝSTÁRLEGUM EN GAMALDAGS ÚTSETNINGUM
Gerður Bolladóttir sópran, Hlín Erlendsdóttir fiðla og Sophie Schoonjans hörpuleikari.



sykurlaus **Kjörís Mjúkus**

ÚT UM ALLT Í ALLT SUMAR!

Kjörís sykurlaus



> Í SPILARANUM

Eberg - Voff voff
Built to Spill - You in Reverse
Reykjavík! - Glacial Landscapes, religion, oppression & alcohol
Fields - 7 From the Village
Maritime - We, The Vehicles

tónlist

tonlist@frettabladid.is

Hætt við að gera plötu

Meðlimir rokksvéitarinnar Pixies hafa lýst því yfir að þeir muni aldrei aftur gera plötu saman. Frank Black og hans fólk í Pixies eru staðráðin í því að halda áfram að koma fram á tónleikum, enda hefur þeim gengið allt í haginn á þeim vettvangi síðan sveitin kom aftur saman. Plön um plötugerð sem lengi hafa verið á borðinu eru döttin upp fyrir.

„Ég vildi gjarnan að við gætum farið lengra með þetta og myndum taka upp plötu. Það eru ekki allir í bandinu tilbúnir í það og því ætlum við ekki að gera mikið mál úr því. Við ætlum bara að halda áfram að spila á tónleikum,“ segir Frank Black og ítrekar



að meðlimir sveitarinnar hafi enn gaman af tónleikaferðalögnum. „Það er mjög gaman hjá okkur, það er einhver andi sem kemur yfir okkur á sviðinu,“ segir hann. Black upplýsti jafnframt að samband hans við bassaleikarann Kim Deal væri nú mun betra en þegar sveitin leystist upp árið 1991. „Þegar við erum á ferðalagi eyðum við tíma saman, tölum mikið saman og föðmumst meira að segja,“ segir Black.

THE PIXIES Frank Black, söngvari sveitarinnar, segir þau aldrei munu vinna plötu saman.



> Plata vikunnar

Zero 7: The Garden

„Þriðja breiðskífa Zero 7 er þeirra besta til þessa. Ekki skemmur að sænski trúbadúrinn José González kemur töluvert við sögu.“

BÖS



HOT CHIP Nýja platan er vinsæl og Over and Over er heitasta lagið á X-inu.

X-LISTINN

TOPP TÍU LISTI X-INS 977

- 1 **HOT CHIP**
OVER AND OVER
- 2 **THE STROKES**
YOU ONLY LIVE ONCE
- 3 **WULFGANG**
LIFE AND HABITS
- 4 **RED HOT CHILI PEPPERS**
TELL ME BABY
- 5 **HARD-FI**
BETTER DO BETTER
- 6 **LOSTPROPHETS**
ROOFTOPS
- 7 **COHEED AND CAMBRIA**
WELCOME HOME
- 8 **MOTION BOYS**
WAITING TO HAPPEN
- 9 **JAKOBÍNARÍNA**
HIS LYRICS ARE DISASTROUS
- 10 **SYSTEM OF A DOWN**
KILL ROCK 'N ROLL



JOOLS HOLLAND Frábær tónlistarþáttur hans verður sýndur á RÚV innan tíðar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Jools Holland á RÚV

Hinir frábæru þættir Jools Holland verða teknir til sýninga í Ríkissjónvarpinu á laugardaginn eftir viku, hinn 15. júlí. Holland er breskur pianóleikari sem tekur á móti tónlistarmönnum og hljómsveitum í sjónvarpssal og listafólki tekur lagið. Þættirnir eru vel þekktir í Bretlandi og þykja oftast frábæra vel heppnaðir. Holland er bæði skemmtilegur og úrval tónlistarmanna í þættinum er gott og þykir jafnan endurspeglar vel það sem er heitast hverju sinni.

Í fyrsta þættinum koma fram ekki ómerkni nöfn en Foo Fighters, Black Eyed Peas, Hard-Fi, The Arcade Fire og Mariza. Í seinni þáttinum fimm tróða meðal annars upp Robert Plant, The Go Team!, The Fall, Kaiser Chiefs, John Legend, Van Morrison, New Order, The Coral, Faith Evans, James Blunt, Beck, Doves, Plantlife, Coldplay, Jamiroquai og Billy Preston. Þættirnir verða á dagskrá Sjónvarpsins á laugardagskvöldum klukkan 19.40.

Reiður og fullur af orku

Fyrsta sólóplata Thom Yorke, söngvara Radiohead, kemur út á mánudag. Mikil eftirvænting er eftir gripnum enda er Yorke á meðal virtustu poppara samtímans. Freyr Bjarnason grennslaðist fyrir um gerð plötunnar.

Platan heitir The Eraser og er gefin út undir merkjum útgáfufyrirtækisins XL Records en ekki EMI, sem Radiohead er á mála hjá. Ástæðuna segir Yorke vera þá að hann hafi viljað skilja sína eigin tónlist frá tónlist Radiohead og því hafi verið best að leita til nýs útgáfufyrirtækis.

Góður Godrich

Nú lög er að finna á nýju plötunni og er upptökustjóri enginn annar en Nigel Godrich, sem er vafalítið þekktastur fyrir að hafa stjórnað upptökum á meistaraverki Radiohead, OK Computer, sem hefur undantekningalítið verið ofarlega á listum hinna ýmsu tímarita og blaða yfir bestu plötur allra tíma. Auk vinnu sinnar með Yorke og félögum hans í Radiohead hefur Godrich getið sér gott orð fyrir að stjórna upptökum á vönduðum plötum á borð við Sea Change með Beck og The Invisible Band með skosku sveitinni Travis.

Upptökur á plötunni stóðu aðeins yfir í sjö vikur, sem hlýtur að teljast góður árangur fyrir einn af meðlimum Radiohead þar sem fullkonnunaráráttan hefur verið gríðarleg í gegnum árin. „Ein af ástæðunum fyrir því að ég vildi gera plötuna var að mig langaði að notast við tölvur og ekkert annað, en á sama tíma vildi ég hafa útkomuna lífléga og fulla af orku,“ sagði Yorke í nýlegu viðtali. Bætti hann því við að það hafi verið fánlega auðvelt að búa til lögin á plötuna og leið honum stundum eins og hann væri að svindla á einhverjum.



EINSAMALL Thom Yorke nýtur ekki aðstoðar féлага sinna út Radiohead á sólóskífu sinni.

Leynardómur afhjúpaður

Yorke blés ekki í herlúðra þegar hann tilkynnti um þessa væntanlegu plötu sína heldur þvert á móti. Þann ellefta maí síðastliðinn gaf hann upp tengilinn theeraser.net án nokkurra útskýringa á svæðinu Dead Air Space sem er að finna á heimasíðu Radiohead. Tveimur dögum síðar sendi Yorke stjórnendum nokkurra aðdáendanna Radiohead, í gegnum WASTE-samtökin, tölvupóst þar sem hann sagði að ný plata væri væntanlega frá sér þar sem hann sjálfur syngi og spilaði öll lögin.



THOM YORKE Söngvari Radiohead sendir óvænt frá sér sólóplötu á mánudaginn.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Bætti hann því við að Godrich væri upptökustjóri og að trommu-taktur og rafhljómar yrðu áberandi á plötunni.

Hafinu stjórnað

Yorke upplýsti einnig að umslag plötunnar hefði verið hannað af Stanley nokkrum Donwood sem er dulnefni enska rithöfundarinnar og listamannsins Dan Rickwood sem hefur unnið mikið með Radiohead í gegnum tíðina með eftirtækta-verbóm árangri.

Greindi Yorke frá því að myndin á umslaginu væri af Knúti hinum ríka sem var konungur Englands, Danmerkur og Noregs á árunum 1016 til 1035. Á myndinni reynir Knútur að stjórna sjávarföllunum en samkvæmt þjóðsögunni var hann talinn svo fær konungur að einhverjir héldu því fram að hann gæti stjórnað sjálfu hafinu. Knútur var nú ekki á sömu skoðun og sýndi fram á takmarkanir sínar er hann reyndi að stjórna hafinu án árangurs.

Þarna er Yorke líklega að vara almenning við að fylkja sér gagnrýnislaust á bakvið leiðtoga sinn, hvort sem um er að ræða Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, Bush Bandaríkjaforseta eða einhvern annan. Yorke er þekkur fyrir gagnrýni sína á bresk og

bandarísk stjórnvöld, sérstaklega í kjölfar Íraksstríðsins, og því kemur ekki á óvart að hann hafi ákveðið að nota sólóplötu sína til að koma pólitískum hugsunum sínum enn frekar á framfæri.

Pólitísk skilaboð

Fleiri pólitískar tilvísanir er að finna á plötunni og bera lagaheitin til að mynda skýr merki um það. Lagið Atoms for Peace er titillinn á ræðu sem Dwight D. Eisenhower, fyrrum forseti Bandaríkjanna flutti árið 1953 þar sem hann talar vel um kjarnavopn og lagið Harrowdown Hill ber sama nafn og staðurinn þar sem lík enska læknisins David Kelly fannst fyrir þremur árum. Kelly hafði sett spurningarmerki við þær staðhæfingar að Saddam Hussein, fyrrverandi forseti Íraks, geymdi kjarnavopn í landi sínu. Stjórnvöld í Bretlandi byggðu ákvörðun sína um að ráðast í Irak einmitt á þeim „staðreyndum“ að vopnin væri þar að finna og því kom vitnisburður Kelly flatt upp á marga og var hann undir miklum þrýstingi stjórnvalda og fjölmiðla í framhaldinu. Á endanum fyrirför hann sér en Yorke varpar ábyrgðinni á stjórnvöld í laginu og syngur m.a.: „Did I fall or was I pushed?“ Yorke segir að Harrowdown

Hill sé reiðasta lagið sem hann hafi samið: „Ég vil ekki kafa eitthvað frekar í þetta mál og rifja upp það sem gerðist. Það er eiginlega frekar óþægilegt að tala um þetta,“ sagði hann nýverið og vill greinilega láta textann tala sínu máli.

Einnig má geta þess að lagið Black Swan er að finna í kvikmyndinni A Scanner Darkly með Keanu Reeves í aðalhlutverki sem er væntanleg í bíó. Er myndin byggð á samnefndri vísindaskáldsögu Philip K. Dick.

Hvað varðar plötuheitið The Eraser þá mun það vera einhvers konar tilvísun í nýtt hlutverk Yorke sem tveggja barna föður og ábyrgðina sem fylgir fjölskyldulífinu.

Engin tónleikaferð

Thom Yorke mun ekki fara á tónleikaferðalag til að fylgja The Eraser eftir en fylgir vafalítið plötunni eftir með nokkrum tónleikum þar sem hann verður einn á báti. Sjöunda breiðskífa Radiohead er væntanleg á næsta ári og munu allir hans kraftar fara í að fullvinna hana. Er hennar vitaskuld einnig beðið með mikilli eftirvæntingu á meðal áhugamanna um vandaða og framsækna popptónlist, rétt eins og plötunnar sem kemur út eftir helgina.

Patton kíkir inn um skráargatið

[TÓNLIST]

UMFJÖLLUN

Þó svo að ungiðurinn hafi reynt að púa hann niður af sviðinu þegar hann hitaði upp fyrir Korn hérna heima er lítið hægt að deila um snilligáfu Mike Patton. Það eru að minnsta kosti mjög fáir tónlistarmenn sem eru að takast á við jafn mismunandi strauma og stefnur í tónlistarsköpun sinni. Hann kom hingað með súrasta verkefni sitt, Fantomas, sem er svo út úr kú að fáir hafa haft þolinmæði til að kynna sér þá sveit. Ég get þó lofað ykkur því að sá leiðangur inn í myrkustu skúmaskot hryllingsmynda og japansks ofsóknarbrjál-

æðis er vel þess virði ef þið passið bara að hafa hjálm á höfðinu og lukt í hönd.

Nóg um það. Núna býður Patton upp á nýja plötu sem hann hefur víst verið að vinna að í 6 ár. Hvert einasta lag á Peeping Tom er samstarfsverkefni með öðrum tónlistarmanni. Í hópnum eru stór nöfn á borð við Dan the Automator (sem gerði fyrri Gorillaz-plötuna með Damon), Bebel Gilberto, Massive Attack og Norah Jones.

Öll lögin eru víst unnin án þess að Patton hafi hitt listamennina. Hugmyndum var skotið manna á milli í gegnum tölvu- og sniglapóst þar til menn voru sáttir við útkomuna. Þrátt fyrir að mismunandi fólk komi að mismunandi lögum

er merkilega mikið samræmi á plötunni. Það er helst að Patton skipti um gír í laginu með Bebel Gilberto en það lag, Caipirinha, er skiljanlega undir sterkum bossanova áhrifum. Lagið með Massive Attack er líka frekar týpískt fyrir þá merku sveit.

En í heildina er þetta án efa aðgengilegasta plata sem Patton hefur gert síðan á dögum sínum með Faith No More. Lögin Celebrity Death Match sem hann gerir með Kid Koala og Mojo sem hann gerir með bitboxaranum Rahzel og Dan the Automator eru til dæmis skotheldir útvarpslagarar. Lagið sem hann gerir með Noruh Jones minnir ekkert á fyrri verk hennar. Þar syngur hún dóna-

leg orð sem hún myndi líklegast aldrei láta hafa á eftir sér á sínum eigin plötum. Og ef ég á að segja alveg eins og er, þá hljómar hún ekkert eins og Norah Jones, minnir miklu frekar á Kelis eða einhverja slíka dívu.

Platan er víst gerð undir áhrifum frá hryllingsmynd leikstjórans Michael Powell frá árinu 1960 sem ég hef ekki séð. Ef sú mynd er eitthvað eins og þessi plata, þá mæli ég með því að þið grípið hana næst þegar ykkur langar til þess að upplifa eitthvað örlítið framandi, en eruð samt ekki stemmd til þess að eyða of mikilli hugarorku í það að fylgjast of mikið með söguþræðinum.

Birgir Örn Steinarrson



PEEPING TOM:

PEEPING TOM

Niðurstaða: Enn og aftur sannar Mike Patton hversu fjölbærur hann er. Í þetta skiptið með poppaðri dúettaplötu þar sem m.a. Massive Attack og Norah Jones koma við sögu.



STEINTRYGGUR Leikur í tvígang á Bretlands-eyjum á næstu dögum og vinnur að nýrri plötu.

Steintryggur til Englands

Hljómsveitin Steintryggur leikur á tónlistarhátíð í Wales á morgun. Hátíðin ber yfirskriftina The Small Nation Festival. Tíu dögum seinna leikur sveitin á Rythm Sticks-hátíðinni í London. Steintryggur skipa Steingrímur Guðmundsson og Sigtryggur Baldursson og hefur sveitin starfað frá 2003 en það ár kom út geisladiskurinn Dialog. Diskurinn fór í dreifingu í Evrópu á síðasta ári og í kjölfarið hefur Steintryggur haldið tónleika í Bretlandi og víðar í Evrópu. Liðsmenns Steintryggs hyggjast leika nýtt efni á hátíðunum tveimur, en þeir vinna nú að nýrri breiðskífu.



PETE DOHERTY Ætlar að hætta í dópínu.

Bugaður og beygður

Rokkstjarnan Pete Doherty úr hljómsveitinni Babyshambles segist hafa farið í algjöran mínus þegar hann var rekinn úr The Libertines. Doherty var yfirheyrður af breska sjónvarpsmanninum Jonathan Ross og lét ýmislegt flakka í viðtalinu. „Ég var bara rekinn, sendur í útleð. Það var líklega út af dópínu en í raun vildi ég alls ekki fara á tónleikaferðalög. Enginn þeirra talar við mig í dag,“ segir Pete sem er greinilega sár og bitur.

Í viðtalinu sagði Doherty frá tilraunum sínum til að hætta að neyta eiturlyfja. Hann segist aldrei hafa lagt eins mikið á sig og núna. „Ég hef engan áhuga á að vera blankur og með ofsóknarbrjálæði. Í fyrsta skipti er ég nú að leggja mikið á mig til að hætta.“

Doherty viðurkennir einnig að eiturlyfjaneyslan hafi haft áhrif á tilraunir hans til að semja tónlist en hann hyggst heldur betur bæta úr því.

▶ Fyrsta plata Snorra er komin í verðslanir!



- Farin burt
- Himinninn og við
- Galdur
- Fuzzy
- Chiquitita
- Kveðja

- I want to know what love is
- If it makes you happy
- Undir rós
- Ef ég væri Guð
- Allt sem ég á

◀ Inniheldur lögin

Plata sem þú verður að eignast!



góða skemmtun! ▶





STEINÞÓR HELGI ARNSTEINSSON BLOGGAR FRÁ ROKKFERÐALAGI SÍNU UM EVRÓPU

Hvar eru góðu norsku hljómsveitirnar?

Hróarskeldan að baki og að mínu mati var hátíðin í fyrra skemmtilegri en það er einungis af persónulegum ástæðum. Hátíðin í ár var samt langt frá því að vera slæm, eiginlega þvert á móti. Ég hef samt ekki nógu mikið rými til þess að fara yfir allar þær hljómsveitir sem ég sá. Ætla samt að leyfa mér að koma með nokkrar athugasemdir í stikkorðum. Bob Dylan var ekki að virka fyrir þessa áhorfendur, Serena-Maneesh var of töff, upplífi skemmtilega unglínga-gremju nostalgíu á Deftones, Animal Collective voru ekki af þessum heimi, danskar hljómsveitir komu mér á óvart, Spank Rock var meira en bara lítið stuð, Phoenix náðu undravörðu flugi og Sigur Rós voru sigurveggar hátíðarinnar á mati flestra.

Núna er ég hins vegar kominn til landsins sem, í sögulegu samhengi, hefur alltaf verið betra við okkur Íslendinga, nefnilega Noregs. Í Kristiansand á suðurodda Noregs fer fram mjög áhugaverð hátíð, Quart að nafni. Reyndar er það svo að fjölmargir listamenn sem voru á Hróarskeldu flytja sig beint yfir á þessa en hún fer fram á fimm dögum á litlu skerri sem er skógi vaxið og mjög fagurt.

Pó svo að á Quart-hátíðinni séu að miklu þeir sömu tónlistarmenn og voru á Hróarskeldu er hátíðin af öllt öðrum toga. Hér er engin pissufila, allir eru snyrtilegir og allt er einhvern veginn mikið mun afslappaðra, enda Norðmenn mun fágæðri þjóð en Danir. Fæstir eru líka á tjaldsvæð-

inu enda slíkt óþarfi þar sem hátíðin er alveg við höfnina og miðbæinn. Þar að auki eru einungis um fimmþán þúsund manns sem sækja hátíðina. Samt eru hér þekkt nöfn á borð við Tool, Kanye West, Depeche Mode, Arctic Monkeys, Muse og fleiri. Auk þess eru hér áhugaverðir listamenn eins og Clap Your Hands Say Yeah, Jenny Lewis, Vashti Bunyan og Death Cab for Cutie. Hef þess vegna verið í hálfgerðri slökun, sérstaklega þegar miðað er við geðveikina á Hróarskeldu. Hef sjaldan verið eins



CLAP YOUR HANDS SAY YEAH Ein af áhugaverðari sveitunum á Quart-hátíðinni í Noregi.

úrvinda eftir eina helgi og þá síðustu. Andlega var ég samt ferskur og tilbúinn í meira.

Þrátt fyrir að Quart-hátíðin hafi komið mér þægilega á óvart, varðandi útlit, staðsetningu, andrúmsloft og annað slíkt þá hef ég orðið fyrir miklum vonbrigðum með norskar hljómsveitir sem hafa verið ófrumlegar og litlausar. Fyrir utan náttúrulega töffarasveitina Sererna Maneesh sem hélt uppteknum hætti frá Hróarskeldu. Ég hef þó enn ekki

gefið upp alla von og hátíðin er einungis hálfnuð þannig að nóg er eftir.



Magni stóð sig vel en valdi vitlaust lag

Magni Ásgeirsson úr hljómsveitinni Á móti sól stóð sig nokkuð vel í fyrsta þættinum af Rockstar: Supernova sem sýndur er á Skjá einum. Fréttablaðið fékk álit nokkurra valinkunnra einstaklinga úr tónlistarbransanum til að meta frammistöðu Magna.

Þeir voru allir á svipuðu máli,

töldu Magna hafa staðið sig nokkuð vel, hafi ekki verið bestur en þó klárlega ekki verstur. Lagavalið hafi hins vegar ekki verið hið besta hjá Magna en þess ber að geta að keppendurnir fimmþán máttu aðeins velja úr tuttugu lögum, og sama lagið mátti ekki koma fyrir tvisvar í þættinum.



Hreimur Örn:

Var landi og þjóð til sóma

„Mér fannst Magni standa sig algjörlega frábærlega. Hann var landi og þjóð til sóma og kom fram eins og hann væri nú þegar kominn í hljómsveitina,“ segir Hreimur Örn Heimisson, söngvari í Landi og sonum og vinur Magna. „Mér fannst þetta ekki neikvætt sem hljómsveitin sagði um hann. Þeir voru í raun að segja að hann væri þegar kominn til Vegas og þetta væri of mikið sjón hjá honum en hafi vantað persónuleikann. Annars var sjálfstraustið alveg í botni hjá honum og hann söng vel. Mér fannst hann vera einn af fimm bestu.“

Hreimur er á því að það megi nú þegar flauta keppnina af. „Ég held að þessi Lucas, sem var síðastur í hópnum, sé þegar búinn að vinna þessa keppni. Hann hefur verið viðloðandi þennan bransa í ein fimmþán ár, hefur sungið með frægum hljómsveitum og er vel þekktur innan bransans. Ef það verður ekki stórslys vinnur hann þetta,“ segir Hreimur sem hefur þó fulla trú á Magna vini sínum. „Ég sendi honum skilaboð eftir keppnina og óskaði honum til hamingju. Hann má vera stoltur af því sem hann gerði. Ég vil nú bara reka Íslendinga til að horfa á þáttinn og kjósa kallinn.“



Heiða í Unun:

Mikið ævintýri fyrir Magna



„Ég verð að játa það að mér fannst valið á laginu ekki nógu sterkur leikur hjá Magna. Það var of venjulegt og það er ekkert að marka hvernig fólk syngur I Can't get No Satisfaction. Ég vona bara að hann komist fram svo hann geti sýnt á sér aðrar hliðar,“ segir Ragnheiður Eiríksdóttir, betur þekkt sem Heiða, en hún fylgdist spennu með keppninni eins og margir aðrir. „Magni var ekki verstur en ekki heldur bestur. Ég kaus hann að sjálfsgöðu og held með honum af því að hann er Íslendingur. Þetta hefur ábyggilega verið mikið álag en hann þarf bara að reyna að gleyma öllu nema að syngja vel,“ segir Heiða sem vonast til að Magni komist sem lengst. „Þetta er mikið ævintýri fyrir hann og ég vona bara af öllu hjarta að hann komist sem lengst.“

„Magni var ekki verstur en ekki heldur bestur. Ég kaus hann að sjálfsgöðu og held með honum af því að hann er Íslendingur. Þetta hefur ábyggilega verið mikið álag en hann þarf bara að reyna að gleyma öllu nema að syngja vel,“ segir Heiða sem vonast til að Magni komist sem lengst. „Þetta er mikið ævintýri fyrir hann og ég vona bara af öllu hjarta að hann komist sem lengst.“

Eiður Arnarsson, útgáfustjóri hjá Senu:

Hissa á lagavalinu



„Mér fannst Magni standa sig mjög vel. Ég var reyndar svolítið hissa á lagavalinu hjá honum, aðallega vegna þess að allir hinir voru í miklu nýrri lögum og Satisfaction er, þrátt fyrir gæðin, orðin svolitlum lumma,“ segir Eiður Arnarsson, útgáfustjóri hjá Senu. „Mér fannst Magni vera í efri hlutanum, ekki bestur en klárlega ekki sístur.“

Eiður segist ekki myndu gefa neitt af lögnum sem sungin voru á miðvikudag út. „Ekkert af þessu á erindi í útgáfu. Það breytir því ekki að þetta fólk á allt erindi á plötu, bara á öðrum forsendum. Því miður er þátturinn líka þannig uppsettur að við munum ekki fá að sjá nein frumsamin lög, því honum er ætlað að grípa athyglina á sem stytum tíma. Umsagnir hljómsveitarinnar voru líka furðu neikvæðar.“



Frosti í Mínus:

Rólegur og yfirvegaður

„Mér fannst Magni bara nokkuð góður. Hann var rólegur og yfirvegaður sem er aðáunartvert því það er ábyggilega mjög erfitt að koma fram þarna,“ segir Frosti Logason gítarleikari í Mínus. „Þetta var samt nett hallærislegt og ég fékk algjöran aulahroll þegar hann var að tala um að Á móti sól væri vinsælasta hljómsveit landsins.“

Frosti telur að Magni geti náð nokkuð langt í keppninni. „Hann gæti alveg langt náð því allir þessir söngvarar gætu verið í Á móti sól. Magni á því alveg jafn mikinn séns og hinir.“

Einn af þekktustu söngvurum landsins

Guðmundur Magni Ásgeirsson, söngvari úr hljómsveitinni Á móti sól, stóð sig vel í bandaríska sjónvarpsþættinum Rockstar: Supernova, sem sýndur er á Skjá einum, á miðvikudaginn var.

Í viðtali sem birtist við Magna áður en hann steig á svið var hann meðal annars sagður vera í hljómsveitinni Á móti sól sem væri sú vinsælasta á Íslandi um þessar mundir. Auk þess sagði Magni meðal annars: „Ég er sennilega einn af tíu þekktustu söngvurum Íslands. Ég hlakka rosalega til að syngja fyrir Ameríku, þetta er tækifæri lífs míns.“

Magni virtist ná nokkuð vel til

MAGNI Magni í Á móti sól heillaði áhorfendur úr sal upp úr skónum en náði ekki að heilla dómnafndina.



áhorfenda í sal á meðan á flutningi hans stóð en dómnafndin, sem samanstóð af Dave Navarro úr Jane's Addiction, Gilby Clarke úr Guns n' Roses, Tommy Lee úr Mötley Crue og Jason Newsted úr Metallica, var ekki alveg jafn hrifin. Dave Navarro sagði meðal annars að flutningur hans á Satisfaction „hefði verið aðeins of Vegas-legur,“ hvað sem það svo þýðir.

Í kvöld kemur í ljós hvaða keppandi fellur úr leik. Þeir þrír keppendur sem fá fæst atkvæði fá aðra tilraun til að spreya sig en þá munu hljómsveitarmeðlimir úr Supernova skera úr um hvaða keppandi verður sendur heim.

Flöt sambandslit

[KVIKMYNDIR]

UMFJÖLLUN

Gary (Vaughn) og Brooke (Aniston), hafa verið saman í tvö ár og það er komin þreyta í sambandið. Kvöld eitt sýður upp úr og í hita augnabliksins hætta þau saman. Í stað þess að ræða saman og sættast gera þau hvað þau geta til að láta hitt sjá að sér. Í kjölfarið hefst mikið sálfræðistríð, til dæmis neita þau bæði að flytja út úr íbúðinni og beita ýmsum bola-brögðum til að flæma hitt burt (að því er virðist). Fljótt rennur upp fyrir þeim að líklega séu aðrar leiðir vænlegri til árangurs.

The Break Up er rómatísk gamanmynd sem í grunninn býr yfir

miklum möguleikum en fullnýtir því miður fæsta. Gallinn liggur fyrst og fremst í persónusköpuninni, til dæmis er ekki nokkur leið að trúa því að Gary og Brooke gætu nokkurn tímann verið par, hvað þá enst saman í tvö ár. Hún er faguð kona og farsæll listaverksali en hann fullkomlega tillitslaus og sjálfsselskur fábjáni, í anda Ray Romano og slíkra kóna sem við þekkjum úr öðrum hverjum gamanþætti vestanhafs.

Þótt Gary sé óþolandi og persóna Brooke flöt er reyndar búið til litskrúðugt gallerí úr vinum og vandamönnum parsins, sem eru óþreytandi við að ausa úr visku-brunni sínum og að ráða þarinu heilt. Fremstir í flokki eru hinn

íburðarmikli og söngelskandi bróðir Garys, sem Vincent D'Onofrio túlkar á skemmtilegan og allt að því einhverfan hátt. Aukapersónurnar hefði hins vegar þurft að nýta miklu betur því myndin er hvorki fugl né fiskur þegar þeirra nýtur ekki við. Hún er aldrei nógu fyndin eða dramatísk til að virka þótt undir lokin sé reynt að klóra í bakkann þegar myndin breytist í yfirborðskennda og ekki sérlega sannfærandi þroskasögu.

Skilaboðin eru svo sem falleg, en einföld og grunn, sem er leitt því með betri efnistöku hefði ef til vill mátt gera virkilega góða og ljúfsára mynd úr The Break Up.

Bergsteinn Sigurðsson



THE BREAK UP

LEIKSTJÓRI: PEYTON REED.

Aðalhlutverk: Vince Vaughn, Jennifer Aniston, Joey Lauren Adams, Vincent D'Onofrio og John Michael Higgins.

Niðurstaða: Vaughn og Aniston eru ósannfærandi par í flatrí mynd, sem litskrúðugar en illa nýttar aukapersónur ná þó að bjarga fyrir horn.



TILNEFNINGARNAR KYNNTAR Þau Julia Louis-Dreyfus og Brad Garrett kynntu tilnefningarnar í fyrakvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Bauer sívinsæll

Spennuþáttaröðin vinsæla 24 hlaut tólf tilnefningar til bandarísku Emmy-verðlaunanna, þar á meðal sem besti dramapátturinn. Í 24 fer Kiefer Sutherland með hlutverk leyniþjónustumannsins Jack Bauer sem berst hetjulega gegn hinum ýmsu hryðjuverkamönnum.

Læknaþátturinn Grey's Anatomy var með ellefu tilnefningar en gamanþátturinn Will & Grace, sem lauk göngu sinni í Bandaríkjunum fyrr á árinu, hlaut tíu tilnefningar.

Stutta þáttaröðin Into the West hlaut aftur á móti flestar tilnefningar, eða sextán talsins.

Þáttaröðirnar Lost og Desperate Housewives hlutu engar tilnefningar í eftirsóknarverðustu flokkunum. Kom það nokkuð á óvart miðað við sigurgöngu þeirra á Emmy-verðlauninum á síðasta ári.

House, Sopranos og The West Wing hlutu einnig tilnefningar í flokknum besti dramapátturinn og bandaríska útgáfan af The Office hlaut tilnefningu sem besti gamanþátturinn. Á meðal þátta sem etja kappi við The Office eru Arrested Development, Curb Your Enthusiasm og Scrubs.

Þættirnir Survivor, The Amazing Race, American Idol, Dancing With the Stars og Project Runway voru tilnefndir sem bestu raunveruleikþættirnir.

Julia Louis-Dreyfus, sem sló í gegn í Seinfeld á sínum tíma, og Brad Garrett úr þættinum Everybody Loves Raymond tilkynntu um tilnefningarnar í Los Angeles. Verðlaunin verða afhent 27. ágúst og verður spjallþáttastjórnandinn Conan O'Brien kynnr.



JACK BAUER 24 með Kiefer Sutherland í aðalhlutverki sópaði að sér Emmy-tilnefningum.

HELGARTILBOÐ!

Nýtt
1.799kr.

Muse - Black Holes & Revelations
Glænýr diskur með þessari frábæru hjómveit

5CD
2.799kr.

100 Íslenskir sumarsmellir
Fimm stóttfullir diskar, frábærir fyrir alla fjölskylduna

1.799kr.

Sveitasæla
Frábær kántrí safnplata sem kemur öllum í gott skap

1.799kr.

Ég skemmti mér í sumar
Friðrik og Guðrún klíkka ekki á sumarstemningunni

Nýtt
1.799kr.

Johnny Cash - American V: Hundred Highways
5. platan í American seríunni sem inniheldur síðustu upptökur Johnny Cash

Nýtt
1.799kr.

Snorri - Allt sem ég á
Mögðuð plata frá Snorra Ídolistjörnu

1.999kr.

The Ringer

Nýtt
1.999kr.

The Matador

Nýtt
1.999kr.

Hostel

MESTA ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI
YFIR 20.000 TITLAR AF TÓNLIST, DVD OG TÖLVULEIKJUM



skemmtir þér :)

LAUGARÁS BÍÓ - bara lúxus

Sími 553 2075

STAKA LEBNIN VEIÐIÐ AD VINNA ER AD MISSA STÖRNINGUNA

Frá leikstjóra Big Daddy og Happy Gilmore kemur sumarsmellurinn í ár!
3 fullorðnir ættu að geta unnið hrottana í hverfinu...eða hvað?

SPRENGHLÆGILEG GRINMYND með Íslandsvininum Rob Scheider úr Deuce Bigalow og John Heder úr Napoleon Dynamite!

EF ÞÚ ÆTTIR FJARSTYRINGU SEM GÆTI STYRT LÍFI ÞÍNU? HVERJU MYNDIR ÞÚ BROYTA? MYNDIR ÞÚ BROYTA HEIMINUM MEÐ HENNI...EÐA GERA EITTHVAÐ ANNÁÐ.
ADAM SANDLER, KATE BECKINSALE OG CHRISTOPHER WALKEN Í GAMANMYND AFSINS

8 HJÓL. 1 FJÓLSKYLDA. ENGAR BREMSUR.

50.000 MANNS

51.000 MANNS

BYGGÐ Á VINSÆLUSTU BÓK Í HEIMI!

SYND KL. 4, 6, 8 OG 10:15 B.L. 12

SYND KL. 4, 6, 8 OG 10:15 B.L. 10

SYND KL. 10:15 B.L. 14

SYND KL. 4

SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000

THE BENCHWARMERS	kl. 4, 6, 8 og 10 B.L. 10 ÁRA
CLICK	kl. 3, 5.30, 8 og 10.30 B.L. 10 ÁRA
CLICK Í LÚXUS	kl. 3, 5.30, 8 og 10.30 B.L. 10 ÁRA
JUST MY LUCK	kl. 8 og 10.20
R.V.	kl. 3.40 og 5.50
DA VINCI CODE	kl. 6 og 9 B.L. 14 ÁRA
RAUÐHETTA MV/ÍSL TALÍ	kl. 4

REGNBOGINN Sími 551 9000

THE BENCHWARMERS	kl. 6, 8 og 10 B.L. 10 ÁRA
CLICK	kl. 5.30, 8 og 10.30 B.L. 10 ÁRA
THE OMEN	kl. 10.30 B.L. 16 ÁRA
X-MEN 3	kl. 5.30 og 8 B.L. 12 ÁRA
DA VINCI CODE	kl. 8 B.L. 14 ÁRA
TAKE THE LEAD	kl. 5.30 B.L. 10 ÁRA

Borgarbíó Sími 462 3500

THE BENCHWARMERS	kl. 8 og 10 B.L. 10 ÁRA
CLICK	kl. 6 og 8 B.L. 10 ÁRA
THE FAST & THE FURIOUS	kl. 10.10 B.L. 12 ÁRA

400 kr. í bíó!
Gætur á allar sýningar í Regnboginu markar með rauðu

Dolby Digital SDDS Digital Surround THX BÍÓ.IS - allt á einum stað

www.laugarasbio.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Leikkonan úr þáttaröðinni frægu Beðmál í borginni eða Sex and the City, **Cynthia Nixon** eða Miranda eins og persóna hennar hét í sjónvarpsþáttunum, hefur nú komið út úr skápnem. Hún segist aldrei meir ætla að leyna kynhneigð sinni og segir að sér hafi verið mjög létt eftir að hún tók þessa ákvörðun. „Loksins er ég farin að skilja sjálfa mig,“ segir Nixon en hún var gift manni sem hún fór frá fyrir kærustu sína, Christine Marioni.



Leikkonan unga **Anne Hathaway** er nú mikið í sviðsljósinu því hún leikur aðalhlutverkið í kvikmyndinni The Devil Wears Prada sem frumsýnd var fyrir stuttu í Bandaríkjunum. Hathaway segist vilja læra að vera smíður ef leikkonudraumurinn gengur ekki upp. „Mér finnst ekkert vera meira sjarmerandi en að búa til mín eigin húsgögn,“ segir Hathaway sem einnig lék í óskarsverðlaunamyndinni Brokeback Mountain.



RAGNHEIÐUR GRÖNDAL Byður upp á íslenska þjóðlagatónlist í nýstárlegum búningi í Fríkirkjunni á sunnudaginn.

Elektrónísk þjóðlög

„Við systkinin erum búin að ganga með þessa hugmynd í maganum lengi. Íslensk þjóðlagatónlist er svo ofboðslega falleg,“ segir Ragnheiður Gröndal söngkona sem ásamt bróður sínum Hauki Gröndal og Huga Guðmundssyni tónskáldi mun flytja íslensk þjóðlög í nýstárlegum búningi á sunnudaginn í Fríkirkjunni.

Þau systkinin hafa verið að leika sér með þessháttar tónlist síðan árið 2004 og notast við einfalda hjóðfæraskipan með rödd, klarínnett, píanó og elektróník. „Við heilluðumst af þessari tónlist og ég veit ekki til þess að þetta hafi verið gert áður.“ Ragnheiður samdi sjálf lög við gömul

íslensk ljóð meðal annars við ljóð nóbelskáldsins Halldórs Laxness Vor hinsti dagur er hniginn.

Systkinin eru með mörg járn í eldinum og eru tónleikarnir aðeins byrjunin að stærra verkefni sem felur í sér að blanda búlgarskri þjóðlagatónlist saman við íslenska. Þau hafa fengið til liðs við sig búlgarskan kvennakór ásamt strengjakvartett og fara út um miðjan mánuðinn til að taka upp plötu sem mun koma út með haustinu. Liðs við hópinn og mun gera stutta heimildamynd um upptökur og verkefni. Tónleikarnir hefjast klukkan 21.30 og er miðaverð 1.000 krónur.

Sjóræningjarnir mæta aftur

Johnny Depp, Orlando Bloom og Keira Knightley voru glæsileg þegar þau mættu á Evrópufrumsýningu Pirates of the Caribbean - Dead Man's Chest, í London á mánudagskvöld. „Ég var spenn fyrir því að leika í sverðbardaga og þeir létu undan í seinni myndinni, en ég held að ég hafi ekki verið mjög góð í honum. Ég elska hasar og ég held að ef maður er að leika í þannig mynd eigi maður að gera eins mikið af hasaratíðunum sjálfur,“ sagði Knightley sem var í bronslituðum Gucci kjól. Framleiðandi myndarinnar, Jerry Bruckheimer, sagði að myndin hefði alltaf verið ætluð sem seríu þriggja mynda. Þriðja myndin var tekin upp á sama tíma og Dead Man's Chest en hún fer í sýningu á næsta ári.



Á FRUMSÝNINGUNNI Keira Knightley sparaði ekki kynþokkann.

ÚTSALA

ENN MEIRI VERÐLÆKKUN

50-90% afsláttur

TOPSHOP TOPMAN

SMÁLALIND | 522 8383

vince vaughn
jennifer aniston
taktu afstöðu!

the break-up

SAMBÍÓIN
KRAFTIMESTI HAFARMYND ÁRSINS

EINA LEIDIN TIL
AD VINNA
ER AD MISSA
STJÖRNINA

**FAST & FURIOUS
-TOKYO
DRIFT**

Keanu Reeves
Sandra Bullock

Hvernig heldurðu í
einhvernum sem þú hefur
aldrei hitt?

THE LAKE HOUSE

ÁLFABAKKA

THE BREAK UP	KL. 3-5:45-8-10:20
THE BREAK UP VIP	KL. 4:15-8-10:20
THE FAST AND THE FURIOUS 3	KL. 3:30-5:45-8-10:20 B.I. 12
BÍLAR ísl. tal	KL. 3-5:30-8
CARS enskt tal	KL. 3-5:30-10:20
THE LAKE HOUSE	KL. 3:30-5:45-8-10:20
SLITHER	KL. 10:30 B.I. 16
SHE'S THE MAN	KL. 8

SAMBÍÓIN SÍMI: 575-8900

KRINGLUNNI

THE BREAK UP	KL. 3:45-6-9-10:15-11:30
THE FAST AND THE FURIOUS 3	KL. 8:15-10:30 B.I. 12
BÍLAR ísl. tal	KL. 4-6:30
*CARS enskt tal	KL. 3:45-8:15
*POSEIDON	KL. 6 B.I. 14

***SÝNDAR Í STAFRÆNNI ÚTGÁFU, MYND OG HLJÓÐ**

www.sambioin.is

KEFLAVÍK

THE BREAK UP	KL. 8-10:10
THE CLICK!	KL. 8 B.I. 10
THE FAST AND THE FURIOUS 3	KL. 10:10 B.I. 12
BÍLAR ísl. tal	KL. 5:45

AKUREYRI

THE BREAK UP	KL. 6-8-10:10
THE LAKE HOUSE	KL. 8-10:10
BÍLAR ísl. tal	KL. 5:40

HÁSKÓLABÍÓ S

THE BREAK UP	KL. 6-8:15-10:30
THE LAKE HOUSE	KL. 6-8:15-10:30
CARS enskt tal	KL. 6-8:30-10:50
BÍLAR ísl. tal	KL. 6-8:30
KEEPING MUM	KL. 6-8:20-10:30 B.I. 12
POSEIDON	KL. 10:50 B.I. 14

HÁSKÓLABÍÓ S 530-1919



SNOOZE Brynjar Már Valdimarsson og Kristín Ýr Bjarnadóttir senda frá sér annað lag sitt í dag. FRÉTTABLAÐID/HEIÐA

Gott grúv til að dilla rófunni við

„Það er stuð og stemning í þessu lagi,“ segir Brynjar Már Valdimarsson um nýtt lag dúettsins Snooze sem hægt verður að nálgast á heimasíðu dúettsins frá og með deginum í dag. Brynjar, sem er útvarpsmaður á FM957, skipar Snooze ásamt unnustu sinni Kristínu Ýr Bjarnadóttur. Nýja lagið frá Snooze heitir Allt eða ekkert og er annað lagið sem þau senda frá sér. Hið fyrra var Förum alla leið sem notið hefur töluverðra vinsælda að undanförunu.

„Textinn fjallar um innri baráttu manneskjunnar við sjálfíð. Þetta er um það að taka til í skápnunum hjá sér,“ segir Brynjar Már sem er sannfærður um að lagið muni koma fólki í gott skap: „Það er gott grúv í þessu til að dilla rófunni við og syngja með.“

Þó að Snooze hafi ekki sent frá sér nema tvö lög hefur dúettinn verið talsvert milli tannanna á fólki, sérstaklega eftir að óklárað lag þeirra og prufuupptaka gekk manna á milli á netinu. Í fyrria skiptið var um að ræða demóupptöku af laginu Taktu mig. Brynjar segir að lagið hafi engan veginn verið tilbúið og því ekki gefið rétta mynd af sveitinni. „Við eigum pottþétt eftir að klára það einhvern tímann,“ segir Brynjar. Fyrir skemmstu gekk svo á netinu

upptaka þar sem Brynjar söng vinsælt lag James Blunt, You’re Beautiful, upp á íslensku. „Það var nú bara grín sem ég gerði fyrir morgunþáttinn Zúper. Við vorum að grínast með hvað það væri hallærislegt að þýða svona beint yfir á íslensku og ég gerði nákvæmlega það. Það tók mig fjórtán mínútur að snúa laginu yfir. Svo fór þetta að ganga á netinu og þá fylgdi auðvitað ekki sögunni að þetta hefði verið grín.“

Brynjar Már og Kristín Ýr ætla að gefa út plötu undir merkjum Snooze næsta sumar. „Við erum eiginlega að drukkna í lögum,“ segir Brynjar sem býst við að platan þeirra innihaldi 10-12 lög. Hann segir að þau eigi eftir að gera upp við sig hvort öll lögini verði á íslensku eins og lagt var upp með, eða hvort einhver verði á ensku. „Við tökum allavega öll lögini líka upp á ensku, bara til að eiga þau ef eitthvað kemur upp í framtíðinni.“

Nýja lagið, Allt eða ekkert, verður gert aðgengilegt á heimasíðu dúettsins, Minnsirkus.is/snooze, í dag. Það fer svo í spilun í útvarpi í næstu viku. Á heimasíðunni er jafnframt að finna allar mögulegar upplýsingar um Snooze sem aðdáendur þeirra hafa áhuga á.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Hilary Duff er orðin snarngluð á skilaboðum fjölmiðla sem ýmist segja henni að grennast eða fitna. Tímarit nokkurt birti nýlega mynd af henni með yfirsögninni „Að tútna út.“ „Ég var í Kanada að taka upp The Perfect Man og ég fór í þetta, hélt að ég væri virkilega sæt og frumleg, í gallabuxum, hlýraból



og með slæðu bundna um mittið. Ég var ekki þvengmjó þá en ekki heldur feit,“ segir Hillary en henni fannst þetta mjög neyðarlegt. Söngkonan fór þá í pilates leikfimi og létti sig um nokkur kíló og sama tímaritið sakaði hana um að vera of mjóa.

Paris Hilton hefur ekki hikað við að klæða sig eins og hún sé tilbúin í einnar nætur gaman en ekki er allt sem sýnist. „Einnar nætur gaman er ekki fyrir mig. Mér finnst það ógeðslegt þegar fólk er svona auðvelt,“ sagði Paris á dögunum.



10. UMFERÐ | LANDBANKAÐEILD KARLA

fim.	6. júlí	kl. 20:00	FH - KR
fös.	7. júlí	kl. 18:00	ÍA - Grindavík
sun.	9. júlí	kl. 14:00	Valur - Breiðablik
mán.	10. júlí	kl. 20:00	Fylkir - Víkingur R
fim.	13. júlí	kl. 19:15	Keflavík - ÍBV

9. UMFERÐ | LANDBANKAÐEILD KVENNA

lau.	8. júlí	kl. 14:00	Þór/KA - Breiðablik*
mán.	10. júlí	kl. 19:15	KR - Stjarnan
þri.	11. júlí	kl. 19:15	Þór/KA - Valur
þri.	11. júlí	kl. 19:15	Breiðablik - Keflavík
mið.	12. júlí	kl. 19:15	Fylkir - FH

*leikur úr 12. umferð

Tryggðu þér miða á betra verði á landsbankadeildin.is eða ksi.is

Landsbankinn

410 4000 | landsbanki.is



Gíslí í markið hjá Ajax

Handboltamarkvörðurinn Gíslí Guðmundsson hefur samið við danska úrvalsdeildarliðið Ajax í Kaupmannahöfn. Gíslí eltir þar með Ingimund Ingimundarson sem samdi við sama lið í síðasta mánuði en hjá því má einnig finna þriðja ÍR-inginn, Hannes Jón Jónsson, sem lék lykilstærasta tímabil.

sport
sport@frettabladid.is

KVENNALÍÐ BREIÐABLIKS: TEKUR ÞÁTT Í EVRÓPUKEPPNI MEISTARALIÐA ÞAR SEM DREGIÐ VAR Í GÆR

Markmiðið er að vinna þennan riðil

Íslandsmeistarar Breiðabliks taka þátt í Evrópubikarkeppni kvenna en dregið var í riðla í gær. Blikastúlkur eru með Austurríkismeisturum Neulengbach, portúgalska liðinu Desembro og Newtownabbey frá Norður-Írlandi í riðlinum sem spilaður verður í Austurríki, dagana 8. til 13. ágúst. Eitt lið kemst áfram í milliriðil þar sem meðal andstaðinganna verða Evrópumeistarar Frankfurt.

„Ég hefði viljað spila riðilinn í Skotlandi en við sluppum í það minnsta við Króatíu. Við eigum góða möguleika og það er markmiðið okkar að vinna þennan riðil,“ sagði Guðmundur Magnússon, þjálfari Breiðabliks við Fréttablaðið í gær.

„Ég veit ekki mjög mikið um þessi lið annað en að við eigum að vera hærra

skrifuð, í það minnsta hvað landsliðin varðar, en þessar þjóðir. Ég þarf að setjast niður fyrir framan tölvuna og byrja að lesa um leið og færi gefst,“ sagði Guðmundur.

„Það er umferð í bikarum 28. júlí og svo leikum við við Val þann 1. ágúst. Við munum undirbúa okkur vel fyrir þessa leiki áður en við einbeitem okkur að Evrópukeppninni. Íslandsmótið hefur valdið okkur vonbrigðum eftir gengið í fyrra sumar og án þess að leggja árátt í bót í Íslandsmótinu leggjum við



mikla áherslu á Evrópukeppnina,“ sagði þjálfarinn sem var í afslöppun uppi í sveit í gær.

Ef Blikar komast áfram fá þær verðugt verkefni en þá mæta þær stöllum sínum í Frankfurt. „Að mæta Frankfurt væri eins og karlaði FH myndi mæta Barcelona, þær eru með besta kvennaliðið í Evrópu í dag. Þær unnu Potsdam örugglega en það er liðið sem vann Val ansi stórt á síðasta ári. Það yrði verðugt verkefni en við einbeitem okkur að því að vinna riðilinn fyrst,“ sagði Guðmundur Magnússon, þjálfari Íslandsmeistarara Breiðabliks að lokum.

> Körfustelpur safna

Ungar landsliðskonur í körfuknattleik safna nú peningum til að komast á Evrópumót landsliða eftir nokkrar vikur. Um er að ræða U16 og U18 ára landslið Íslands sem þætla að mætast í sérstökum ágóðaleik á Ásvöllum á þriðjudaginn kemur. Hann hefst klukkan 18.00 og mun allur ágóði af honum renna í ferðakostnað efnilegustu körfuboltakvenna landsins. Þetta er aðeins í fjórða og fimmta sinn sem Ísland sendir yngri landslið kvenna í Evrópukeppni og hafa íslensku kvennalandsliðin verið að taka stór framfaraskref á undanföllum árum.



BRYNJAR BJÖRN Er líklega byrjunarliðsmaður hjá Reading eins og staðan er í dag.

Sidwell neitar Reading:

Minni keppni fyrir Brynjar

FÓTBOLTI Samkeppni Brynjars Björns Gunnarssonar um sæti í byrjunarliði Reading í ensku úrvalsdeildinni á næstu leiktíð hefur minnkað töluvert eftir að Steve Sidwell, einn allra besta miðjumaður liðsins, neitaði nýju samningstilboði frá félaginu í gær. Það bendir því flest til þess að Sidwell verði seldur í sumar en Man. City og Charlton hafa þegar staðfest áhuga sinn á leikmanninum.

Sidwell og Brynjar Björn spila sömu stöðu á miðjunni og í fyrra var sá enski oftast tekinn fram yfir íslenska landsliðsmanninn. Þó að margt bendi til þess að fleiri miðjumenn verði keyptir til Reading áður en næsta tímabil hefst er ljóst að málin líta vel út fyrir Brynjar Björn. - vig

Jón Arnór í sterkustu deild Evrópu

Körfuknattleiksmaðurinn Jón Arnór Stefánsson hefur samið við spænska úrvalsdeildarliðið El Pamesa í Valencia til næstu þriggja ára. Það er sjötta liðið í jafn mörgum löndum sem hann semur við á sex árum.

KÖRFUBOLTI Jón Arnór Stefánsson hefur skrifað undir tveggja ára samning við spænska úrvalsdeildarliðið El Pamesa Valencia með möguleika á þriðja árinu. Er þetta sjötta liðið í jafn mörgum löndum sem Jón Arnór leikur með á sex árum og því óhætt að segja að hann hefur ekki verið feiminn við að prófa nýja hluti og kynnast mismunandi menningarheimum.

Hann lék síðast með ítalska liðinu Carpisa Napoli en fer nú til Spánar án greiðslu. Á Ítalíu varð Jón Arnór bikarmeistari með liðinu auk þess sem liðið tryggði sér þriðja sætið í deildinni og þátttökurétt í Evrópukeppninni í fyrsta sinn í sögu félagsins.

Í kjölfarið varð Jón Arnór mjög eftirsóttur hjá liðum í ítölsku deildinni sem og víðar en ákvað á endanum að semja við El Pamesa. Spænskir fjölmiðlar hafa þar að auki veitt því athygli að bróðir Jóns Arnórs, Ólafur, er þekktur handknattleiksmaður sem leikur með Ciudad Real.

„Þeir sýndu mér áhuga í vetur þegar þeir vildu kaupa upp samningstímann minn við Carpisa Napoli en svo fór að það var gengið frá



JÓN ARNÓR STEFÁNSSON Á leið í spænska boltann í haust, en deildin þar í landi er talin sú sterkasta í Evrópu. Valencia verður sjötta félagið sem Jón Arnór leikur fyrir á sex árum.

NORDIC PHOTOS/AFP

þessu nú,“ sagði Jón Arnór sem fer í frí til Bandaríkjanna í dag. „Ég ákvað að stökkva á tækifærið þegar það bauðst enda samningurinn útrunninn við Napoli. Þetta er frábært tækifæri til að komast að

hjá góðu liði í sterkustu deild Evrópu.“

Yfirmaður íþróttamála hjá félaginu, Johnny Rogers, sagði við spænska fjölmiðla í gær að Jón Arnór væri leikmaður sem þeir

hefðu lengi fylgst með. „Og þrátt fyrir ungan aldur hefur hann aflað sér mikillar reynslu í körfuboltaleikinum,“ sagði hann.

Jón Arnór hóf atvinnumannaférl sinn í Þýskalandi þegar hann lék með úrvalsdeildarliðinu TBB Trier en þaðan fór hann til Bandaríkjanna þar sem hann samdi við NBA-liðið Dallas Mavericks. Þar fékk hann hins vegar engin tækifæri hjá aðalliðinu og hélt hann því næst til Rússlands þar sem hann varð Evrópumeistari með Dynamo frá St. Pétursborg. Því næst hélt hann til Ítalíu og er nú kominn til Spánar.

„Þetta er í fyrsta skipti sem ég geri langan samning og ég ætlaði reyndar að gera það líka í fyrra en núna ákvað ég loksins að binda mig til lengri tíma og leyfa mér að slappa aðeins af. En ég sé ekki eftir neinu, ég hef verið ótrúlega heppinn til þessa og vona að það haldi bara áfram.“

Hann gestir þó ekki hafa gefið gamla góða NBA-drauminn upp á bátinn. „Nei, alls ekki. En nú ætla ég að prófa Spán og það getur vel verið að maður verði þar það sem eftir er.“ eirikur.asgeirsson@frettabladid.is

Línur að skýrast á Wimbledon-mótinu í tennis:

Nadal í undanúrslitin

TENNIS Spánverjinn Rafael Nadal tryggði sér í gær sæti í undanúrslitum einliðaleiks karla á Wimbledon-mótinu í tennis eftir sigur á Finnannum Jarkko Nieminen í gær. Viðureignin átti að fara fram í fyrradag en var frestað vegna slæmra veðurskilyrða.

Nadal, sem er í 2. sæti á styrkleikalista mótsins, mætti Kypverjanum Marcos Baghdatis í undanúrslitum sem fara fram í dag. Í

hinum undanúrslitaleiknum mætti sterkasti tennisspilari heims í dag, Svisslendurinn Roger Federer, Jonasi Björkman frá Svíþjóð.

Björkman hefur komið mjög á óvart á mótinu en þessi 34 ára gamli kappi hefur aðallega unnið til verðlauna á stærstu mótum ársins í tvíliðaleik. Árið 1997 komst hann í undanúrslit opna bandaríska meistaramótsins en getur í dag bætt þann árangur. - esá



Sendu SMS skeytið
JA CKF á númerið **1900**
og þú gætir unnið!

9. hver vinnur

Vinningar verða afhentir hjá **BT Smáralind, Kópavogi**. Með því að taka þátt ertu kominn í **SMS klúbb**. **99 kr.** skeytið

A D A M S A N D L E R

CLICK

FRUMSÝND 28. JÚNÍ





ROBERTO AYALA Orðinn 34 ára en miðað við framgöngu hans á HM virðist hann eiga nokkur góð ár eftir í boltanum.
GETTY IMAGES/NORDICPHOTOS

Roberto Ayala:

Orðaður við Tottenham

FÓTBOLTI Argentínski varnarmaðurinn Roberto Ayala er sagður vera á leið til Tottenham, en umboðsmaður lét Ayala hefur staðfest að hann hafi fengið tilboð frá enskum úrvalsdeildarliðum. Ayala á aðeins eitt ár eftir af samningi sínum við Valencia og félagið gæti freistast til að selja leikmanninn í stað þess að missa hann hugsanlega næsta sumar fyrir ekki neitt.
„Ayala vill nýja áskorun og það er öruggt að hann mun yfirgefa Valencia eftir næsta tímabil, ef ekki fyrr,“ sagði umboðsmaðurinn Gustavo Mascardi. „Við höfum fengið tilboð frá Englandi og erum að skoða þau í róleghættum,“ bætti hann við.
- vig

Kantmaðurinn Joaquin:

Fer ekki til Liverpool

FÓTBOLTI Forráðamenn Liverpool sáu sig tilneydda til þess að greina frá því á heimasíðu sinni í gær að spænski kantmaðurinn Joaquin væri ekki á leiðinni til félagsins. Hann hefur verið sterklega orðaður við 12 milljón punda sölu til ensku bikarmeistaranna frá Real Betis auk þess sem nokkrir leikmenn færu til Betis í staðinn. „Það er bara ekki rétt,“ sagði Rick Parry, stjórnarformaður Liverpool.
Rafael Benítez mun nú líklega reyna allt sem hann getur til að fá Brasilíumanninn Daniel Alves til liðsins en illa gengur að semja um kaupverð á honum við Sevilla á Spáni. Leikmaðurinn sjálfur hefur oft ítrekað áhuga sinn á því að fara til Liverpool, síðast í gær.
- hþh



TIL WIGAN? Heskey snýr aftur í úrvalsdeildina.
NORDICPHOTOS/AFF

Félagaskipti á Englandi:

Wigan með tilboð í Heskey

FÓTBOLTI Sóknarmaðurinn Emile Heskey er að öllum líkindum á leið til Wigan eftir að Birmingham tók tilboði í hann sem var upp á 5,5 milljónir punda. Birmingham féll úr úrvalsdeildinni á síðasta tímabili og Paul Jewell vonast til að fá þennan 28 ára sóknarmann í sínar raðir.
„Við höfum mikinn metnað fyrir komandi tímabil. Emile hefur sannað styrk sinn í ensku úrvalsdeildinni og hefur mikla reynslu. Hann er þó ekki kominn til okkar ennþá svo ég þori nú ekki að tjá mig neitt mikið meira, sjáum hvað gerist,“ sagði Jewell á heimasíðu Wigan.
- egm

Breiðablik búið að ráða nýjan þjálfara:

Ólafur ráðinn til Blika

FÓTBOLTI Ólafur Helgi Kristjánsson var í gær ráðinn þjálfari Breiðabliks í Landsbankadeild karla og tekur hann við starfi Bjarna Jóhannssonar sem lét af störfum sl. mánudag. Ólafur skrifaði undir samning sem gildir út þetta tímabil en að sögn Einars Kristjáns Jónssonar, formanns knattspyrnudeildar Breiðabliks, eru báðir aðilar opnir fyrir því að halda samstarfinu áfram á næstu árum ef vel gengur. Ólafur hefur þegar hafið störf og stjórnaði hann æfingu hjá Blikum í gær.

Ólafur hefur komið víða við á sínum þjálfaraferli eftir að hafa verið leikmaður hjá FH og KR á

árum áður. Ferillinn hófst hjá AGF í Danmörku þar sem Ólafur þjálfaði unglingslið félagsins samhliða því að spila með aðalliðinu. Ólafur varð síðar aðstoðarþjálfari AGF í dönsku úrvalsdeildinni en árið 2004 tók hann við liði Fram. Ólafur var látinn fara frá Safamýrarliðinu árið 2005.

Arnar Bill Gunnarsson, sem var aðstoðarþjálfari Blika í stjórnartíð Bjarna, mun halda áfram starfi sínu og vera Ólafi til halds og trausts.

ÓLAFUR HELGI KRISTJÁNSSON
Nýr þjálfari Breiðabliks í Landsbankadeildinni.



Ítalska landsliðið:

Nesta ekki orðinn leikfær

FÓTBOLTI Varnarmaðurinn Alessandro Nesta verður ekki með Ítölum á sunnudag er liðið mætir Frökkum í úrslitaleik HM. Nesta hefur misst af síðustu þremur leikjum Ítala vegna meiðsla í nára og í gær tók læknir liðsins allan vafa af um hvort hann gæti verið með.

Landi hans, Daniele De Rossi, hefur nú afplánað fjögurra leikja bann sem hann fékk fyrir brotið á Bandaríkjamanninum Brian McBride í leik liðanna í riðlakeppninni og verður því gjaldgengur á sunnudag. Þó er ekki búist við því að hann verði í byrjunarliðinu.
- esá



„Hvað er með Ásum?“
Ævintýraferð í goðheima fyrir alla fjölskylduna. Goðastyttur Hallsteins Sigurðssonar við texta Árna Björnssonar, þjóðháttufræðings.


Laxarstöðvar í Aðaldal



Orka í iðrum jarðar!
Heimsækið gestastofuna í Kröflu, sjáði myndir frá Kröfluleidum. Kynnist jarðvarma og orkuvinnslu.

Kröflustöð í Mývatnssveit

Sumarið er okkar tími!
Tilvalið að líta inn




Með krafta í kögglum!
Sýning á myndum Halldórs Péturssonar listmalara við Grettissögu. Kynnið ykkur orkumannvirki sem kemur á óvart.

Blöndustöð, Húnapiengi



Kynnist Kárahnjúkavirkjun!
Upplýsingar um Kárahnjúkaframkvæmdirnar ásamt ferðamennsku og útivist norðan Vatnajökuls. Góður viðkomustaður áður en haldið er upp á Fljótsdalsheiði.

Végarður í Fljótsdal



List og saga
„Andlit Þjórsdæla – mannlíf fyrr og nú“. Einnig málverkasýning Hlífarar Snæbjörnssonar, athyglisverð sölusýning á landslagsmálverkum.

Sultartangastöð ofan Þjórsárdals



Ísland í augum innflytjenda
Hvaða sýn hafa innflytjendur á land og þjóð? Listsýning nokkurra innflytjenda. Skemmtidagskrá margar helgar í sumar.

Ljósafofsstöð við Sog



Landsvirkjun
Góðir straumar í 40 ár

Sýningarnar eru opnar alla eftirmiðdaga í sumar
Nánari upplýsingar á www.landsvirkjun.is og í síma 515 9000



LUIS VALENCIA Gæti orðið valinn sem sá besti ungi á HM. NORDIC PHOTOS/AFP

Kosning á heimasíðu FIFA:

Herferð gegn Ronaldo

FÓTBOLTI Þessa dagana stendur yfir kosning á heimasíðu FIFA um besta unga leikmann heimsins og gefst netverjum kostur á að kjósa á milli 40 tilnefndra. Portúgalinn Cristiano Ronaldo var með yfirburðastöðu í kosningunni en eftir leik Englands gegn Portúgal þar sem Wayne Rooney var sendur af velli hefur knattspyrnuheimurinn, með Englendinga í fararbroddi, útskýfað Ronaldo.

Herferð var hrint af stað með tölvupóstsskýttum þar sem hvatt var til þess að Luis Valencia, leikmaður Ekvador, yrði kjörinn í staðinn og á einum sólarhring fór Valencia úr 195 þúsund atkvæðum í 331 þúsund, 90 þúsund meira en Ronaldo hefur fengið. FIFA mun þó eiga lokaorðið um útnefninguna. - esá



ELIZONDO Hlaut mesta heiður sem dómari geta mögulega hlotið. NORDIC PHOTOS/AFP

Horacio Elizondo:

Dæmir úrslitaleikinn á HM

FÓTBOLTI Argentínski dómari Horacio Elizondo hefur hlotið þann mikla heiður að dæma úrslitaleikinn á Heimsmeistaramótinu á milli Frakka og Ítala á sunnudaginn. Hann hefur helst getið sér frægðarorð á mótinu fyrir að reka Wayne Rooney eftirminnilega af velli í leiknum gegn Portúgal í 8-liða úrslitum keppninnar.

Þjóðverjinn Markus Merk og Slóveninn Lubos Michel voru taldir líklegastir til að hreppa hrossið en svo fór ekki. Dario Garcia og Rodolfo Otero heita kapparnir sem verða á línunum. Toru Kamikawa dæmir leikinn um þriðja sætið á milli Þjóðverja og Portúgala.

Elizondo hefur verið atvinnudómari frá árinu 1994 og dæmdi sinn fyrsta landsleik árið 1996. - hþ

Tíu leikmenn hafa verið tilnefndir sem verðmætasti leikmaður Heimsmeistaramótsins í Þýskalandi:

Zinedine Zidane er talinn vera líklegastur

FÓTBOLTI Zinedine Zidane er á meðal þeirra sem tilnefndir eru til Gullboltans sem veitt eru besta leikmanni á hverju heimsmeistaramóti. Listi yfir þá tíu leikmenn sem koma til greina var birtur í gær en einungis leikmenn frá Evrópu eru á listanum, og koma þeir allir frá liðunum fjórum sem komust lengst á mótinu.

Zidane mun leika sinn síðasta leik á ferlinum á sunnudaginn þegar Frakkar mæta Ítölum í úrslitaleiknum á HM en flestir telja að Zidane eigi verðlaunin skilin. Þessi stórkostlegi knattspyrnumaður hefur leikið eins og hann væri um tvítugt á mótinu og sýnt frábæra takta sem knattspyrnuheimurinn á eftir að sakna



ZIDANE Er talinn vera langlíklegastur til að hljóta verðlaunin, sama hvornig úrslitaleikurinn gegn Ítölum á sunnudaginn fernordicphotos/afp

þegar hann hættir.

Fjórir Ítalir eru á listanum, þrjú Frakkar, tveir Þjóðverjar og einn Portúgali. „Það verður mjög erfitt að velja sigurvegara að þessu sinni. Það eina sem ég get sagt er að þetta er í fyrsta skipti sem engin ný nöfn

verða valin. Ég myndi telja að einn af eldri leikmönnum hirti verðlaunin, ég er hrifinn af Henry og Zidane auk Luis Figo þó svo að hann sé ekki á listanum,“ sagði Franz Beckenbauer, formaður skipulagsnefndar HM í gær.

Stjörnufans á Skagaæfingu

Leikmenn ÍA fengu óvænta en skemmtilega heimsókn á æfingu liðsins á miðvikudagskvöldið. Þrjú landsliðsmenn kíktu þá við á æfingu, Grétar Rafn Steinson, Jóhannes Karl Guðjónsson og landsliðsfyrirliðinn Eiður Smári Guðjohnsen.

FÓTBOLTI Það var athyglisvert um að líta uppi á Akranesi á miðvikudaginn þegar þar varð vart þverfótað fyrir stjörnum á æfingu hjá ÍA. Grétar Rafn Steinson og Jóhannes Karl Guðjónsson mættu á æfinguna, en þeir eru öllum hnútum kunnugir á Skipaskaga. Auk þeirra mætti sjálfur Eiður Smári Guðjohnsen á æfinguna, svona rétt í tilefni þess að hann fer til Barcelona eftir nokkra daga.

„Grétar og Jói Kalli hafa verið að æfa með okkur þegar þeir eru hér í fríi, það hafa þeir gert lengi vel. Eiður er að fara út innan fárra daga og þeir vilja bara vera í standi og spila smá fótbolta áður en þeir snúa aftur til æfinga eftir sumarfríið. Þeir Eiður og Arnar þekkjast mjög vel og hann hringdi bara í Arnar og bað um að fá að vera með, það var meira en sjálf-sagt,“ sagði Bjarki Gunnlaugsson við Fréttablaðið í gær en hann tók við þjálfun liðsins í síðustu



EKKERT GEFID EFTIR Landsliðsfyrirliðanum og leikmanni Barcelona voru ekki sýnd nein vettlingatök á æfingunni. Hér tekur Bjarki Gunnlaugsson vel á móti Eiði Smára. FRÉTTABLAÐIÐ/EINAR VIDARSSON



RETT FYRIR ÆFINGU Jóhannes Karl tekur í höndina á Arnari Gunnlaugssyni, rétt fyrir æfinguna á miðvikudaginn. Bjarki og Eiður Smári eru í baksýn. FRÉTTABLAÐIÐ/EINAR VIDARSSON

viku ásamt Arnari bróður sínum.

„Þetta er gott og gaman fyrir strákana að sjá hvernig þessir menn æfa og hvernig þeir haga sér inni á vellinum. Við fengum að sjálfsögðu mun betri æfingu, en þetta er vel þekkt, við gerðum þetta sjálfir bræðurnir þegar við vorum atvinnumenn að koma heim og æfa með okkar gamla liði rétt til að halda okkur í standi,“ sagði Bjarki sem lætur vel af landsliðsmönnum á æfingunni.

„Þeir stóðu sig mjög vel verð ég að segja. Við skiptum í þrjú lið, gamlir, miðaldra og ungir og að sjálfsögðu unnu þeir gömlu því þar voru tómir snillingar. Ég, Arnar, Eiður, Þórður, Pálmi Rafn

og Kári,“ sagði Bjarki og þvertók fyrir það að tvíburarnir hefðu nýtt sér aðstöðu sína og skipt ójafnt í lið. „Nei,nei, þetta var mjög jafnt og gaman, það var vel tekið á því og allir voru mjög ánægðir með þetta, kjúklingarnir hljóta að hafa lært eitthvað af Eiði,“ sagði Bjarki.

Í kvöld taka Skagamenn á móti Grindvíkingum í fyrsta deildarleik Arnars og Bjarka með liðið. „Þetta var liður í undirbúningi fyrir leikinn sem leggst mjög vel í okkur. Við erum fullir tilhlökkunar en það verða engar stórvægilegar breytingar á þessu hjá okkur,“ sagði Bjarki Gunnlaugsson, þjálfari og leikmaður ÍA. hjalti@frettabladid.is



EINU AF ELLEFU FAGNAÐ Fabio Grosso fagnar marki sínu gegn Þjóðverjum í undanúrslitunum. NORDICPHOTOS/AFP

Ítalir gættu sett met:

Tíu menn með ellefu mörk

FÓTBOLTI Ítalir gættu sett nýtt met á HM á sunnudaginn ef ákveðnir leikmenn skora í úrslitaleiknum. Ítalir hafa skorað ellefu mörk á HM í ár en tíu leikmenn hafa skipt þeim ansi bróðurlega á milli sín. Aðeins Luca Toni hefur skorað tvö mörk.

Frakkar, sem mæta Ítölum einmitt í úrslitaleiknum, eiga metið sem Ítalir hafa þegar jafnað. Það settu þeir árið 1982 en í þeirri keppni skoruðu tíu leikmenn sextán mörk.

Þeir leikmenn sem skorað hafa fyrir Ítala á mótinu eru Francesco Totti, Andrea Pirlo, Vincenzo Iaquinta, Alberto Gilardino, Marco Materazzi, Filippo Inzaghi, Gianluca Zambrotta, Luca Toni með tvö mörk, Fabio Grosso og Alessandro del Piero. - hþ

Cristiano Ronaldo reynir að hrista af sér vonbrigðin eftir að hafa fallið úr leik á HM:

Ég var bara ánægður með baulið

FÓTBOLTI Portúgalski kantmaðurinn Cristiano Ronaldo er greinilega ekki vinsælasti knattspyrnumaður í heimi en í hvert skipti sem hann fékk boltann í undanúrslitaleiknum gegn Frökkum á miðvikudaginn bauluðu áhorfendur hressilega á hann. Svo virðist vera sem viðbrögð Ronaldo í garð samherja síns Wayne Rooney hjá Manchester United hafi farið illa í knattspyrnuáhugamenn en Ronaldo bað dómara um að gefa Rooney rautt spjald í leik Portúgals og Englands.

„Ég var bara ánægður með að fá baulið. Kannski voru stuðningsmenn Frakklands í uppnámi yfir því að sjá svona hættulegan leikmann. Ég hef engar áhyggjur af þessu,“ sagði svekkaldur Ronaldo þegar hann hafði þerrað tárin eftir tapið en vonbrigði Portúgala voru mikil. Zinedine Zidane skor-



TÁRIN STREYMA Ronaldo gat ekki haldið aftur af tárnum eftir leikinn í fyrradag. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

aði eina mark leiksins úr víta-spyrnu í fyrri hálfleik. Ronaldo vill kenna úrugvæska dómara-num, Jorge Larrionda, um hrakfar-irnar.

„Við spiluðum vel en dómariinn hjálpaði okkur svo sannarlega ekki. Allir sem sáu leikinn sáu það að dómariinn var alls ekki sann-gjarn. Hann hefði átt að sýna fleiri gul spjöld en gerði það ekki af því að Portúgal er lítið land. Við verum bara að halda áfram að leggja hart að okkur til þess að verða stórbjóð,“ sagði Ronaldo.

„Frakkar voru ekki betri en við, þeir fengu víti en ekki mikið annað. Við erum vonsviknir yfir því að komast ekki í úrslit eftir svona leik. Við vildum virkilega komast áfram en vorum hárs-breidd frá því að þessu sinni og þar með er draumurinn á enda,“ sagði Cristiano Ronaldo. - hþ



Tímabil 2006-2007

Knattspyrnudeild KR leitar að metnaðarfullum þjálfurum fyrir yngri flokka félagsins.

Þjálfaramenntun og reynsla skilyrði. Umsóknir og upplýsingar um menntun og fyrri störf sendist á netfangið stefan@kr.is þar sem jafnframt eru gefnar nánari upplýsingar.

sóltíloð

Ford Fiesta Trend
1,6i 5 dyra sjálfskiptur*
Sóltíloð 1.720.000 kr.
Bilasamningur 21.220 kr.
Rekstrarleiga 32.700 kr.



Sjálfskipt í Fiesta. Núna

► Íslendingar velja Ford umfram önnur vestræn bílamerki. Spennandi hönnun, aukin gæði og örugg þjónusta Brimborgar er trúleg ástæða þess að Ford sækir á Toyota sem vinsælasta bílamerkið á Íslandi. Upplifðu nýtt tákni um gæði - veldu Ford.

Fiesta er nýtt tákni um gæði. Veldu Ford.
Fáir bílar eru jafn léttir í akstri og Ford Fiesta. Þú vilt sterkan sjálfskiptan smábíl sem gott er að keyra og auðvelt er að umgangast. Bíl sem auðvelt er að fara inn í - og út úr - án þess að þurfa reyna mikið á líkamann; hendur, fætur, mjóðm eða bak - þú þrófar nýjan og breyttan Fiesta.
Skíptu núna um bíl: Fiesta er nýtt tákni um nýja hönnun smábíla og skartar því besta frá stærri bílum eins og Focus og Mondeo.
Taktu um stýrið og alvöru sjálfskiptingin gefur til kynna að þú ert í meiri og betri bíl en áður.
Tryggðu öryggi þitt. Kynntu þér örugga þjónustu Brimborgar. Vertu í hópi þeirra bestu, í dag og um alla framtíð. Veldu nýjan og breyttan Ford Fiesta.

Við staðgreiðum gamla bílinn þinn

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl á góðu sóltíloði Brimborgar. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford á sóltíloði.

Atriði af gæðalista staðalbúnaðar Fiesta:

IPS öryggisbúnaður	Upphitanleg framsæti
4 öryggispúðar	Trend áklæði á sætum
5 höfuðpúðar	Tvískipt aftursæti
ABS hemlælsvörn	Geislaspilari og 4 hátalarar
EBD hemlælsvörn	Rafdrifnar rúður að framan
Rafstýrðir bilbeltastrekkjarar	Fjaropnun á skotti
Hæðarstílt bilbelti að framan	Rafdrifnir og upphitanlegir
Ræsvörn	Útispeglar
Fjarstýrd samlæsing	Litað gler
Hæðarstilling á öikumannssæti	Samlitir stuðarar
Hæðarstillanlegt stýri	Pokuljós

Þú vilt kannski vera sportlegri?

Þó Fiesta sé ríkulegur í alla staði með óvenjulega miklum staðalbúnaði er samt hægt að fá Ford Fiesta í ST sportútfærslu. Fyrir utan sportlegra útlit má telja m.a. sportfjöðrun, ST-girkassa, óflugt bremsukerfi, 16 tommu álfelgur, fótstig úr áli, sportstýri og 2,0 lítra, 150 hestafla vél. Skoðuðu Ford Fiesta ST. Smelltu á ford.is. Komdu í Brimborg.



Ford Fiesta ST
2,0i 3 dyra 5 gir*
Sóltíloð 1.990.000 kr.
Bilasamningur 24.500 kr.

Afðu þér
frekari upplýsinga
www.ford.is

Komdu núna. Sóltíloð Brimborgar gildir meðan birgðir endast.

Nýttu þér kynningartilboðin á nýjum og breyttum Ford Fiesta Skoðuðu úrvalið í bílaverslun Ford á Íslandi

Ford Fiesta Trend 1,4i 5 dyra 5 gir*	Ford Fusion Trend 1,6i 5 dyra sjálfskiptur*	Ford Focus Trend 1,6i 5 dyra 5 gir*	Ford Focus C-Max Trend 2,0i 5 dyra sjálfskiptur*	Ford Mondeo Trend 2,0i 5 dyra sjálfskiptur*	Ford Mustang Premium 4,0i V6 sjálfskiptur*	Ford Escape XLS 4x4 GPS Active 2,3i 5 dyra sjálfskiptur*
Sóltíloð 1.560.000 kr. Bilasamningur 19.250 kr. Rekstrarleiga 29.900 kr.	Sóltíloð 1.770.000 kr. Bilasamningur 21.830 kr. Rekstrarleiga 33.900 kr.	Sóltíloð 1.995.000 kr. Bilasamningur 24.610 kr. Rekstrarleiga 36.400 kr.	Sóltíloð 2.390.000 kr. Bilasamningur 29.480 kr. Rekstrarleiga 42.600 kr.	Sóltíloð 2.390.000 kr. Bilasamningur 29.480 kr. Rekstrarleiga 44.700 kr.	Sóltíloð 3.290.000 kr. Bilasamningur 40.590 kr.	Sóltíloð 2.990.000 kr. Bilasamningur 36.990 kr. Rekstrarleiga 53.200 kr.
Ford Freestyle SEL 4x4 3,0i V6 7 manna sjálfskiptur*	Ford Explorer XLT Sport 4x4 GPS Active 4,0i 5 dyra sjálfsk.*	Ford Expedition Limited 4x4 GPS Active 5,4i 8 manna sjálfsk.*	Ford Ranger XL Crew Cab 4x4 2,5 turbo dísl 5 gir*	Ford F150 Lariat SuperCrew 4x4 4 dyra 5,4i V8 sjálfskiptur*	Ford F350 Lariat Crew Cab 4x4 4 dyra 6,0 turbo dísl V8 sjálfskiptur*	Ford GT 5,4i V8 550 hÓ 6 gir*
Sóltíloð 3.590.000 kr. Bilasamningur 44.290 kr. Rekstrarleiga 59.900 kr.	Sóltíloð 4.540.000 kr. Bilasamningur 56.180 kr. Rekstrarleiga 84.500 kr.	Sóltíloð 5.990.000 kr. Bilasamningur 74.125 kr. Rekstrarleiga 109.200 kr.	Sóltíloð 2.590.000 kr. Bilasamningur 31.950 kr. Rekstrarleiga 47.600 kr.	Sóltíloð 3.990.000 kr. Bilasamningur 49.350 kr.	Sóltíloð 4.220.000 kr. Bilasamningur 52.070 kr.	Sóltíloð 30.150.000 kr. Bilasamningur 370.000 kr. Ef rekstrarleiga 568.000 kr. Rekstrarleiga er sátt í mál gagnans en bíllinn er ekki ískráður á rekstrarleigu.

sóltíloð

Komdu núna. Sóltíloð Brimborgar gildir meðan birgðir endast.



Í bíltúr í Ford GT?

Ofursportbíllinn Ford GT er kominn í sýningarsalinn. Komdu. Skoðuðu einn magnaðasta bíl sem framleiddur hefur verið.

FORD GT

Smelltu á ford.is og taktu bátt í Happapotti Brimborgar og þú átt möguleika á bíltúr í Ford GT þegar liða fer á sumarið.

Sumarið er í Brimborg



Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is



Öruggur staður til að vera á

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að aukri er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% ísk / 50% erl.mynrkarta. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustufirtil samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 60.000 km akstur á tímabili. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluábyrgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á aðalmynd: álfelgur.



Kaplakrifa. Áhorf: Óppgefið / Egill Már Markússon (7)

1-0 Bjarnólfur Lárusson, sjálfsmark (61.)
2-0 Ásgeir Gunnar Ásgeirsson (85.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	12-8 (7-1)
Varin skot	Daði 1 – Kristján 5
Horn	4-1
Aukaspjrnur fengnar	7-8
Rangstöður	0-0

FH 4-3-3	KR 4-4-2
Daði Lárusson 7	Kristján Finnboga 6
Guðmundur Sævi 7	Kristinn Magnúss 7
Árman Smári 8	Dalibor Pauletic 5
Tommy Nielsen 6	Gunnlaugur Jónss 5
Hermann Albertsson 7	Vígús Arnar 7
*Ásgeir Gunnar 9	Sigmundur 6
(86. Árni Freyr -)	(86. Skúli Jón -)
Davíð Þór 7	Bjarnólfur 5
Sigurvin Ólafss 8	Mario Cizmek 6
Ólafur Páll 6	Gunnar Kristjánsson 4
(75. Atli Guðnason -)	(71. Sölvi Davíðss -)
Matthías Vilhjálmss 6	Garðar Jóhannsson 4
Tryggvi Guðm. 7	(81. Tryggvi x)
*Maður leiksins	Grétar Hjartarson 6

STAÐAN Í LANDSBANKAÐEILDINN:

1. FH	10	8	2	0	19-5	26
2. VÍKINGUR	9	4	2	3	13-8	14
3. GRINDAVÍK	9	3	4	2	14-10	13
4. FYLKIR	9	4	1	4	12-12	13
5. KR	10	4	1	5	8-19	13
6. VALUR	9	3	3	3	12-11	12
7. KEFLAVÍK	9	3	2	4	14-9	11
8. ÍBV	9	3	2	4	9-14	11
9. BREIÐABLIK	9	3	1	5	16-22	10
10. ÍA	9	2	0	7	10-17	6

ÚRSLIT GÆRDAGSINS

VISA-bíkarinn:

LEIKNIR-KEFLAVÍK 0-3
0-1 Stefán Örn Arnarson (11.), 0-2 Guðmundur Steinarsson, víti (35.), 0-3 Stefán Örn Arnarsson (43.).

1. deild karla:

FRAM-ÞÓR 4-0
KA-ÞRÓTTUR 1-2

FH-ingar með völdin í Kaplakríka

FH náði tólf stiga forystu í Landsbankadeild karla í gær með því að leggja KR að velli í Kaplakríka 2-0. Jafnræði var með liðunum í fyrri hálfleik en eftir að KR misnotaði sannkallað dauðafæri í upphafi þess síðari náðu heimamenn völdum í leiknum og skoruðu tvö mörk og tryggðu sér sigurinn.

FÓTBOLTI KR-ingar byrjuðu vel gegn FH í Kaplakríkanum í gær og áttu fyrstu þrjú skot leiksins en ekkert þeirra hitti þó á rammann. Strax á fjórðu mínútu átti Sigmundur Kristjánsson góða fyrirgjöf á Grétar Hjartarson sem náði að læða sér á milli tveggja varnarmanna en skot hans fór hins vegar naumlega fram hjá. Grétar var nánast einn frammi en hinn hávaxni Garðar Jóhannsson var fyrir aftan hann og virkaði Grétar frekar einmana á toppnum og mátti síns lítils gegn vörn FH. Eftir góða byrjun KR-inga náðu heimamenn að komast inn í leikinn og þó að jafnræði væri með liðunum voru þeir hættulegri í sínum sóknaraðgerðum seinni hluta hálfleiksins.

Ásgeir Gunnar Ásgeirsson átti góðan leik að vanda og í fyrri hálfleiknum átti hann tvö ágætis skot, það síðara var sérlega hættulegt en Kristján Finnbogason, markvörður KR, var öryggið uppmálað og varði vel. Hann varði einnig auðveldlega þegar Tryggvi Guðmundsson fékk fínt færi. Hinumegin átti Grétar skot úr aukaspjrnun sem fór ekki langt yfir en þá eru þær fáu marktilraunir sem áttu sér stað í fyrri hálfleik upptaldar. Bæði lið voru að leika þokkalega en varnarleikurinn var traustur og færin ekki mjög mörg.

Í upphafi seinni hálfleiks voru KR-ingar í sókn og Grétar fékk boltann nokkuð óvænt í teignum, náði að leika á Daða Lárusson markvörð og markið var opið. En úr þessu sannkölðuðu dauðafæri



ÉG HEF HANN! Hvorki fleiri né færri en sjö leikmenn reyndu fara í boltann eftir eina af fyrirgjöfum FH-liðsins í fyrri hálfleik. Allir þvældust þeir þó hvor fyrir öðrum og svo fór að enginn þeirra náði til boltans. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

náði Grétar á einhvern ótrúlegan hátt að skjóta í stöngina þótt líklegra hefði verið auðveldara fyrir hann að skora. Tryggvi átti síðan skalla naumlega fram hjá marki KR stuttu síðar eftir frábæra fyrirgjöf Hermanns Albertssonar og þá munaði minnstu að Sigurvin Ólafsson næði að skora gegn sínum fyrrum samherjum en hann átti gott langskot sem fór hárfínt fram hjá samskeytunum. FH hafði náð völdunum á vellinum og það skilaði sér í marki þegar stundarfjórðungur var liðinn af seinni hálfleik. Ásgeir Gunnar Ásgeirs-

son fékk fínt færi og átti hörkuskot sem hafnaði í þverslánni og þaðan fór boltinn í Bjarnólf Lárusson og inn. Ansi slysalegt sjálfsmark og má segja að Bjarnólfur hafi verið rangur maður á röngum stað.

Á þessum tíma náðu FH-ingar undirtökunum á vellinum en þeir virtust vakna allhressilega eftir færið sem Grétar fékk. Heimamenn stjórnuðu leiknum og innsglúðu sigurinn fimm mínútum fyrir leiklok en þá missti Gunnlaugur Jónsson, fyrirliði KR, boltann. Varamaðurinn Atli Guðnason



HVAÐ Á ÉG AÐ GERA? KR-ingar fengu nokkur ágætis færi í Kaplakríka í gær en sóknarmönnum liðsins virðist vera gjörsamlega fyrrmunað að skora. Teitur Þórðarson virðist ráðalaus á þessari mynd. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

gaf á Ásgeir Gunnar sem var einn á auðum sjó og var ekkert að tvínóna við hlutina heldur skaut og skoraði glæsilegt mark.

„Við vorum alveg staðráðnir í því að vinna þennan leik eftir að við duttum út úr bikarnum. Menn eru að tala um að við séum að dala og séum búnir að vinna titilinn en við ætlum að sýna að það er nægur kraftur í okkur og við ætlum að klára þetta með stæl. Vonandi náum við bara að tryggja okkur titilinn sem fyrst,“ sagði Ásgeir Gunnar og glotti eftir leikinn. Hann átti frábæran leik fyrir FH, er greinilega með bullandi sjálfstraust og er óhræddur við að skjóta á markið. „Mér hefur gengið vel í síðustu leikjum og búinn að ná að skora í þremur leikjum í röð svo maður verður bara að halda því áfram.“

elvalgeir@frettabladid.is

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK

Rómantísk helgarferð

fyrir heppin brúðhjón til Parísar



Hjá Eirvík
fást brúðargjafir
í miklu úrvali

GJAFABRÉF

Rómantísk helgarferð fyrir heppin brúðhjón til Parísar
Nöfn allra brúðjóna sem fá gjöf, keypta í Eirvík fara
í pott sem dregið verður úr 30. september 2006.

EIRVÍK -háagæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20 – 108 Reykjavík – Sími 588 0200 – www.eirvik.is



FYRSTA MARKIÐ Stefán Örn Arnarson átti finan leik fyrir Keflavík í gær og skoraði tvö mörk. Hér sést hvernig hann skorar fyrra markið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Einn leikur fór fram í VISA-bíkar karla í gærkvöldi:

Öruggt hjá Keflavík

FÓTBOLTI Það verða Keflvíkingar sem mæta ÍA í 8-liða úrslitum VISA-bíkar karla eftir öruggan sigur Suðurnesjaliðsins á Leikni í Breiðholti í gærkvöldi.

Keflvíkingar gáfu tóninn strax í upphafi gegn 1. deildarliðinu á Leiknisvelli í gærkvöldi og Stefán Örn Arnarson kom þeim yfir á 8. mínútu þegar hann slapp einn í gegnum vörn Leiknis. Fyrri hálfleikur var einkar fjörugur og Leiknismenn hefðu vel getað jafnað en Magnús Þormar þurfti í tvígang að taka á honum stóra sínum, fyrst þegar Einar Örn Einarsson var í góðu færi og svo hörkuskalla varnarjaxlsins Halldórs Kristins Halldórssonar.

En það voru Keflvíkingar sem nýttu færin sín og á 35. mínútu jók Guðmundur Steinarsson muninn þegar hann skoraði úr vítaspjrnun sem Valur Gunnarsson, markmaður Leiknis, var reyndar nálægt því að verja. Áður en hálfleiksflautan gall voru Keflvíkingar svo komnir í 3-0 þegar Stefán Örn skoraði sitt annað mark þegar hann fylgdi eftir skoti Hólmaris Arnar Rúnarssonar sem Valur hafði varið vel í markinu.

Leiknismenn reyndu hvað þeir

gátu til að minnka muninn í síðari hálfleik en allt kom fyrir ekki. Keflvíkingar gengu á lagið fyrir vikið og fengu urmul marktækifæra sem þeir náðu ekki að nýta sér en Valur var þeim erfiður í markinu. Lokatölur í Breiðholti í gær urðu 3-0 og sigur Keflvíkinga mjög verðskuldaður.

„Ég er alls ekki sáttur við spílamennsku liðsins en bikarleikir snúast eins og aðrir leikir um að skora mörk og það tókst okkur. Liðin fengu svipuð mörg færi í fyrri hálfleik en munurinn á liðunum liggur kannski í því að við nýttum færin okkar en þeir ekki. Við hefðum getað bætt við í síðari hálfleik en slökudum aðeins á, enda stutt í næsta leik,“ sagði Kristján Guðmundsson, þjálfari Keflvíkinga, eftir leikinn en þeir mæta Lilleström á sunnudaginn.

„Staðan hefði hæglega getað verið 3-3 í hálfleik en því miður látum við refsa okkur fyrir öll varnarmistökin sem við gerum og því fór sem fór. Þeir hefðu vel getað bætt við í seinni hálfleik og heilt yfir voru úrslitin sanngjörn,“ sagði Garðar Gunnar Ásgeirsson, þjálfari Leiknis.

- hþh



WADE Átti frábert tímabil og var vítamín-sprautan í liði Miami. NORDICPHOTOS/AFP

Dwyane Wade framlengir: Fimm ár og sex milljarðar

NBA Dwyane Wade hefur samþykkt að framlengja samning sinn við NBA-meistarana í Miami Heat til ársins 2013. Wade fór fyrir liði Miami og var valinn verðmætasti leikmaður mótsins þar sem hann spilaði hreint út sagt stórkostlega.

Wade framlengir samninginn um fimm ár og fær fyrir vikið um sex milljarða íslenskra króna en hann var ekki lengi að semja. Á laugardaginn gafst leyfi til að semja við leikmenn á nýjan leik og skrifaði hann undir skömmu síðar.

- hph

Michael Owen:

Kemst í aðgerð eftir átta vikur

FÓTBOLTI Michael Owen, framherji Newcastle og enska landsliðsins, þarf að bíða í átta vikur eftir því að fara í aðgerð hjá hinum virta Richard Steadman. Owen meiddist illa í leik Engendinga og Svía á HM en hefur leitað til Steadmans sem er talinn vera kraftaverkalæknir á meðal íþróttamanna.

Owen missti nánast alveg af síðari helmingi ensku úrvalsdeildarinnar á síðasta tímabili vegna fótbrots og er búist við því að þessi snjalli leikmaður verði frá til áramóta. Þetta er mikið áfall bæði fyrir Newcastle og leikmanninn sjálfan sem hefur verið einkar óheppinn með meiðsli í gegnum árin.

- hph

Fabio Capello tekur við Real:

Get ekki beðið

FÓTBOLTI „Ég hlakka mikið til þess að stýra klúbbnum á nýjan leik,“ sagði Fabio Capello, nýráðinn stjórnari Real Madrid á blaðamannafundi í gær. Hinn sextugi Ítali vonast til þess að mikil vinna og auðmýkt verði til þess að félagið sanni gildi sitt á meðal þeirra bestu á nýjan leik.

„Ég er sannfærður um að þetta sé stærsti klúbbur í heimi. Við viljum vinna titla og til þess þarf vinnu, auðmýkt og finna anda Real Madrid á nýjan leik. Ég held að andinn hafi týnst á síðustu árum,“ sagði Capello en hans fyrsta verk verður að fá nýja leikmenn til félagsins. Roberto Carlos og Ronaldo eru taldir líklegir til að fara frá liðinu auk þess sem Zinedine Zidane leggur skóna á hilluna.

Ramon Calderon var í skýjunum yfir því að ráða Capello en hann hafði lofað að fá hann til félagsins yrði hann kjörinn forseti síðastliðinn sunnudag sem gekk svo eftir.

- hph

www.sturta.is
allan sólarhringinn!

Fyrir bossann

Sími: 565-5566

sturta.is

Alex Ferguson hefur bundið enda á allar vangaveltur: Nistelrooy mun snúa aftur

FÓTBOLTI Sir Alex Ferguson, knattspyrnustjóri enska stórlíðsins Manchester United, býst við að Ruud van Nistelrooy verði mættur aftur um leið og æfingar hjá félaginu hefjast aftur eftir sumarfrí. Sambandið milli Fergusons og Nistelrooy hefur verið talið slæmt eftir að hollenski landsliðsmaðurinn var látinn verma varamannabekkinginn undir lok síðasta keppnistímabils.

„Flestir þeir leikmenn sem voru að spila á heimsmeistaramótinu fengu þriggja vikna hlé. Þeir munu þó snúa aftur til æfinga á Old Trafford þann 24. júlí. Það eru þeir Gary Neville, Wayne Rooney, Rio Ferdinand, Gabriel Heinze, Edwin van der Sar og Ruud van

Nistelrooy.“ sagði Ferguson í viðtali við sjónvarpsstöð Manchester United í gær. Eftir síðasta tímabil var reiknað með því að markahrókurinn væri á leið frá Old Trafford en deilur hans og Fergusons hófust eftir að United tapaði fyrir Liverpool í bikarkeppninni. Eftir það tók franskri sóknarmaðurinn Louis Saha stöðu Van Nistelrooy í byrjunarliðinu. Nistelrooy er 29 ára en hann var spurður að því, hjá hollenska sjónvarpinu, hvort ferli hans hjá Manchester United væri lokið. „Það halda það kannski flestir en það þarf ekkert að vera. Enginn hefur sagt mér að fara frá félaginu,“ var svar Nistelrooy en Bayern München, AC Milan, Tot-

tenham og Newcastle vildu öll fá hann til sín. Svo er spennandi að sjá hvað gerist þegar Cristiano Ronaldo mætir aftur til æfinga en hann er boðaður fjórum dögum á eftir Wayne Rooney. Þeim lenti saman í landsleik Englands og Portúgals en hafa reyndar sagt við fjölmiðla að sambandið milli þeirra sé ekki slæmt, þetta hafi aðeins gerst í hita leiksins og sé gleymt og grafið.

- egm



Á BEKKNUM Nistelrooy þurfti að sætta sig við bekkjarsetu á lokaspretti síðasta tímabils. NORDICPHOTOS/AFP

Þýska landsliðið:

Lehmann býður Kahn sæti sitt

FÓTBOLTI Markvörðurinn Jens Lehmann, sem leikið hefur frábærlega með þýska landsliðinu á HM, kveðst reiðubúinn að taka sæti á bekknum í leik Þýskalands og Portúgals um þriðja sæti keppinnar á morgun, til þess að kollegi hans Oliver Kahn fái tækifæri til að taka þátt í keppninni. Lehmann segir það þó undir þjálfaranum komið hvort af tilboðinu verður.

„Ef þjálfarinn telur að Kahn eigi að fá að spila þá hef ég ekkert á móti því,“ segir Lehmann en svo virðist sem allur sá rígur sem hefur verið á milli þessara markmanna á síðustu árum sé á bak og burt.

- vig

TÖLVULISTINN

SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR

ÓPIÐ Í DAG frá 9-18

LOKAÐ Á MORGUN
Vegna árlegrar sumarferðar starfsmanna
Tölvulistans verða verslanir okkar lokaðar laugardaginn 8. júlí.
Sjáumst eftir helgi

Glæsilegur 20" Acer AL2017 SXGA LCD skjár
Á tilboði í dag **39.900**

REYKJAVÍK AKUREYRI KEFLAVÍK
Nóatún 17 • Sími 562 6730 Glerárgata 36 • Sími 464 7400 Hafnargata 90 • Sími 534 7400

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„Watch your heads!”

Svar: Lady Van Tassel úr kvikmynd-
inni Sleepy Hollow árið 1999.

dagskrá



VIÐ TÆKIÐ: RÓSA SIGNÝ GÍSLADÓTTIR HORFÐI Á ROCKSTAR: SUPERNOVA

Ofmetnaður og ofmetinn þáttur

Rockstar: Supernova með hinum íslenska Magna fór í loftið á miðvikudag og ég lét mig hafa það að vaka aðeins lengur til að sjá kappann. Rockstar þátturinn er sagður vera einn sá vinsælasti í heiminum en ég tek því mátulega trúanlega, enda vissi ég ekki einu sinni af tilvist Rockstar: INXS þegar ég bjó í heimalandi Tommy Lees og félagi hans, þrátt fyrir töluvert sjónvarpsgláp. Ég var því frekar forvitin að fylgjast með byrjun þáttarins og eins og sannur Íslendingur vildi ég sjá „okkar mann”.


Sem betur fer var Magni snemma í röðinni svo ég missti ekki af mikinn svefn yfir vitleysunni. Magni söng Satisfaction af mikilli sníll og hefur greinilega blásið aðeins í egóið eins og sæmir góðri rokkstjörnu. Þrátt fyrir að



GUÐMUNDUR MAGNI ÁSGEIRSSON
Magni stóð sig ágætlega í fyrsta þættinum.

sveitaballataktarnir væru aðeins of áberandi var ég ósammála dómurinum sem fannst eitthvað vanta. Gilby Clarke benti Magna á að Supernova væri „skítugt rokk og ról” en sagði svo bara amen og halelúja þegar keppendur tóku poppkornsslagarann Yellow með Coldplay og rölegheitin í Knocking on Heaven's Door með Bob Dylan. Þar að auki voru tveir keppendanna hreinlega lélegir söngvarar en fengu samt blessun dómara.

Ég þekki nokkra sem horfðu á þennan fyrsta þátt Rockstar: Supernova en ekkert okkar nennti að vaka og kjósa. Mig grunar að atkvæðin frá Íslandi verði fá og ná ekki að fleyta Magna inn í síðustu umferðirnar, þrátt fyrir háleit markmið og drauma íslensku þjóðarinnar.



▶ 21.30

Drama


PURE



▶ 22.05

Ævintýri


KING ARTHUR



▶ 21.50

Yfirnátúrlegt

SUPERNATURAL



▶ 21.30

Keppni

ROCK STAR



▶ 09.00

Fréttir

FRÉTTAVAKTIN

SJÓNVARPIÐ



6.58 Ísland í bitíð 9.00 Bold and the Beautiful
9.20 Í finu formi 9.35 Oprah 10.20 Alf 10.45
Það var lagið

SIRKUS TV

SKJÁREINN

7.00 6 til sjö (e) 8.00 Dr. Phil (e)

NFS

7.00 Ísland í bitíð
▶ 9.00 Fréttavaktin 11.40 Brot úr dagskrá

17.05 Leiðarljós 17.50 Táknmálsfréttir 18.00
Ævintýri H.C. Andersen (18:26)

12.00 Hádegisfréttir 12.25 Neighbours 12.50 Í
finu formi 13.05 My Sweet Fat Valentina 14.35
My Wife and Kids 15.00 Arrested Development
15.30 George Lopez 16.00 The Fugitives 16.25
Skrímáslaspiðið 16.45 Véla Villi 17.00 Bold and
the Beautiful 17.22 Neighbours 17.47 Simpsons
18.12 Íþróttfréttir

18.30 Fréttir NFS
19.00 Ísland í dag
19.30 Fashion Television (e) Í
20.00 Þrándur blogggar (4:5)
20.30 Stacked (4:13) (e) (Crazy Ray) Önnur
serían um Skyler Dayton og vinnufé-
lagana hennar í bókabúðinni.
21.00 When Lineker Met Maradona (e)
▶ 21.50 Supernatural (21:22) (e) (Salvation)
Yfirnátúrlegir þættir af bestu gerð.
Bræðurnir Sam og Dean hafa frá
barnæskuhjálpað föður þeirra að
finna illu öflin sem myrtu móður
þeirra. B. börnum.
22.40 X-Files (e) (Ráðgátur) Sirkus sýnir X-
files frá byrjun!

15.40 Völvi Snær (e) 16.10 Point Pleasant (e)
17.05 Dr. Phil 18.00 6 til sjö (e)

12.00 Hádegisfréttir / Markaðurinn /
Íþróttir / Veður / Leiðarar dagblaða / Há-
degjöld – fréttaviðtal 13.00 Sportið 14.00
Fréttavaktin 17.00 Sfréttir 18.00 Íþróttir
og veður

18.30 Ungar ofurhetjur (12:26)
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljós
20.05 Síðasta endurgerð Beau Geste (The
Last Remake of Beau Geste) Banda-
rísk gamanmynd frá 1977. Hetjan
Beau Geste strýkur með gimstein í
eigu föður síns til að forða því að
stjúpa hans komist yfir hann.
Aðalhlutverk: Marty Feldman, Ann-
Margret, Michael York, Peter Ustinov
og James Earl Jones.
▶ 21.30 Hjálparhellan (Pure) Bresk bíómynd
frá 2002. Drengur sem á í vanda
vegna heróínufiknar móður sinnar
kynnist þjónustustúlku sem kemur
honum til hjálpar. Leikstjóri er Gillies
MacKinnon og meðal leikenda eru
Harry Eden, Vinnie Hunter, Molly Park-
er, David Wenham, Keira Knightley og
Geraldine McEwan.

18.30 Fréttir, íþróttir og veður
19.00 Ísland í dag
19.40 Mr. Bean
20.05 The Simpsons (2:22)
20.30 Two and a Half Men (14:24) (Tveir og
hálfur maður)
20.55 Stelpurnar (24:24) Stelpurnar einu
sönnu hafa nú fært sig um set, yfir á
föstudaga.
21.20 Beauty and the Geek (6:9) (Friða og
nördinn) Hvað gerist þegar ljóskurnar
og nördarnir sameina krafta sína?
▶ 22.05 King Arthur (Arthúr konungur) Sann-
kölluð stórmynd frá 2004. Aðalhlut-
verk: Clive Owen, Mads Mikkelsen,
Ioan Gruffudd. Leikstjóri: Antoine
Fuqua. 2004. Str. b. börnum.

23.30 THE MISSION (e) (Bönnuð börnum)
1.30 Sirkus RVK (e)

19.00 Beverly Hills 90210 Unglingarnir í
Beverly Hills eru mættir til leiks.
19.45 Melrose Place Bandarísk þáttaröð um
íbúana í Melrose Place, sem unnu
hug og hjarta áhorfenda á sínum
tíma.
20.30 One Tree Hill Húmor, drama, og bull-
andi rómantik, – allt í einum pakka!
▶ 21.30 Rock Star Íslendingur er nú með í
fyrsta sinn í einum vinsælasta þætti í
heimi sem í ár er kenndur við hlóm-
sveitina Supernova. Hver verður
söngvari Supernova með þungarokk-
urinum?
22.30 The Bachelorette III Þriðja þáttaröð
þessa vinsæla raunveruleikaþáttar.

18.30 Kvöldfréttir
19.00 Ísland í dag
19.40 Peningarnir okkar Þáttur um fjármál
heimilanna, eins konar námskeið í
sjónvarpi um meðferð fjár og hvernig
hægt er að sýna ráðdeild ... og
græða.
20.00 Fréttayfirlit
20.20 Brot úr fréttavakt
20.30 Örlagadagurinn (4:12)
21.00 Fréttir
21.10 48 Hours (48 stundir) Bandarískur
fréttaskýringaþáttur.
22.00 Fréttir Fréttir og veður
22.30 Peningarnir okkar Ingólfur H. Ingólfs-
son hefur verið með vinsæl innskot á
Fréttavaktinni undanfarna mánuði.

23.05 Holes 1.55 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

0.10 Right on Track 1.35 Road House
(Stranglega bönnuð börnum) 3.25 Kate og
Leopold 5.20 Fréttir og Ísland í dag 6.30
Tónlistarmyndbönd frá Popp Tívi

23.30 THE MISSION (e) (Bönnuð börnum)
1.30 Sirkus RVK (e)

23.20 Law & Order: Criminal Intent 23.25
C.S.I.: Miami (e) 0.20 Boston Legal (e) 1.10
Close to Home 2.00 Beverly Hills 90210 (e)
2.45 Melrose Place (e) 3.30 Tvöfaldur Jay
Leno (e) 5.00 Östðvandinn tónlist

23.10 Kvöldfréttir 0.10 Fréttavaktin 3.10
Fréttavaktin 6.10 Peningarnir okkar

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

6.10 White Chicks 8.05 How to Kill Your
Neighbor's D 10.00 Finding Graceland 14.00
How to Kill Your Neighbor's D 16.00 Finding
Graceland 20.00 White Chicks (Hvítar gellur)
Kolleggjuð grínmynd um tvo lögreglumenn
sem ákveða að dulbúa sig sem hvítar skutur
í þeim tilgangi að vernda erfingja hótelkeðju
gegn hættulegum mannræningjum. 22.00
Man on Fire (Í eldinunni) Denzel Washington
fer með aðalhlutverkið í þessari rafmögnuðu
spennumynd. Drykkjeldur fyrirverandi leyni-

þjónustumaður, John Creasy, ræður sig sem
lífvröður fyrir unga dóttur auðkýfings í
Mexíkó-borg. Aðalhlutverk: Denzel Wash-
ington, Marc Anthony, Radha Mitchell,
Dakota Fanning. Leikstjóri: Tony Scott. 2004.
Stranglega bönnuð börnum. 0.25 Wasabi
(Bönnuð börnum) 2.00 Moving Target
(Bönnuð börnum) 4.00 Man on Fire (Strang-
lega bönnuð börnum)

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

E! ENTERTAINMENT

11.30 Behind the Scenes 12.00 E! News 12.30 The
Daily 10 13.00 The American Idol: Girls Rule 14.00 101
Most Shocking Moments in Entertainment 16.00 101
Most Shocking Moments in Entertainment 17.00 101
Most Shocking Moments in Entertainment 18.00 E!
News 18.30 The Daily 10 19.00 THS Johnny Depp
20.00 101 Most Shocking Moments in Entertainment
21.00 Girls of the Playboy Mansion 21.30 Girls of the
Playboy Mansion 22.00 Wild On Tara 22.30 Wild On
Tara 23.00 Sexiest 0.00 THS Johnny Depp 1.00 101
Most Shocking Moments in Entertainment

AKSJÓN

Fréttabátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endur-
sýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

www.minnsirkus.is/pipola



SIRKUS TV

SÝNINGAR
HEFAST 13. JÚLÍ

PÍPÓLA

ÞÆR VORU RÁÐNAR

Þær Elín og Sigurbjörg slógu út yfir 400 manns sem sóttu um að stjórna
mest spennandi sjónvarpsþætti sumarsins! Í þættinum Pípóla (merking: leika,
dansa, spila) munu Elín og Sigurbjörg kanna hina ýmsu króka og kima íslensks
samfélags. Þær setja sig í ólíkleg hlutverk í einn dag og leyfa þannig áhorfendum
að kynnast lífi ólíkra hópa á reykvískum sumardögum.

FYLGSTU MEÐ!

Nú ná rúmlega 90% heimila landsins Sirkus TV. Sirkus er á rás 15 á ADSL, 69 á Breiðbandinu,
5 á Digital Íslandi en einnig er víða hægt að ná útsendingum stöðvarinnar með venjulegu loftneti.

VIÐ MÆLUM MEÐ ...

King Arthur

Stöð 2 kl. 22.05

Stórmynd um Arthúr konung

Þessi stórmynd frá árinu 2004 fjallar um víðburðaríka og goðsagnakennda ævi Arthúrs konungs. Arthúr barðist með sverðinu Excalibur, leiddi riddarasveitina sem kennd var við hringborðið og naut verndar Merlins hins volduga seiðkarls. Það er Clive Owen sem fer fyrir fríðum hópi leikara í hlutverki Arthúrs. Í myndinni er reynt að sýna þennan goðsagnakennda konung í raunsönnu ljósi og er sérstaklega einblínt á hetjulega framgöngu hans gegn hinu hnignandi rómverska heimsveldi. Aðalhlutverk leika Clive Owen, Mads Mikkelsen og Ioan Gruffudd. Antoine Fuqua leikstýrir.



22.45
Póker

WORLD POKER



18.00 Íþróttaspjallið 18.12 Sportið

- 18.30 **Motorworld** Kraftmikill þáttur um allt það nýjasta í heimi akstursíprótta. Rallíbilur, kappakstursbilar, vélhjóll og ótal margt fleira.
- 19.00 **Gillette Sportpakkin** (Gillette World Sport 2006) Íþróttir í lofti, láði og legi.
- 19.30 **Saga HM** (1978 Argentína) Rakin er saga heimsmeistarakeppninnar í knattspyrnu frá 1954 til 1990.
- 21.05 **Saga HM** (1982 Spánn) Í þessum þætti er fylgst með keppninni á Spáni árið 1982.
- 22.45 **World Poker** Á mótariðinni er spilað fyrirkomulagið Texas hold'em sem er hvað skemmtilegast fyrir áhorfendur.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 6.30 Morgunónar 6.45 Veðurfréttir 6.50 Bæn 7.05 Morgunvekin 9.05 Óskastundin 9.45 Morgunleikími 10.03 Veðurfréttir 10.13 Að sitja kyrr í sama stað og samt að vera að ferðast 11.03 Samfélagsið í næmýnd 12.00 Fréttayfirlit 12.03 Hádegisútlit 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfréttir 13.00 Sakamálaaleikritið 14.03 Útlitssagan 14.30 Miðdegisónar 15.03 Uppá teningnum 16.10 Veðurfréttir 16.13 Djassgallerí New York 17.03 Vísja 18.00 Kvöldfréttir 18.24 Auglýsingar 18.25 Spegillinn 19.00 Á sumarvegi 19.40 Samfélagsið í næmýnd 20.40 Kvöldtónar 21.00 Bryggjuball 21.55 Orð kvöldsins 22.10 Veðurfréttir 22.15 Músík og mas 23.00 Kvöldgestir

RÁS 2 FM 90,1/99,9

- 6.05 Morgunónar 6.30 Morgunútlit Rásar 2 9.05 Brot úr degi 12.03 Hádegisútlit 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Poppland 16.10 Síðdegisútlit 18.00 Kvöldfréttir 18.24 Auglýsingar 18.25 Spegillinn 19.00 Sjónvarpsfréttir 19.30 Á vellinum með Ásgeiri og Kalla 22.10 Næturvaktnir

BYLGIJAN FM 98,9

- 7.00 Ísland í bítið 9.00 Ívar Guðmundsson 12.00 Hádegisfréttir 12.20 Óskalahádeggi 13.00 Rúnar Róberts 16.00 Reykjavík Síðdegis 18.30 Kvöldfréttir og Ísland í dag 19.30 Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs 1.00 Ragnhildur Magnúsdóttir

ADRAR STÖÐVAR

- FM 90,9 TALSTÖÐIN
- FM 99,4 ÚTVARP SAGA
- FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin
- FM 102,2 Útlit Latibær / Fjölskyldu útlit
- FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni
- FM 96,7 Lítt Bylgjan / Tónlist og afþreying
- FM 105,5 Útlit Boðun / Kristilegt efni
- FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum
- FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni
- FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
- FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

MARKAÐURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Sögurnar, tölurnar, fólkið.



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Myndaðu þínar stundir með Canon



Frábært tilboð á Canon Ixus Wireless
Sendir þráðlaust myndir í tölvuna eða prentara

- Innbyggð þráðlaus tenging gerir kleift að senda myndirnar í tölvuna um leið og smeltt er af.
- 5.0 megapíxlar.
- 3x „optical“ aðdráttarlinsa veitir mikinn skýrleika í líftíli og nettri vél.
- 2.0" LCD skjár.
- 14 tókustillingar.
- Hágæða kvikmyndaupptaka með hljóði.

Sumartilboð 39.900 kr.
Listaverð 49.900 kr.

Canon Ixus 800 IS stafræn myndavél
Ný og glæsileg í Ixus línunni – Framúrskarandi tækni



- 6.0 megapíxlar.
- 4x „optical zoom“ linsa m/ Image Stabilizer tækni
- ISO 800 og High ISO Auto tækni Canon aðstoða við myndatöku í erfiðum birtuskilyrðum.
- 2.5" LCD skjár og glæsilega hönnuð myndavél.
- 16 tókustillingar – Einnig 16:9 breiðgjaldsmyndataka.
- Kvikmyndaupptaka með hljóði.

Listaverð 59.900 kr.

Canon iP5200R bleksprautu-prentari
Afkastamikill þráðlaus prentari



- Þráðlaus prentun iP5200R gerir öllum á heimilinu kleift að nota einn prentara án þess að snúur flækist fyrir.
- 9600x2400 dpi prentunupplausn tryggir skýrar myndir í ljósmyndagæðum.
- ChromaLife100 kerfið frá Canon lengir líftíma útprentaðra mynda.
- Prentar allt að 30 A4 bls. á mín. í svarthvítu og 24 A4 bls. á mín. í texta og graffik.
- Prentar 10x15 cm myndir í lit á aðeins 36 sek. í gæðum sem jafnast á við framköllunarpjónustuna.
- Hægt að prenta á DVD/CD.
- Single Ink kerfið tryggir lægri rekstrarkostnað þar sem blekeyðsla er í lágmarki.
- Prentari sem hentar fyrir öll heimili sem og á skrifborðið í vinnunni.

Sumartilboð 21.900 kr.
Listaverð 29.900 kr.

PowerShot A430 myndavél + CP510 ljósmyndaprentari á aðeins 29.900 kr.

PowerShot A430

Einföld og þægileg fyrir alla fjölskylduna

- 4.0 megapíxlar og 4x aðdráttur.
- 15 tókustillingar
- Kvikmyndaupptaka með hljóði.

CP510 ljósmyndaprentari

- Prentar beint af myndavélinni – þarf ekki tölvu.
- Nettur og auðveldur í notkun.
- Margar prentútfærslur og stærðir.



Þú sparar 7.900 kr.

Canon EOS 350D SLR myndavél m/18–55 mm og 55–200 mm linsum

Skiptu yfir í framtíðina og efldu sköpunargleðina

- CMOS tækni Canon færir þér framúrskarandi ljósmyndagæði og 8.0 megapíxla upplausn.
- Öflug DIGIC II tækni sem er fengin úr „pro-línu“ Canon tryggir hraða við myndatöku.
- Sjú sjálfvirkir fókuspunktur ná hraðvirkum og nákvæmum fókusi.
- „Pop-up flash“
- Um 60 EF linsur frá Canon auk Canon EF-S linsa passa á vélinu.
- Aðskilin JPEG/RAW mynda vísun. Hægt að velja JPEG myndir fyrir beina útprentun eða eftirvinnslu.



Sumartilboð 119.900 kr.
Listaverð 139.900 kr.

Canon MV900 myndbandsupptökuvél
16:9 háupplausna vél með öflugum 25x „optical zoom“

- 16:9 upptaka með 2.7" LCD breiðgjaldsskjá.
- Öflug 25x „optical zoom“ linsa með Electronic Image Stabilization sem kemur í veg fyrir ranga lýsingu og óskýran fókusi.
- Með Canon DIGIC DV eru litir teknir upp á miniDV; raunverulegir, skýrir og líflægir.
- Einfalt notendaviðmót og stjórnbord gerir öllum auðvelt að byrja að taka upp heimavideo – aðeins sex takkar til að læra á.



Verð 39.900 kr.

Söluaðilar um land allt
www.nyherji.is/canon

Þú þekkir
Canon

REYKJAVÍKURNÆTUR HARPA PÉTURSDÓTTIR LEYSTI FLÆKIUNA OG LÆRÐI SÍNA LEXÍU

Á milli steins og sleggju – framhald

Seinna komst ég að því að konan sem hann var ástfanginn af var gömul bekkjarsystir mín úr gaggó sem hafði verið ágætis vinkona mín... á þeim árum og við meira að segja verið í sambandi annað slagið síðan þá. Mér var sem sagt dömpað síðona fyrir þessa líka ágætis kunningjakonu mína. Þvílík kaldhæðni. Og það var ekki eins og honum hafi fundist þetta neitt sérlega erfitt, skellti þessu í andlitið á mér eins og kaldri vatnsgusu. Sennilega hélt hann bara að ég af öllum myndi skilja þetta og gefa þeim þumalinn upp.

En eins og ég sagði þá datt mér ekki í hug að mótmæla eða fara á eftir honum því þetta var dauðadæmt frá fæðingu. Hann hreinlega hvarf mér sjónum og eftir alls enga stund var hann týndur og tröll-

um gefinn. Stutta seinna áttaði ég mig á því að hann var dottinn útúr systeminu eins og þetta hafi allt verið vondur draumur sem væri á enda. Þegar ég áttaði mig á því hversu stuttan tíma það hafði tekið að hreinsa hann út úr hausnum á mér, spurði ég sjálfa mig hvers konar álka ég hafði verið að láta mér detta það í hug að fórna svona miklu fyrir svona lítið? En það er nú yfirleitt þannig að manni tekst að líta á björtu hliðarnar og vera ánægður með það sem maður á og hefur gert. Sem betur fer!

Á þessari stundu gat ég ekki annað en spurt sjálfa mig hvort hið umtalaða karma ástarlífsins eða: „dating

karma“ væri til í raun og veru? Gæti verið að það sem maður gefur af sér, hvort sem það er gott eða vont, komi til manns aftur í einhverju formi einn daginn? Og getur það verið að ef maður kemur aldrei illa fram við neinn og gerir ekkert nema elska en það dugur ekki til, geti maður verið viss um að eitthvað gott muni henda manni síðar meir? Það er allavega mjög góður vani að hugsa á þennan hátt og setja sér það markmið að gera engum nokkuð það sem maður vill ekki að gert verði manni sjálfum.

Ef þessi kenning er höfð í huga má greinilega sjá að

í mínu tilfalli stenst hún, allavega var ég bitin í rassinn af því sem ég hafði sjálf gert öðrum... og það fast! En ég verð að viðurkenna að mér fannst ég eiga þetta skilið, sama hvernig ég leit á málið. Ég gerði mér bara ekki grein fyrir því að þetta gæti allt eins komið fyrir mig. Ég gleymdi mér og stað og stund og hugsaði of mikið um hvaða áhrif þetta hefði á mig og of lítið um hvað þetta myndi gera öðrum. Ég get svo sannarlega sagt að ég hafi lært mína lexíu í þetta skiptið og geri örugglega ekki sömu mistök aftur, nema auðvitað ég gleymi mig aftur. Það er nefnilega alltaf jafn auðvelt að vera sannfærður um hlutina og gefa út yfirlýsingar um hvað sé rétt og hvað rangt, allveg þangað til að það augnablik rennur upp að maður blindast af ást.



HRÓSIÐ

... fær Logi Ólafsson fyrir að taka að sér að gera sextán nördra að sæmilegum fótoltamönnum á þremur mánuðum.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT 2 álit 6 í röð 8 festing 9 loga 11 hef leifi 12 treyja 14 rót 16 í röð 17 blundur 18 enþá 20 golf áhald 21 velta.

LÓÐRÉTT 1 trappa 3 skammstöfun 4 þáttaskil 5 hæða 7 barinn 10 inn-gangur 13 forskeyti 15 hreinn 16 húðpoki 19 á líðandi stundu.

LAUSN

LÁRÉTT: 2 mats, 6 rs, 8 lílm, 9 eld, 11 mál, 12 peysa, 14 gráms, 16 hl, 17 mál, 18 enna, 20 ft, 21 snúna.

LÓÐRÉTT: 1 þrep, 3 al, 4 þamamál, 5 smá, 7 slöginn, 10 dýr, 13 sam, 15 skir, 16 hes, 19 ni.

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á bls. 8

- Jóhann R. Benediktsson.
- Kristin Davis.
- Ramon Calderon.

www.sturta.is
allan sólarhringinn!


Reykjavíkuregur 64, Hafnarfjörður.

Blautur stútur og mallakútur

Sími: 565-5566 sturta.is



Nýr humar, grillpinnar sólpurrkaður saltfiskur



Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
opið alla laugardaga 11-14

CLODAGH FREEMAN: ÍSLAND SÖGUSVIÐ SJÓNVARPSÞÁTTAR UM MEGRUN

Írskur raunveruleikapáttur tekinn upp á Íslandi

Hópur Íra er væntanlegur til landsins til að taka þátt í raunveruleikapáttinum Nature's Diet sem tekinn verður upp á Íslandi, en þátturinn er eins konar „Survivor“ fyrir of feitt fólk. Þættirnir verða sýndir á Írlandi frá september og fram að júlum og því er um talsverða landkynningu að ræða.

„Þetta er fólk sem hefur tamið sér slæmar venjur, stundar enga líkamsrækt og borðar óhollan mat. Við förum með þau í íslenska náttúru og látum þau hreyfa sig og hjálpum þeim við að komast út úr þessum vítahring,“ segir Clodagh Freeman sem stjórnar tökunum á Íslandi.

Farið verður með fólkid vítt og breitt um landið á næstu þremur vikum og hópurinn fer á hestbak, á vélsleða, í sund og í gönguferðir.

„Við notum það sem náttúran hefur upp á að bjóða. Aðalmálið er afturhvarf til náttúrunnar og hollra lífshátta.“ segir Clodagh. „Við mældum BMI þyngdarstuðulinn hjá öllum í upphafi og sá sem hefur lækkað mest í BMI eftir vikurnar þrjár vinnur,“ segir hún, en gerir þó ekki ráð fyrir að fólkid muni léttast mikið á svo stuttum tíma. Þátttakendurnir tíu eru á aldrinum 19 til 44 ára og eru allir skilgreindir sem offitusjúklingar.

„Þeir voru tólf í byrjun en tveir þurftu að hætta vegna of hás blóðþrýstings,“ segir Clodagh.

Þátttakendur í Nature's Best koma til landsins á sunnudag og verður fyrst farið með þá að vitanum við Keflavík og svo til Víkur. Eftir það verður hópurinn á flakki í þrjár vikur ásamt írsku tókuliði og nýtur meðal annars leiðsagnar hins íslenska Halla Hansen.

„Ástæðan fyrir því að við völdum Ísland fyrir þáttinn er að Ísland er þekkt fyrir fallega náttúru og við höfum heyrt góða hluti um landið. Svo erum við líka með góð tengsl við nokkra Íslendinga,“ segir Clodagh en hún og íslenskur unnusti hennar ætla að gefa sig í ágúst.

rosag@frettabladid.is



CLODAGH FREEMAN Clodagh er önnunum kafin við að undirbúa komu þátttakenda í Nature's Diet til Íslands, en þeir verða á landinu í þrjár vikur við tókun. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

FRÉTTIR AF FÓLKI

L eikarinn og grínarinn Þorsteinn Guðmundsson er þessa dagana staddur í Grikklandi. Þorsteinn dvelur í Aþenu þar sem nú standa yfir upptökur á auglýsingum fyrir Námsmannalínu KB banka. Þorsteinn hefur síðustu tvo vetur brugðið sér í gervi Námsmannsins sem fyrst sást í



Menntaskólanum í Reykjavík og svo úti í Oxford. Næsta vetur verður kappinn á slóðum heimspækninga í Aþenuborg og má búast við skemmtilegum auglýsingum eins og fyrir hjá Þorsteini. Hann er handritshöfundur og aðalleikarinn í auglýsingunum en leikstjóri er Reynir Lyngdal.

S annkölluð vinastemning ríkir nú á fréttastofu Sjónvarpsins því sumarstarfsmenn þar þekkjast margir frá fornu fari. Um er að ræða Helgu Arnardóttur, Guðfinn Sigurvinsson og Erlu Tryggvadóttur sem nýverið kom inn í Kastljósið.

Öll námu þau stjórn málafræði við Háskóla Íslands sem er greinilega góður undirbúningur fyrir starf á fréttastofum RÚV, enda þykja þau hafa staðið sig með mikilli þryði upp á síðkast-ið. - hdm

Af gefnu tilefni

Sagt var frá nokkrum nafntogudum gestum sem sóttu bandaríska sendiráðið heim á þessum stað í blaðinu í gær. Ef til vill var orðalag ekki nógu skýrt, sem bauð hættunni á mis-skilningi heim.

Sagt var frá því að Georg Lárusson hefði mætt í veisluna ásamt unnustu sinni. Éi beinu framhaldi kom nafn Súsönnu Svavarsdóttur en til að taka af öll tvímæli skal áréttað að hún er ekki unnusta Georgs.

Sálufélagar í Pípóla

Sigurbjörg Sæunn Guðmundsdóttir og Elín Vigdís Guðmundsdóttir hafa verið ráðnar sem stjórnendur þáttarinn Pípóla sem sýndur verður á sjónvarpsstöðinni Sirkus. Þær stóllur voru valdar úr hópi 400 umsækjenda.

„Pípóla er gamalt íslenskt orð og merkir að dansa, leika, spila, dekstra og svo framvegis,“ segir Sigurbjörg en nafnið gefur ákveðin fyrirheit um hvað þættirnir muni snúast um. „Við höfum mikið verið að spekulera í fólk og hvernig það hegðar sér við mismunandi aðstæðum. Við höfum reynt að setja okkur í spor annarra og ætlum í þættinum að setja okkur í ákveðin hlutverk til að vekja athygli á þeim hópi sem við tökum

fyrir hverju sinni. Við völdum mjög frumstæðar aðferðir við vinnslu þáttanna og munum leggja okkur mikið fram um að vera eins og sá hópur sem við erum að taka fyrir, bæði andlega og líkamlega. Að baki hverjum þætti liggur mikil rannsóknarvinna,“ segir Sigurbjörg.

Þær stóllur hafa ekki mikla reynslu af sjónvarpi. Þó hafa þær, að sögn Sigurbjargar, verið að troða sér í hina og þessa þætti og uppkömur að undanfögnu. „Við förum meðal annars í bakpokaferðalag til Suður-Ameríku og vorum að blogga um það á Sirkus. Þar lentum við í miklum ævintýrum,“ segir Sigurbjörg.

Þær Sigurbjörg og Elín hafa



ELÍN VIGDÍS OG SIGURBJÖRG SÆUNN Sigurbjörg er frá Eyjum en Elín hefur búið í hinum og þessum heimsálfum.

verið vinkonur í ein fimm ár og eru að eigin sögn sálufélagar. „Okkur líður eins og við höfum verið vinkonur alla eilífð,“ segir Sigurbjörg. Pípóla verður frumsýndur þann þrettánda júlí og verður sýndur á fimmtudögum klukkan 22.00.

Sumarið er komið til okkar...

...frábær verð!

**2 fyrir 1
á öllum
útsöluvörum.**

**2
FYRIR
1**

**Gildir:
Fös.
Lau.
Sun.**

**Þú borgar
bara fyrir
dýrara parið!**

HÖNNUN GREIND

Sumar 2006

Kringlan 568 6211

EURO SKO



BAKÞANKAR ÞORBJARGAR S. GUNNLAUGSDÓTTURS

Sumarfrí sem áróðurstæki

Fjölskyldur landsins hafa nú margar hverjar játað ósigur sinn og viðurkennt að sennilega komi bara alls ekkert sumar á Íslandi. Sólarlandaferðir seljast upp og út heldur landinn.

Í útlöndum notar kortaþjóðin peninga og skiptir yfir í evru og dollar. Hin hagsýna húsmóðir þarf að vera snögg í verslunum og á veitingastöðum og reikna með hraði hversu mikið kaupin kosta. Eða öllu heldur hversu mikill gróðinn er, því gegndarlaus eyðsla í útlöndum flokkast auðvitað undantekningalaust sem gróði. En það er ekki aðeins að verðlagið sé annað í útlöndinu. Gjaldmiðillinn er það líka. Og það gerir reiknaðæmin auðvitað flóknari og samanburð erfiðari. En heim kemur fólk meðvitað um að kvöldmaturinn sé dýrari heima en annars staðar. Þetta leiddi huga minn að því hvernig sænsk stjórnmöld reyndu að nýta sumarfrí Svía sem áróðurstæki í kosningum um upptöku evrunnar árið 2003.

SUMARFRÍÐ í Evrópu, þar sem evran var þá þegar orðin að veruleika, átti að fá almenning til þess að sjá og skynja hagræðið í því að taka upp myntina. Takmarkið var að fá almenning þannig til fylgis við evruna, en umræðan hafði miðast við hagsmuni atvinnulífsins, sem var nokkuð jákvætt fyrir.

KOSNINGARNAR fóru hins vegar svo að andstæðingar evrunnar höfðu betur eins og kunnugt er. En þær fóru auðvitað fram við mjög óvenjulegar og ómurlugar aðstæður - í skugga morðsins á Önnu Lindh, eins helsta talsmanns evrunnar. Málflutningur Önnu Lindh og röksemdafærsla var eins og hún sjálf. Sannfærandi og sterk. Hún lagði áherslu á að evran væri meðal annars tákni samstígra ríkja. Höfnun evru þýddi höfnun þess sem hún táknaði.

ÞULEGA er vísað til sérstöðu Íslands í umræðu um alþjóðamál. Önnur lögmál eiga að gilda um Íslendinga en um flestar aðrar þjóðir. En kannski erum við ekkert svo frábrugðin öðrum þjóðum. Kannski er almenningur í Evrópu að glíma við hliðstæð vandamál og Íslendingar í sínu daglega lífi, hvort sem það er lífsgæðakapphlaup eða samspil atvinnu- og fjölskyldulífs. Kannski erum við líkari en við höldum. Það kemur væntanlega að því að íslenska þjóðin þarf að taka afstöðu til grundvallarspurninga í alþjóðamálum. Þá verður að rökstyðja alla kosti, ekki aðeins þá að taka þátt. Það er ekki síður stórmál að ákveða að standa til hliðar.



Mallorca

Sígild og ljúf með einstæðri blöndu af heimsborg og frábæru strandlífi. Mallorca er staðurinn fyrir skemmtilegt frí með allri fjölskyldunni.

Royal Cristina ^{☆☆☆☆}

Playa de Palma

„Rollsinn“ á Mallorca með fyrsta flokks aðbúnaði innan jafntsem utan, skemmtidagskrá fyrir alla fjölskylduna og skottúr í borgarlífið í Palma.

Iris ^{☆☆☆}

Sa Coma

Vinsælasti gististaðurinn okkar fyrir stærri fjölskyldur. Stórar íbúðir og góður garður miðsvæðis í Sa Coma á austurströnd Mallorca.



Sumartilboð:

m.v. 2 með 2 börn í íbúð í viku, 18.-25. júlí

59.900 kr.*

*Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn.



Sumartilboð:

m.v. 2 með 2 börn í viku, 11.-18. júlí, smáhýsi með 2 svefnherbergjum

49.105 kr.*

*Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn.

**Stórmarkaður
í stofunni
heima**

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

Beint leiguflug
LOFTLEIÐIR ICELANDIC

Mallorca í beinu leiguflogi: 30.920 kr. í júlí báðar leiðir með flugvallarsköttum.



Nánari upplýsingar um ferðir ásamt
lýsingum á hótélum er að finna á www.urvalutsyn.is
Úrval-Útsýn, Lág múla 4: 585 4000 - Akureyri: 460 0600 - Vestmannaeyjum: 481 1450

